

SVEINN KJARTANSSON

Býður sjávarfang í frísklegum og bragðgóðum búningi

• matur • tíska • tilboð

allt | MIÐJU BLAÐSINS



SIRKUS

DILANA

Ekki ástæða þess að Magni og Eyrún hættu saman

Sirkus | MIÐJU BLAÐSINS



MAGNI ÁSGEIRSSON

Fékk ekki vegabréfsáritun til Bandaríkjanna

Aðdáendur hóta aðgerðum

FÓLK 50



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. janúar 2007 – 11. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI


Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Middleton andlitslyfting fyrir Buckingham

Ahugafólk á Íslandi um aðalsmenn binda miklar vonir við unnuustu Vilhjalms prins.

FÓLK 50



Talnabrellur Stefáns Ólafssonar

„Stefán þagnaði raunar snarlega, þegar bent var á, að Reykjavíkurborg hafði undir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur gengið hart fram í að skerða kjör þeirra, sem minnst mega sín.“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 26

Fær ekki Hobbitann

Deilur Peters Jackson og New Line Cinema ná nýjum hæðum.

KVIKMYNDIR 42


Hógvær harðjagl

Alexander Petersson er stoltur af því að spila fyrir íslenska landsliðið og vill lítið tala um eigið ágæti.


ÍPRÓTTIR 44



VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA ÉL - Í dag verður fremur stíf norðan- og norðvestan átt vestan til á landinu, annars hægari. Víða eljagangur en þó bjart með köflum suðaustan til. Frost 0-10 stig, kaldast til landsins.



Heyrnarlaus ungmenni misnotuð kynferðislega

Álíka margir heyrnarlausir drengir og stúlkur hafa verið beitt kynferðislegri misnotkun hér á landi. Um er að ræða að minnsta kosti 30 einstaklinga. Flest tilvikin áttu sér stað þegar börnin voru í grunnskóla.

KYNFERÐISBROT Svipaður fjöldi heyrnarskertra karla og kvenna hefur verið misnotaður kynferðislega í bernsku hér á landi, samkvæmt nýrri könnun sem Félag heyrnarlausra hefur látið gera, með stuðningi félagsmálaráðuneytisins. Að minnsta kosti 30 heyrnarlausir hér á landi hafa verið misnotaðir kynferðislega.

Spurningalisti var sendur til 160 heyrnarlausra. Um 56 prósent svöruðu og þriðjungur af þeim kvaðst hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Að sögn Berglindar Stefánsdóttur sem hefur haft umsjón með þessu verkefni var tilefni könnunarinnar tveir dómur sem gengið hafa vegna kynferðisbrota gegn heyrnarlausum. Í öðru tilvikinu var um að ræða starfsmann Vesturhlíðarskóla, sem varð uppvís að því að misnota fimm heyrnarlausar

stúlkur. Í síðara tilvikinu var um að ræða heyrnarlausan föður sem misnotað hafði börn sín. Fram kom þá að hann var sjálfur misnotaður kynferðislega á sínum yngri árum.

„Við vildum vita hversu stór hópur þessara þolenda væri þannig að við gætum brugðist rétt við. Við þyrftum til að mynda að hafa táknmálstalandi fólk til að taka á móti þeim,“ segir Berglind. „Mér þykir miður að sjá hversu hátt hlutfall þetta er innan hópsins. En þetta er staðreynd.“

Í ljósi niðurstaðnanna hefur Félag heyrnarlausra sett saman lista með tillögum um aðgerðir og lausnir, sem sendur hefur verið félagsmálaráðuneytinu. Svar hefur borist frá ráðuneytinu, þar sem segir að farið verði yfir hann og hann metinn með hliðsjón af því hvaða ráðuneyti aðgerðirnar geti heyr

undir. Spurð hvort um sé að ræða einhvern tiltekinn aldurshóp sem orðið hafi fyrir kynferðislegu ofbeldi segir Berglind að flest atvikin hafi átt sér stað þegar fólk var á grunnskólaaldri.

„Þetta gerist bæði í Vesturhlíðarskóla og gamla Heyrnleysingjaskólanum, í skólaumhverfinu,“ segir hún. „Frá 1980 er fyrst farið að nota táknmál. Fram að þeim tíma hafði það verið bannað. Mörg málanna komu upp fyrir þann tíma. Þessi hópur gat því ekki með neinu móti tjáð sig um það sem var að gerast.“

Spurð hvort gerendur hefðu verið heyrandi, heyrnarlausir, karlar eða konur, segir Berglind að heyrnarlausir hefðu líka verið gerendur.

jss@frettabladid.is



HÁSKÓLAHÁTIÐ Samningur stjórnvalda og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir var kynntur við tilfinningaþrungna athöfn í hátíðarsal Háskóla Íslands í gær. Fjöldi velunnara skólans fyllti hátíðarsalinn og eftir ávarp menntamálaráðherra stóðu gestir úr sætum með dynjandi lófataki sem seint ætlaði að linna. Var það mál margra sem viðstaddir voru að brotið væri blað í sögu skólans og þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisframlög til rannsókna og kennslu í Háskóla Íslands margfölduð:

Tímamót í íslenskri skólasögu

MENNTAMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu í gær samning til fimm ára um kennslu og rannsóknir við Háskóla Íslands. Með samningnum eru fjárframlög til skólans stóraukin og að sögn rektors er honum gert kleift að ná markmiði sínu um að verða einn af fremstu háskólum heims á næstu árum.

Samningurinn felur í sér að fjárveitingar ríkisins til rannsókna við Háskóla Íslands pre-

faldast á samningstímanum og hækka um 640 milljónir króna árlega á tímabilinu 2008-2011. Samtals nemur hækkingin tæpum þremur milljörðum króna á tímabilinu. Í langtímaáætlun um útgjöld ríkisins er jafnframt gert ráð fyrir að framlög til háskólastigsins aukist árlega um 3,5 prósent vegna fjölgunar nemenda. Á fjárlögum 2006 voru bein framlög til rannsókna við háskólann um 43 prósent af kennsluframlagi. Í lok samningstímans verður það hlutfall komið yfir 100 prósent.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir samninginn mjög mikilvægt skref fyrir HÍ og þjóðina sem heild og nú sé meira en raunhæfur möguleiki að skólinn komist í hóp þeirra bestu í heiminum.

Að sögn Kristínar Ingólfsdóttur rektors er háskólinn tilbúinn að takast á við ný verkefni á grundvelli samningsins. „Þessi samningur er algjör grundvöllur fyrir því að við getum farið þá leið sem býið er að varða.“

- shá / sjá síðu 8

Yfirvofandi söngleikjafar: Fjórir nýir söngleikir

MENNING Fimm íslenskir söngleikir eru í burðarliðnum í leikhúsum á höfuðborgarsvæðinu – þess utan er að hefjast tímabil skólasýninga í framhaldsskólunum. Það verður sungið í vetur, vor og fram á haust. Af þessum fimm eru fjórir nýir af nálinni: Grettir eftir Ólaf Hauk, Egil Ólafsson og Þórarinn Eldjárn er endurvakinn. Nýju verkin eru Hér og nú (Sokkabandið), Love (Vesturport og LR), Abbababb (Annað svið og Hafnarfjarðarleikhúsið) og Leg (Þjóðleikhúsið). Hafa aldrei verið svo margir nýir íslenskir söngleikir í boði á sama tíma.

- pbb / sjá síðu 40



Sigurður, hvað gera nördarnir nú?

„Þeir geta notað tækifærið næstu tíu daga til að fara í sturtu.“

Vegna viðgerða á CANTAT-3 sæstrengnum verður Háskóli Íslands, ásamt öðrum mennta- og rannsóknarstofnunum, nánast namsambandslaus við útlönd næstu tíu daga. Sigurður Örn Hilmarsson er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Guantánamo-fangabúðir:

Hörð mótmæli

MANNRÉTTINDI Íslandsdeild Amnesty International hélt fjölda fund á Lækjartorgi í gær til að mótmæla Guantánamo-fangabúðunum á Kúbu. Jóhanna K. Eyjólfssdóttir hélt tölu og minntist þeirra sem hafa þurft að dvelja í þessum illræmdu fangabúðum en á annað hundrað manns mættu til mótmæla. Appelsínugulur blöðrum var sleppt í loftið til að minna á lit búninganna sem fangarnir eru látnir klæðast í búðunum.

Mótmælendur sendu einnig bréf til forsætisráðherra, utanríkisráðherra, formanns utanríkisnefndar og þingflokksformanna og hvöttu til þess að Alþingi og ríkisstjórn fordæmdu fangabúðirnar opinberlega.

- kdk



MÓTMÆLI Fólk mótmælti Guantánamo-fangabúðunum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Málefni Byrgisins:

Rannsókn á Byrginu að ljúka

FÉLAGSMÁL Rannsókn Ríkisendurskoðunar á fjármálum Byrgisins lýkur fyrir mánudag að sögn Sigurðar Þórðarsonar ríkisendurskoðanda. Félagsmálaráðuneytið óskaði þess þann 16. nóvember. Greiðslur til Byrgisins voru stöðvaðar 29. desember að beiðni Ríkisendurskoðunar. Þá var búið að tilkynna ráðuneyti að fjárreiðum og reikningshaldi Byrgisins væri áfátt.

Lögreglan á Selfossi rannsakaar kærðu 24 ára konu á Guðmund Jónsson, forstöðumanni vegna meints kynferðisbrots og fjármálamisferlis.

- mh



VETUR KONUNGUR Færð spilltist og erfitt að komast leiðar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Pungfært víða um borg:
Á fimmta tug árekstra

SAMGÖNGUR Þungfært var á höfuðborgarsvæðinu í gær. Þegar haft var samband við lögreglu um klukkan átta í gærkvöldi höfðu 45 árekstrar verið tilkynntir á höfuðborgarsvæðinu. Engin slysurðu á fólk. Lögreglan segir umferð alls staðar um borgina hafa verið afar hæga. Slæmt skyggni og hálfka hafi verið helsta orsök árekstranna.

Um helgina á að hlýna og verður hiti við frostmark á höfuðborgarsvæðinu. Von er á því að það frysti aftur eftir helgi. - kdk

Ælupest að ganga:

Flensa ókomin

HEILBRIGÐISMÁL Flensan hefur enn ekki stungið sér niður, en læknar segja varla langt að bíða hennar, enda komi hún yfirleitt á þessum árstíma. Aðrar pestir herja þó á landsmenn þessa dagana. Björn Gunnlaugsson, heimilislæknir hjá heilsugæslunni Glæsibæ, segir að nú sé talsvert um veikindi þótt flensan láti ekki sjá sig. Nú sé til að mynda að ganga gubbapest sem geti verið óvenjulengi að ganga yfir.

- bj



FRÁ FUNDI NEFNDARINNAR Menntamálanefnd fundaði í gær um frumvarpið um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, RÚV ohf. Fulltrúar frá menntamála- og fjármálaráðuneyti komu á fundinn og gerðu grein fyrir samskiptum ESA við ráðuneytin.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ótækt að afhenda ekki ESA-gögnin fyrr

Formaður menntamálanefndar segir það ótækt að menntamálanefnd hafi ekki fengið afhent gögn um samskipti ESA og íslenskra yfirvalda. Nauðsynlegt að gefa mönnum rúm til þess að fara yfir gögnin, segir Össur Skarphéðinsson.

STJÓRN MÁL Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis, telur það ótækt að menntamála- og fjármálaráðuneyti hafi ekki gert menntamálanefndinni grein fyrir samskiptum eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, við ráðuneytin frá því í janúar í fyrra.

„Fulltrúar frá ráðuneytinum svöruðu því til að gögnin hefðu ekki borist til nefndarinnar vegna þess að eftir þeim hafi ekki verið óskað. Ég er ekki ánægður með þau svör,“ sagði Sigurður og ítrekaði að hann ætlaði að ræða málið við ráðherra. „Ég lít þannig á að þegar þingjið er með lagafrumvarp til meðferðar þá eigi nefndir ekki að þurfa að óska eftir samskiptagögnum úr stjórnkerfinu á öllum tímum. Ég hef þá skoðun að nefndin eigi að fá öll gögnin sem til staðar eru til umfjöllunar. Það er ótækt og óásættanlegt að þetta starfslag hafi verið viðhætt. Ég ætla mér að ræða þetta mál frekar við ráðherrana [Árna Mathiesen og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur].“

Eftir að Fréttablaðið greindi frá því 5. janúar síðastliðinn að fjármálaráðuneytið hefði neitað blaðinu um gögn um samskipti ESA og ráðuneytisins vegna frumvarps um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins sendi Mördur Árnason, fulltrúi Samfylkingarinnar í menntamálanefnd, bréf til Sigurðar Kára með ósk um að fá gögnin afhent sem Fréttablaðinu var neitað um að fá. Sú niðurstaða, að neita blaðinu um gögnin, hefur verið kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Gögnin voru afhent á miðvikudagskvöld og um þau fjallað á fundi í gær. Á fundinn komu lögmenn frá fjármála- og menntamálaráðuneytinu og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu. Gerðu þeir grein fyrir samskiptunum og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna, Össur Skarphéðinsson, Ögmundur Jónasson og Magnús

Þór Hafsteinsson, sendu Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, í gær bréf með ósk um að fundi menntamálanefndar verði frestað, en hann fer fram í dag. Í bréfinu er meirihlutinn í nefndinni meðal annars sakaður um „forkastanleg og ómálafnægleg vinnubrögð“, fyrir að gefa nefndarmönnum ekki rúm til þess að fara yfir samskipti ESA við íslensk stjórnvöld.

„Það komu fram ný gögn í málinu eftir að Fréttablaðið upplýsti um bréfaskriftir milli ESA og fjármálaráðuneytisins sem þingmenn stjórnarandstöðunnar óskuðu eftir að fá í hendur sama dag og frétt þess efnis birtist. Þetta eru ný þverhandarþykk bréf og við teljum að það sé óhjákvæmilegt annað en að þingmenn fái rúm til þess að skoða þessi gögn og rannsaka með sérfræðingum,“ sagði Össur.

Ekki náðist í Árna Mathiesen og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

magnush@frettabladid.is

Hafrannsóknastofnunin:

Kvóti gefinn út

SJÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegráðuneytið ákvað í gær, að tillögu Hafrannsóknastofnunar, að leyfilegur upphafskvóti á loðnu verði 180 þúsund lestir. Af þessum heildarafla koma rúmar 143 þúsund lestir í hlut íslenskra skipa.

Verð á loðnumjöli og lýsi er í sögulegu hámarki um þessar mundir og einnig er markaður fyrir frysta loðnu göður.

- shá



HLÍÐARFJALL Nægur snjór í fjallinu.

Góð færð á skíðasvæðum:

Stefnir í metár fyrir norðan

AFPREYING „Það stefnir allt í að við náum metvetri í opnunartímum í ár,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli á Akureyri, en svæðið þar hefur verið opið í fjórúti daga í ár en metopnun er 134 dagar. Hann segir stöðuna afar góða í fjallinu og mikill snjór.

Svipaðar upplýsingar fengust frá skíðasvæðinu á Ísafirði og Seyðisfirði.

Friðjón Árnason, rekstrarstjóri skíðasvæðisins á höfuðborgarsvæðinu, var ekki alveg eins ánægður en sagði að stutt væri í að Bláfjöll og Skálafell yrðu opnuð. „Það vantar enn smá herlumun,“ segir Friðjón sem vonast til þess að geta opnað á næstu dögum.

- kdk

Ögmundur Jónasson segir ráðuneyti hafa vísvitandi haldið að sér gögnum:

Leyndu gögnum fyrir Alþingi

STJÓRN MÁL „Það er grafalvarlegt mál ef gögnum var vísvitandi haldið leyndum fyrir Alþingi eins og útlit er fyrir að hafi gerst,“ sagði Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna, eftir fund menntamálanefndar í gær.

Hann segir það einkennilegt að menntamálanefnd hafi ekki verið upplýst um samskipti Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, við ráðuneyti um frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. „Það er nauðsynlegt að fara ofan í saumana á þessu máli því það á ekki að geta gerst að gögnum, sem í fljótu bragði virðast mikilvægt innlegg í umræðu um málefni RÚV, sé haldið leyndum. Ráðherrar bera á þessu ábyrgð og þeir þurfa að útskýra þetta.“

Sigurður Kári Kristjánsson,



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON Stjóri fundi menntamálanefndar í dag.



ÖGMUNDUR JÓNASSON Krefst útskýringa frá ráðherrum.

formaður nefndarinnar, telur efnisatriði bréfnanna ný ekki gefa tilfni til þess að gera efnislegar breytingar á frumvarpinu. „Það er samstaða meðal fulltrúa meirihlutans í nefndinni um frumvarpið eins og það er nú og sú samstaða stendur alveg óhögguð þrátt fyrir að þessi gögn hafi komið fram. Ég lít svo á að efnisatriði þessara

gagna gefi ekki tilefni til þess að fjalla sérstaklega meira um þau en við höfum nú þegar gert.“

Í bréfunum ný er fjallað um álitaefni sem íslensk stjórnvöld þurfa að hafa í huga, að mati ESA. Sérstaklega er fjallað um alþjóðlegar ríkisstyrkjareglur, samkeppnislög og starfskilyrði sem taka þarf tillit til.

- mh

BÍLL DAGSINS

SAAB 9-3

Nýskr. 01.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð 2.890.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.



Guðrún, leikskólakennari, getur ekki lengur unnið við sitt fyrra starf en endurhæfing á Reykjalundi hefur þó gert henni kleift að sjá um sig sjálf og njóta samverustunda með ömmubörnum sínum.

takk

fyrir að gefa mér aftur færni til að sjá um mig sjálf

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll. Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

Það er auðvelt að fá sér **happanúmer**

Hringdu í síma **552 2150** eða kaupðu á vefnum www.sibs.is

Drögum í dag

Yfir hálfur **milljarður** í pottinum 2007

Honda CR-V
lúxusútgáfa í janúar

60 Honda Jazz
á árinu



HAPPDRAETTI



...fyrir lífið sjálft



22.911 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1000 kr.

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	72,21	72,55
Sterlingspund	140,00	140,68
Evra	93,61	94,13
Dönsk króna	12,556	12,630
Norsk króna	11,235	11,301
Sænsk króna	10,262	10,322
Japanskt jen	0,5996	0,6032
<hr/>		
SDR	107,65	108,29
<hr/>		
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	128,5989	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Úrsögn sjómannafélags úr sjómannasambandi jafngildir ekki úrsögn úr ASÍ:

Greiða atkvæði um úrsögnina

FÉLAGSMÁL Félagsmenn í Sjómannafélagi Íslands hófu í gær atkvæðagreiðslu um úrsögn úr Sjómannasambandi Íslands, og verða úrslitin ljós þegar atkvæðagreiðslu lýkur klukkan 18 í kvöld, föstudag. Úrsögnin jafngildir þó ekki úrsögn úr Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), heldur þarf að boða annað fund til að greiða atkvæði um þá úrsögn sérstaklega.

Miðstjórn ASÍ hefur vakið á því athygli að úrsögn Sjómannafélags Íslands úr Sjómannasambandi Íslands, sem er aðildarfélag að ASÍ, dugi ekki ein og sér til að Sjómannafélagið gangi úr ASÍ. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri



ÚRSÖGN Sjómenn í Sjómannafélagi Íslands ganga nú til atkvæða um úrsögn úr Sjómannasambandi Íslands.

ASÍ, segir að strangari ákvæði séu í lögum ASÍ um úrsögn heldur en hjá einstökum aðildarfélögum.

Gylfi segir að til að ganga úr ASÍ þurfi að greiða um það atkvæði sérstaklega. Við boðun

fundar þar sem slík atkvæðagreiðsla eigi að fara fram þurfi að geta þess sérstaklega í fundarboði, þó atkvæðagreiðsla megi fara fram meðfram annarri atkvæðagreiðslu.

Birgir Hólm Björgvinsson, framkvæmdastjóri Sjómannafélags Ísland, segir að lögfræðingur félagsins hafi talið úrsögn úr Sjómannasambandinu fela í sér úrsögn úr ASÍ. Nú hafi lögfræðingur ASÍ komist að annarri niðurstöðu, og eftir henni verði farið. Hann segir að boðaður verði fundur þar sem ganga eigi til atkvæða um úrsögn úr ASÍ sérstaklega mánudaginn 22. janúar.

Höfuðborgarsvæðið: Veskiþjófur staðinn að verki

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri var á miðvikudag staðinn að verki í opinberri stofnun í miðborg Reykjavíkur þar sem hann reyndi að stela veski.

Hann var handtekinn og í kjölfarið færður á lögreglustöð. Þá stakk ökumaður af án þess að greiða fyrir bensín sem hann dældi á bíl sinn í austurborginni og hið sama gerði annar ökumaður í Grafarvogi.

Þrjátíu og tvö umferðarhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar og fimmtán ökumenn teknir í umdæminu fyrir of hraðan akstur.



TÓNLISTARHÖLLIN Tekin í notkun 2009.

Tónlistar- og ráðstefnuhöll:

Fyrsta steypan í mótin í dag

BYGGINGAR Fyrstu steypunni verður rennt í mót Tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfnina í dag ef veður leyfir. Fulltrúar Eignarhaldsfélagsins Portus hf. sem stendur að byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhússins við Austurhöfnina og fulltrúar ríkis og Reykjavíkurborgar mun stýra verkinu sem hefst klukkan þrjú að því er segir í fréttatilkynningu.

Áætlað er að húsið verði tekið í notkun á fyrsta ársfjórðungi 2009. Samanlagt verða tónlistarhúsið og ráðstefnumiðstöðvarnar um 15 þúsund fermetrar.

Framsókn í Norðvestur:

Gert ráð fyrir Kristni í 3. sæti

STJÓRNMÁL Kjörnefnd Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi mun gera tillögu um að Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður skipi þriðja sætið á lista flokksins í kjördæminu. Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður nefndarinnar, sagðist í samtali við Fréttablaðið vinna út frá niðurstöðum prófkjörsins í nóvember en í því hafnaði Kristinn í þriðja sæti, á eftir Magnúsi Stefánssyni félagsmálaráðherra og Herdísi Sæmundardóttur.

Sjálfur segir Kristinn ekkert um áform sín; hvort hann hyggist taka þriðja sætinu eður ei. Tillaga kjörnefndar að listanum verður lögð fram á kjördæmisþingi á Reykjum í Hrutafirði laugardaginn 20. janúar.

Ortega snýr aftur til valda

Enn ein vinstrikempan bættist í hóp þjóðarleiðtoga í Mið- og Suður-Ameríku á þriðjudag þegar Daniel Ortega tók við forsetambætti í Níkaragva. Hugo Chavez og Evo Morales mættu til að fagna.

NÍKARAGÚA, AP Gamli byltingarmaðurinn Daniel Ortega sneri aftur til valda í Níkaragva á þriðjudaginn þegar hann tók þar við forsetaembættinu. Ortega var forseti Sandiníastjórnarinnar í Níkaragva á árunum 1985 til 1990 og mætti þá harðri andstöðu frá Bandaríkjamönnum, sem studdu baráttu hægrisinnætra skæruliða gegn stjórn hans.

Fyrr um daginn sór einnig Hugo Chavez embættiseið í Venesúela, en hann er að hefja nýtt sex ára kjörtímabil á forsetastólnum. „Sósíalismi eða dauði“, hrópaði Chavez við embættistöku sína, en strax að athöfn lokinni flaug hann til Níkaragva til að samfagna Ortega.

Chavez færði Ortega gullna eftirlíkingu af sverði byltingarhetjunnar Símons Bólívar og sagði hjarta sitt vera „yfirfullt af gleði“.

Viðstaddir athöfnina í Níkaragva voru einnig þeir Evo Morales, forseti Bólívíu, og Jose Ramon Machado Ventura frá Kúbu, en sökum bágrar heilsu Fidels Kast-ró komst hann ekki sjálfur.

Morales fagnaði því sérstaklega að fá Ortega í hóp vinstri-sinnætra þjóðarleiðtoga í Suður- og Mið-Ameríku. „Við erum með þrjú, fjóra, fimm stjórnendur sem munu frelsa Rómönsku Ameríku“, sagði Morales.

Vaxandi vínátta milli Chavez og Ortega var augljós og strax samdægurs undirrituðu þeir samninga um náð samstarf á ýmsum sviðum. Chavez hyggst veita óspart af olíuauði Venesúela til þess að hjálpa Níkaragvabúum, en fátækt er þar töluverð.

Sjálfur hefur Chavez einnig heitið því að ganga enn lengra í róttækum þjóðfélagsbreytingum heima fyrir í Venesúela. Meðal annars ætlar hann þjóðnýta orku-

og fjarskiptafyrirtæki og hyggst enn fremur fá þingið til að samþykkja aukin völd sér til handa svo hann geti sett ýmis „byltingarlög“ með tilskipun.

Chavez nýtur mikilla vinsælda í landi sínu en hefur jafnan verið Bandaríkjustjórn þyrnir í augum, rétt eins og Ortega í Níkaragva.

Ortega, sem er orðinn 61 árs, spjallaði þó lengi við Michael Leavitt, heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, sem var fulltrúi Bandaríkjustjórnar við embættistökuathöfnina.

VINIRNIR ORTEGA OG CHAVEZ „Hjarta mitt er yfirfullt af gleði“, sagði Hugo Chavez þegar hann fylgdist með embættistöku Daniels Ortega í Níkaragva.



DÆMDUR FORSETI Í VEISLUNNI

Pétur Steinsen nemi er búsettur í Níkaragva og fylgdist vel með embættistöku Ortega. Hann segir mikla öryggis-gæslu, steikjandi hita, spilltan stjórnáramann og sigurvímu vinstrianna hafa sett svip sinn á hátíðahöldin.

„Það er óhætt að segja að stemningin hafi verið þétt og góð. Fimmtán þúsund lögreglumenn og fimm þúsund hermenn gættu um 300.000 manns við athöfnina. Fólkíð flykkist úr öllum áttum að torginu þar sem athöfnin fór



FAGNADARFUNDIR Pétur hitti Ortega á kosningafundi.

fram. Það var ansi heitt og þetta blessaða fólk neyddist til að röla tuggþúsundum saman í steikjandi sól og bíða svo á torginu eftir að athöfnin byrjaði.“

Eftirminnilegt var að sjá Arnoldo Alemán í veislunni, segir Pétur, en Alemán var dæmdur í tuttugu ára fangelsi árið 2003 fyrir spillingu í starfi. „Það er farið að tala um það sem skandal aldarinnar að Arnoldo Alemán, fyrrverandi forseti og dæmdur glæpamaður, hafi verið við athöfnina og síðan í þinghúsinu á eftir þar sem erlendir gestir og blaðamenn hittust. Hér vill auðvitað enginn kannast við að hafa boðið honum, þar sem hann er í stofufangelsi, en hann hefur sennilega fengið tímabundið ferðafrelsi.“

Þetta var vandræðalegt því hér voru erlendir gestir frá 150 löndum og það þykir skammarlegt að Alemán, sem átti upphaflega að vera kennslubókardæmi um nýja tíma í baráttunni gegn spillingu, sé svo eins og eitthvert fyrirmenni í opinberum forsetaveislum.“

Pétur segir erlendu gestina hafa vakið athygli og spurningar: „Það hefur verið bent á að við embættistöku vantaði eiginlega jafnaðarmennina og þeir róttækustu voru mest sjánlegir. Þetta var ofsalega mikið rautt. Erlendu gestirnir hafa orðið „þjóðnýtingu“ mjög framarlega á tungubroddinum í ræðum sínum, en Ortega sjálfur fór finna í það.“

Opið hús

Laugardaginn 13. janúar frá 13 -16

Stuttar kynningar á öllum námskeiðum skólans á hálf tíma fresti.

10 heppnir gestir fá gjafabréf að verðmæti 25.000.-

ntv.is

Hlíðasmára 9 - 201 Kópavogur - Sími 544 4500

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

URKOMULIÐ Á SUDAUSTUR-LANDI

Það er nokkur lægðagangur við landið og því víða úrkomusamt. Og hitinn ber ekki uppi neina rigningu heldur fellur þetta allt sem snjór. Ofankoma sem fellur í allnokkru frosti er mjög létt í sér og því má lítið hreyfa vind til að allt fjúki til. Vindurinn í dag verður fyrst og fremst með morgninum og þá sunnan og vestan til og því gæti orðið skafrenningur þar.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG

Vestan og suðvestan 5-10 m/s. Eljagangur. Frost 2-5 stig.

um hádegi »

» á morgun

5-13 m/s, stífur á Vestfjörðum.

» sunnudagur

5-10 m/s.

Kaupmannahöfn	8°C skúrir	London	14°C skúrir	Alicante	19°C heiðskirt
Þórshöfn	3°C hálfskýjað	Paris	13°C skúrir	Mallorca	14°C rigning
Ósló	2°C alskýjað	Frankfurt	11°C skúrir	Algarve	15°C heiðskirt
Stokkhólmur	5°C hálfskýjað	Friedrichshafen	7°C skúrir	Krit	17°C hálfskýjað
Gautaborg	9°C skúrir	Berlin	9°C skúrir	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Landslið matreiðslumeistara

SINNEPSMARINERAÐAR KJÚKLINGALUNDIR

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

800 g kjúklingalundir
100 g grófkorna sinnep
50 g dijon sinnep
25 g whisky BBQ sósa
25 g ólífuolía
salt og pipar
grillpinnar

Hrærið saman grófkorna sinnepi, dijon sinnepi, BBQ-sósu og ólífu-olíu og marinerið kjúklingalundirnar í blöndunni í 2–3 klst. Præðið kjúklingalundirnar á grillpinna og kryddið með salti og pipar. Grillið lundirnar í 3–4 mín. á hvorri hlið þar til þær eru gegnum steiktar. Með þessum rétti er gott að bera fram kús kús, grillaða kirsuberjatómata og agúrkusalat með hreinni jógúrt.



30%
afsláttur við
kassa



Ferskar
kjúklingalundir

TILBOÐ
1.718 kr/kg
Merkt verð 2.455,-



35%
afsláttur við
kassa

Kjúklingalæri
með legg

TILBOÐ
420 kr/kg
Merkt verð 645,-



Lambalæri
frosið

TILBOÐ
889 kr/kg
Verð áður 1.499,-

Úr nægtaþranni
náttúrunnar

Ótrúlegt úrval af
baunum, hnetum
og kornmeti.



20%
afsláttur við
kassa

Heilsa gula línana



20%
afsláttur við
kassa

Lýsi vítamín
- heilsutvenna og sportþrenna



20%
afsláttur við
kassa

Biomega vítamín
- í miklu úrvali

Gildir til 14. janúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



Átt þú iPod tónlistarspilara?

Já	33%
Nei	66%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú borðað hvalkjöt?

Segðu skoðun þína á visir.is



Tekjuskattur fjármálafyrirtækja um 38 prósent af tekjuskatti íslenskra fyrirtækja:

Álögur aukist um 134 prósent

EFNAHAGSMÁL Álagður tekjuskattur á fjármálafyrirtæki hefur margfaldast á síðastliðnum árum, og er í dag um 38 prósent af tekjuskattsálögum íslenskra fyrirtækja. Árið 2004 var hlutfallið um 15 prósent.

Alls var álagður tekjuskattur á fyrirtæki 34,7 milljarðar króna á síðasta ári, samkvæmt samantekt ríkisskattstjóra, sem vitnað er til á vef Samtaka atvinnulífsins. Árið 2005 numu álögurnar um 23,8 milljörðum króna, og hafa álögurnar því aukist um 45,8 prósent milli ára, í hlutfalli við tekjur fyrirtækjanna.

Álagður tekjuskattur á fjármálafyrirtæki og váttryggingarfyrirtæki var alls um 13 milljarðar króna á síðasta ári, samanborið við 5,6 milljarða árið áður, og 2,1 milljarð árið 2004. Aukningin milli ára 2005 og 2006 er um 134 prósent.

Sá flokkur fyrirtækja sem mestar álögur bar utan við fjármálastarfseminna er flokkur sem inniheldur



TEKJUSKATTUR Álagður tekjuskattur á fyrirtæki á síðasta ári nam 34,7 milljörðum króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

meðal annars fasteignaviðskipti, leigustarfsemi, starfsemi tengda tölvum, og starfsemi lögfræðinga. Álögurnar á þennan hóp fyrirtækja voru um 6,1 milljarður á síðasta ári, og höfðu aukist um 16 prósent frá árinu áður.

- bj

Aldrei fleiri ferðalangar:

Prettán prósent fleiri ferðamenn

FERÐIR Erlendum ferðamönnum sem komu hingað til lands fjölgaði um þrettán prósent á milli ára, samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu.

Alls komu rúmlega 422 þúsund erlendir ferðalangar til landsins í fyrra. Þeir hafa aldrei verið fleiri á einu ári.

Bretar voru fjölmennastir þeirra sem komu hingað á seinasta ári, eða sextán prósent af öllum erlendum ferðamönnum.

Bandaríkjamenn koma næstir, en þeir voru rúm þrettán prósent erlendra ferðalanga sem komu til Íslands í fyrra.

- sps

Bjuggu í manngerðum helli:

Hætt komin vegna reyks

SVÍPÍÓÐ Þegar sex manna fjölskylda gat ekki búið lengur inni á ættingjum og vinum hvarf hún bókstaflega ofan í jörðina.

Fjölskyldan bjó í manngerðum helli og eldaði þar matinn sinn yfir eldi.

Fjölskyldan fannst fyrir tilviljun og var þegar í stað flutt á sjúkrahús vegna reykeitrunar. Þetta kemur fram í Svenska Dagbladet.

Fjölskyldan er ekki lengur í hættu og mega börnin fara heim strax og félagsþjónustan hefur fundið húsnæði fyrir fjölskylduna. Mamman er hinsvegar þunguð og þarf sérstaka meðhöndlun vegna fóstursins. Þau voru öll hætt komin. Pabbinn var hins vegar þegar á sjúkrahúsinu vegna annars þegar fjölskyldan var flutt þangað.

- ghs



HANDABAND Søren Gade, varnarmálaráðherra Danmerkur, þakkar björgun.

Gæslunni afhent viðurkenning:

Þakka björgun

VIÐURKENNING Søren Gade, varnarmálaráðherra Danmerkur, afhenti í gærmorgun starfsmönnum Landhelgisgæslunnar sem tóku þátt í björgun sjómanna af danska varðskipinu Triton hinn 19. desember síðastliðinn heiðursviðurkenningu.

Sjö skipverjum var bjargað eftir að bát þeirra hvolfði. Einn skipverjanna drukknaði.

„Þetta er mikill heiður fyrir okkur, enda æðsta viðurkenning danska hersins“ segir Georg Lárússon, forstjóri LHG.

- sps



FYLGST MEÐ ÆFINGU Ráðherrarnir Björn Bjarnason og Søren Gade fylgjast með sameiginlegri æfingu Landhelgisgæslunnar og áhafnar danska varðskipins Triton í Reykjavíkurhöfn í gær, eftir undirritun nýja samningsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gæslusamstarf eft

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og danski varnarmálaráðherrann Søren Gade undirrituðu í gær samkomulag um eft samstarf Landhelgisgæslunnar og dönsku strandgæslunnar. Áherslan beinist ekki síst að viðbúnaði gegn mengunarslysum.

ÖRYGGISMÁL Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, og Søren Gade Jensen, varnarmálaráðherra Danmerkur, undirrituðu í gær samkomulag um eft samstarf Landhelgisgæslunnar og danska flotans. Að sögn Björns er samkomulagið fyrst og fremst pólitísk viljayfirlýsing um að „þróa hið góða samstarf áfram og að vikka það út“.

Undirritunin fór fram um borð í danska varðskipinu Triton í Reykjavíkurhöfn. Áður hafði danski ráðherrann fært þylrusveit Landhelgisgæslunnar heiðursviðurkenningu fyrir björgun skipverjanna af Triton sem fóru í sjóinnviðstrandstaðflutningaskipsins Wilson Muuga við Reykjanes 19. desember síðastliðinn. Søren Gade sagðist mjög ánægður og stoltur yfir að hafa með undirritun samkomulagsins staðfest það góða samstarf sem Íslendingar og

Danir ættu með sér á þessu sviði og viljann til að þróa það áfram og efla.

Gade sagði atvikið í desember „sýna svo ekki verði um villst, hve mikilvægt samstarfið er milli Íslands og Danmerkur, enda hafa báðar þjóðir ríkulegra hagsmuna að gæta á þessu svæði“ þar sem veður eru válynd og aðstæður til leitar og björgunar oft erfiðar, ef slys ber að höndum.

Báðir ráðherrarnir vöktu athygli á því að umferð stórra skipa væri sívaxandi um hafsvæðið milli Grænlands, Íslands og Færeyja, bæði siglingar skemmtiferðaskipa með allt að 5.000 menn um borð, og risavaxinna olíu- og gasflutningaskipa sem flytja hættulegan farm frá nýju vinnsluvæðunum í Barentshafi. Því sé viðbúnaður gegn mengunarslysum mjög mikilvægt atriði sem hið efla gæslusamstarf beindist ekki síst að.

Björn lét þess ennfremur getið, að forsendur væru ekki fyrir hendi til að gera sambærilegt samkomulag við aðrar þjóðir en Dani, þar sem engin önnur þjóð héldi úti viðlíka viðbúnaði á þessu hafsvæði, sem varðskipið Triton væri gott dæmi um. „En að sjálfsögðu erum við fúsir til að eiga samstarf við aðrar þjóðir og það hefur meðal annars verið talað um að við gerðumst aðilar að þríliða samningi Breta, Bandaríkjamanna og Kanadamanna um öryggismál á Norður-Atlantshafi“, sagði Björn og bætti við að þetta myndi eflaust bera á góma í þeim viðræðum sem framundan væru við Breta og Kanadamenn. Íslenska embættismannafndin, sem þegar hefur hafið viðræður um eftl varnarsamstarf við Norðmenn og Dani, heldur til Lundúna í næstu viku í þessum erindagjörðum.

audunn@frettabladid.is

Danski varnarmálaráðherrann um hugsanlegt aukið varnarsamstarf:

Áhugi á flugheræfingum hér

VARNARMÁL Auk þess efla samstarfs um eftirlit, leit og björgun, sem kveðið er á um í nýja samkomulaginu, staðfesti Søren Gade í samtali við Fréttablaðið að Danir hefðu áhuga á því að nýta hina „frábæru“ aðstöðu sem fyrir hendi væri á Keflavíkurflugvelli til að stunda þaðan flugheræfingar.

„Danski flugherinn er jú með F-16-þotur sem þurfa stöðugt að fljúga og stunda æfingar“, segir Gade, og þótt þessar þotur séu mjög fjölbær og öflug tæki geti þær ekki lent á þeim litlu flugvöllum sem eru á Grænlandi og í Færeyjum. Það geti því verið



SØREN GADE JENSEN Varnarmálaráðherra Danmerkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

eftirsóknarvert fyrir flugmenn danska flughersins að spreyta sig á æfingaflugi við íslenskar aðstæður.

„Burtséð frá því að hér er ekki lengur bandarískur herafla með fasta viðveru

tel ég sjálfsagt að aðrir bandamenn Íslendinga í NATO sýni vilja sinn, getu og skuldbindingu til að verja Ísland, en einmitt það

geta þeir gert með því að senda herþotur sínar til æfinga hér á landi, samkvæmt samkomulagi við íslensk stjórnvöld“, segir Gade.

Gade telur aftur á móti minni líkur á að NATO telji þörf á stöðugu lofthelgiseftirliti hér eins og bandalagið annast í Eystrasaltslöndunum.

Ráðherrann segir Íslendinga njóta góðs orðstírs innan NATO fyrir framlag sitt til friðargæsluverkefna, og hann geti vel hugsað sér að Danir ættu nánara samstarf við Íslendinga um þátttöku í slíkum verkefnum í framtíðinni.

- aa



Parftu stærri bíl?

Hjá Lýsingu bjóðum við þér hentuga lausn til þess að eignast draumbílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílálán // Einkaleiga

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

ÞÚ BEISLAR ORKUNA



ISLENSKA SJÁLIS ICE 35070 0107

Þú öðlast nýjan kraft í Lexus RX350. Afkastamikil vél og háþróaður tæknibúnaður vinna gegn þyngdarafllinu og gera þér kleift að sækja fram hvort sem er á athafnavegum borgarinnar eða á ævintýraslóðum utan við byggð. RX350 er lúxussportjeppi þar sem þú kemst næst því að kynnast sömu fullkomnun og auðkennir listamiði náttúrunnar.

Komdu og gefðu Lexus RX350 færi á að uppfylla ytrustu kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Við vitum hver niðurstaðan verður. Hún kemur þér ef til vill á óvart en hún kemur okkur ekki á óvart. Lexus RX350 er smíðaður í þeim tilgangi að uppfylla óskir þeirra sem gera kröfur til sjálfs sín og kröfur til annarra. Þess vegna verður niðurstaðan gagnkvæm virðing milli þín og Lexus RX350.

Verð frá: 5.890.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

 **LEXUS**
The pursuit of perfection

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir varnarmálaráðherra Danmerkur?
2. Hvað heitir sæstrengurinn sem bilaði fyrir jóla og hefja á viðgerð á í dag?
3. Hvað heita Íslandsmeistarar para í keilu?

SVÖRIN ERU Á Síðu 50

RHnet verður ekki án sambands við útlönd á meðan gert er við CANTAT-3:

Samkomulag um varasamband

FJARSKIPTI Rannsókn- og háskólanet Íslands, eða RHnet, sem annast netsamband Háskóla Íslands, Landspítalans og fleiri stofnana hefur náð samkomulagi við Vodafone um varasamband við útlönd á meðan viðgerðir standa yfir á CANTAT-3 sæstrengnum. Samningaumleitunir við Símann standa einnig yfir.

Varasambandinu verður skipt á milli þeirra stofnana sem þurfa mest á útlandasambandi að halda, enda langt í frá jafn mikil bandvið og er til staðar þegar CANTAT er í lagi.

Ekki er komið á hreint hvaða stofnanir það eru en skrifað verður undir samninga í dag. Jón Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri RHnet, segir ljóst að einhver hluti tengingarinnar verði eyrnamerktur Landspítalanum svo að starfsemi hans raskist sem allra minnst.

CANTAT er annar af tveimur sæstrengjum sem tengja Ísland við umheiminn, hinn heitir FAR-ICE-1.

CANTAT bilaði 16. desember sl., um 1.500 kílómetra vestur af landinu. Viðgerðaskipið Pacific Guardian verður komið á bilunarstað á laugardag, og vonast er til þess að viðgerðum ljúki 22. janúar.

- sps



HÁSKÓLI ÍSLANDS Meðal stofnana sem reidda sig á RHnet til að tengjast umheiminum er Háskóli Íslands.

Akureyrarkirkja vinsæl:

Tíu þúsund kirkjugestir

KIRKJA Óvenjumikið fjölmenni heimsótti Akureyrarkirkju í desember. Þetta kemur fram á heimasíðu kirkjunnar. Hátt á fjórða þúsund manns tók þátt í hefðbundnu helgihaldi kirkjunnar á aðventu og um jóla en við skírnir, hjónavígslur og útfarir mættu ríflega 2500 manns.

Við þetta bætast svo heimssóknir leik- og grunnskól barna sem í mánuðinum voru alls um 700. Að samverum Safnaðarheimilisins meðtöldum má segja að um tíu þúsund manns hafi heimsótt kirkjuna í desember sem þykir afar góð kirkjusókn.

- íah



FLUGVÉL FLUGMÁLASTJÓRNAR Átta manns voru í vélinni þegar slysið var.

Flugvél Flugstoða:

Hlektist á í flugtaki

SAMGÖNGUMÁL Engan sakaði þegar flugvél Flugstoða rann út af flugbraut á Reykjavíkflugvelli í dag. Samkvæmt lögreglu voru átta manns í vélinni þegar slysið varð, sex farþegar, flugmaður og flugstjóri. Vélín er af gerðinni Beechcraft King Air 200 og var hún á leiðinni til Akureyrar.

Flugvélin var í flugtaki þegar slysið varð. Ekki liggur fyrir hvaða skemmdir urðu á flugvélinni en eins og sést á myndinni hér þá er dekk vélarinnar skemmt. Rannsóknarnefnd flugslýsa vinnur að rannsókn málsins.

- kdk

Afsagnir kirkjunnar manna:

Þjóðarkreppa

PÓLLAND, AP Að mati forsætisráðherra Póllands stendur landið frammi fyrir „þjóðarkreppu“ eftir að nýskipið erkibiskup sagði af sér í kjölfar þess að hafa viðurkennt að hafa sýnt öryggislogreglu kommúnistastjórnarinnar samstarfsvilja á sínum tíma.

Pólverja setti hljóða er Stanislaw Wielgus sagði af sér á sunnudag, er til stóð að ljúka vígslu hans í erkibiskupssembættið í messu í Varsjá. Annar kunnur kirkjunnar maður, sóknarprestur dómkirkjunnar í Kraká, ákvað einnig á mánudag að hverfa úr embætti af svipuðum orsökum. - aa

MENTAMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu í gær samning til fimm ára um kennslu og rannsóknir við Háskóla Íslands. Felur samningurinn í sér að fjárveitingar ríkisins til rannsókna þrefaldast á samningstímanum og aukast framlög til kennslu um 75 prósent samanborið við framlög á fjárlögum árið 2006. Rannsóknafamlög til Háskóla Íslands hækka með samningnum um 640 milljónir árlega á tímabilinu 2008 til 2011 eða um tæpa þrjú milljarða í lok samningstímabilsins.

Í samningnum er meðal annars stefnt að því að stórefla rannsóknatengt framhaldsnám við Háskólann með því að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora og tvöfalda fjölda brautskráðra meistaranema á samningstímabilinu. Framboð námskeiða í framhaldsnámi verður aukid, meðal annars með auknu samstarfi við erlenda háskóla. Fjölgja á birtingnum vísindagreinna kennara við Háskóla Íslands í virtum, alþjóðlegum, ritryndum tímaritum og útgáfu bóka gefnum út hjá virtum bókaútgefendum. Auknum framlögum í Rannsóknasjóð Háskólans er ætlað að efla doktorsnám og að undirbúa umskóknir til alþjóðlegra samkeppnissjóða. Jafnframt er gert ráð fyrir að háskólinn móti sér skýra stefnu um fjarkennslu fyrir árslok 2007 og fjarkennsla verði eflid í völdum greinum. Jafnframt er ætluð að auka samstarfið við rannsóknar- og náttúrfræðisetrin á landsbyggðinni.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir samninginn mjög mikilvægt skref fyrir HÍ og þjóðina sem heild. „Samningurinn í dag er afkrakstur mikillar vinnu og samstarfs innan ríkisstjórnarinnar og við Háskólann. Samningurinn er merkilegur því nú er meira en raunhæfur möguleiki að skólinn komist í hóp þeirra bestu í heiminum.“

Að sögn Kristínar Ingólfssdóttur rektors gerir samningurinn Háskólann kleift að ná markmiði sínu um að verða einn af fremstu háskólum heims á næstu árum. „Við erum tilbúin að fara af stað. Við vitum hvað við þurfum að gera á næstu fimm árum til að ná okkar langtímamarkmiði. Þessi samningur er algjör grundvöllur fyrir því að við getum farið þá leið sem búid er að varða.“

svavar@frettabladid.is

KOMIÐ GLÆSILEGA TIL MÓTS VIÐ STEFNU HÁSKÓLANS

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor og deildarforseti félagsvísinda-deildar:

„Þetta eru glæsileg tímamót og gleðinnar dagur því stjórnvöld koma nú mjög glæsilega til móts við þá stefnu sem Háskólinn hefur mótað sér. Það liggur í tímanum að þekking og menntun verða sífellt mikilvægari. Það má segja að við eigum nú raunhæfa möguleika á að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Það er enginn vafi á því að

þetta er eitt stærsta skref sem stigið hefur verið í sögu Háskóla Íslands og jafnframt tímamótaatburður í menntasögu íslensku þjóðarinnar.“

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra:

„Stórkostlegur áfangi, mjög metnaðarfullur samningur sem unnið hefur verið mjög rösklega að af miklum metnaði. Það er greinilegt að menn hér á setri skilja hvað er mikilvæg hvatning

og örvun falin í þessum glæsilega samningi. Það var ánægjulegt að upplifa andrúmsloftið sem var í hátíðarsal Háskólans í gær. Fólk skynjaði mikilvægið hvað varðar markmið, gæðastjórnun og fræðsla er undirstaða allra annarra atvinnuvega og þetta er lykiláfangi inn í glæsilega framtíð.“

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar: „Það er fagnadóðarefni að stjórnvöld hafi

rankað við sér. En eins og í öðrum málaflökkum lofa þeir langt fram á næsta kjörtímabil. Þetta er stjórn sem hefur verið við völd í tólf ár og afkraksturinn er samkvæmt OECD að við erum í 15. sæti þegar kemur að útgjöldum á hvern nemandu. Við erum langt fyrir neðan meðaltal þegar kemur að fjárfestingum á skólastigum sem ríkið rekur. Það eru útgjöld okkar til leikskóla og grunnskóla sem hækka okkur upp, sem er sveitarfélögunum að þakka.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nær 400 fangar sitja í Guantanamo:


Fimm ára fangelsi

BANDARÍKIN, AP Fimm ár voru í gær liðin frá því að 20 fyrstu fangarnir komu í fangabúðirnar í herstöð Bandaríkjahers við Guantanamo-flóa á Kúbu. Í dag er næstum 400 manns haldið þar fongnum án ákæru, vegna gruns um tengsl við al-Kaíða og talibana.

Fangar, sem hefur verið sleppt úr búðunum, hafa lýst því hvernig þeir voru fluttir þangað skýringalaust. Þeim var ógnað með grimmmum hundum, neitað um svefn með ærandi tónlist í eyrunum tímum saman og sumir lýstu því hvernig þeir voru fjöttraðir í óþægilegum stellingum klukkutímum saman.

Nú, fimm árum síðar, hefur þessum harkalegu yfirheyrsluáferðum verið hætt, að sögn stjórnvalda. En reiði alþjóðasamfélagsins hefur ekki horfið eins og mótmæli sem fram fóru víða um heim í gær báru vitni um. Meðal annars var mótmælt fyrir utan Guantanamo-fangelsið.

Gagnrýnendur segja tilvist fangelsisins hafa skaðað trúverðuleika Bandaríkjanna og loka beri þeim sem fyrst. En bandarísk yfirvöld segja þær mikilvægar í „stríðinu gegn hryðjuverkum“. „Við erum að halda óvinum þjóðar vorrar – óvinveittum vígamönnum, hryðjuverkamönnum ef þú vilt, frá vígvællinum,“ sagði háttsettur yfirmaður í fangelsinu. - sdg



Skemmtileg námskeið



Gítar
Trommur
Bassi

10 vikna skemmtileg hljóðfæránámskeið ætluð börnum og unglingum. Kennir er í litlum hóptímum þar sem þátttakendum er ráðað saman eftir aldri og getu.

Upplýsingar og skráning á heimasíðu okkar

www.tonsalir.is

Tónsalir

Tónsalir Bæjarlind 2 sími 534 3700 www.tonsalir.is

Rokk Blús
Popp Jass

FULLBÚINN ALVÖRURJEPPI 3.595.000 kr.

Nú með vetrardekkjum og dráttarveisli



KIA Sorento með ríkulegum staðalbúnaði

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið og þokuljós
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

Vetrardekk og dráttarveisli fylgja með.



KIA MOTORS
The Power to Surprise™

12 Tónar bjóða upp í dans!

STÓR útsalan

á skólavörðustíg 15
er í fullum gangi

opið laugardag frá kl. 10:00-16:00

Allir diskar á útsölu
klassískir geisladiskar frá kr. 200
20-90% afsláttur!

12 Tónar

Skólavörðustíg 15 • 511 5656
Fiolstræde 26 • 3336 5656
www.12tonar.is



AFMÆLISTILBOÐ

Í tilefni af 20 ára afmæli Hótel Örk bjóðum við
viðskiptavinum okkar einstakt tilboð í janúar.

Við hverfum 20 ár aftur í tímann í verðlagningu á gistingu og mat.

Einungis 5.540 krónur (*USD 78) á mann

fyrir gistingu í tvíbýli, þriggja rétta kvöldverð að hætti
matreiðslumeistarans og morgunverð af hlaðborði.

Gildir alla daga til 31. janúar 2007

Lögð verður rík áhersla á tónlist frá vetrinum 1986-1987

Lifandi tónlist um helgar

Pantanir í síma 483 4700

Hótel Örk í 20 ár

HÓTEL ÖRK

* skv. verðskrá frá 1987 sem fannst í geymslum hótelsins. Reiknað með gengi dollars 5. janúar



Rithöfundur gefur laun sín til félags langveikra barna:

Hálf milljón til Umhyggju

STYRKUR Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, hlaut sex hundruð þúsund króna styrk hinn 5. janúar síðastliðinn.

Styrkurinn kemur frá höfundi bókarinnar Leitin að tilgangi lífsins, Viktor E. Frankl, en hann hafði óskað þess að höfundarlaus hans vegna útgáfu bókarinnar á Íslandi rynnu til málefnis barna.

Bókin var gefin út fyrir um tíu árum og endurútfingin af Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfunni fyrir skemmstu.

Í bókinni skrifar Frankl, sem var austurrískur, um reynslu sína í fangabúðum nasista og leit hans þar að tilgangi lífsins. - sfs



STYRKURINN AFHENTUR Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður Siðfræðistofnunar, afhendir Rögnu K. Marinósdóttur, framkvæmdastjóra Umhyggju, styrkinn



KLAPPAD Á FLOKKSÞINGI Birkir Jón Jónsson, Jón Kristjánsson, Dagný Jónsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir, þingmenn Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi.

Fjórtán vilja í fjögur efstu

Valgerður Sverrisdóttir sækist ein eftir fyrsta sæti Framsóknar í Norðausturkjördæmi. Listinn verður valinn á kjördæmisþingi í Mývatnssveit á morgun.

STJÓRNMÁL Framsóknarmenn í Norðausturkjördæmi koma saman í íþróttahúsinu í Reykjavíki í Mývatnssveit á morgun og velja frambjóðendur á lista flokksins fyrir alþingiskosningarnar í vor.

419 hafa rétt til setu á þinginu og þar með atkvæðisrétt en 22 gefa kost á sér á listann.

Framsóknarflokkurinn á fjóra þingmenn í Norðausturkjördæmi; Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra, Jón Kristjánsson, Dagný Jónsdóttur og Birkir Jón Jónsson. Jón og Dagný láta af þingmennsku í vor en Valgerður og Birkir vilja áfram gegna þingmennsku.

Valgerður sækist ein eftir fyrsta sætinu en hún fór fyrir listanum í síðustu kosningum. Birkir Jón skipaði þá fjórða sætið en sækist nú eftir öðru sætinu, líkt og Logi Óttarsson. Er Birkir talinn eiga sætið víst.

Ellefu til viðbótar vilja skipa þau sæti sem nú eru þingsæti.

Framsóknarflokkurinn hlaut góða kosningu í kjördæminu í kosningunum 2003. Alls 7.722 kjósendur greiddu honum atkvæði sitt, eða tæp 33 prósent kjósenda. Það var besta útkoma flokksins í



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR
Sækist ein eftir fyrsta sæti Framsóknar í Norðausturkjördæmi.

kosningunum það ár en næstbesta útkoman var í Suðurkjördæmi þar sem framsókn hlaut tæp 24 prósent. Í nýjustu skoðanakönnun Capacent/Gallup mældist fylgi flokksins í Norðausturkjördæmi 15 prósent, ögn minna en í Norðvestur- og Suðurkjördæmum.

Prófkjörsbaráttan hefur farið fram í bróðerni utan hvað óánægju gætti með að einn frambjóðenda – Hjörleifur Hallgríms – keypti forsiðu sameiginlegs kosningabæklings sem dreift var til framsóknarmanna í kjördæminu. Þá hefur tilboð Hjörleifs um tveggja milljóna króna framlag úr eigin vasa til Framsóknarflokksins á Akureyri, nái hann þriðja sætinu, vakið nokkra úlfúð.

Valgerður Sverrisdóttir hefur ein frambjóðenda opnað kosningaskrifstofu en frambjóðendur hafa að mestu vakið athygli á sjálfum sér með bæklingum, sendibréfum og símtölum. Lítið hefur verið um auglýsingar í hefðbundnum fjölmiðlum.

Viðmælendur Fréttablaðsins töldu að búseta og rætur gætu ráðið nokkru um val flokksmanna á lista enda kjördæmið stórt, nær frá Djúpvaggi og norður og vestur til Siglufjarðar.

Á kjördæmisþinginu verður kosið í tíu efstu sæti listans.

bjorn@frettabladid.is

ÞAU VILJA EFSTU SÆTIN

- | | |
|------------|--|
| 1. sæti | Valgerður Sverrisdóttir |
| 2. sæti | Birkir Jón Jónsson
Logi Óttarsson |
| 2.-3. sæti | Huld Aðalbjarnardóttir
Jón Björn Hákonarson |
| 2.-5. sæti | Víðir Benediktsson |
| 3. sæti | Anna Kolbrún Árnadóttir
Hjörleifur Hallgríms
Höskuldur Þór Þórhallsson |
| 3.-4. sæti | Ólafur Niels Eiríksson
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir |
| 4. sæti | Sigfús Karlsson |
| 4.-5. sæti | Gísli Þór Briem
Húni Heiðar Hallsson |

Hægt að
leggja saman

Lyftingabekkur án lóða

TF308. Lyftingabekkur með fótaþjálfu.
Stærð 160x136x117 sm.
3899545

12.990

Fjölpjálfi - YK-B23

Tæki sem þjálfar allan líkamann. Púlsmælir, tímaklukka, vegalengdamælir, hraðamælir og kalóriumælir. Mjúkar hreyfingar. Segulmótstaða. Sterk og öflug grind. Þyngd á tæki 39 kg.
3899531

19.990

Heilsudagar

Húsasmiðjunnar 11. -28. janúar

Nýtt kortatímabil

49.990

Hlaupabretti 0-12 km

1,5 hestafla mótör. Hraði 0-12 km. Tímaklukka, vegalengdamælir, kalóriumælir, hraðamælir og púlsmælir. 5 æfingakerfi. 3 innbyggð kerfi. Hámarkslíkamsþyngd 110 kg.
3899532

Hægt að
leggja saman

17.990

Prekhjól - YK-B19

Hljóðlátt með segulviðnámi. Mælir og sýnir tíma, vegalengd, heildar vegalengd, hraða, sveifsnúning, púls í handskynjum. Segulviðnám. Þyngdarstilling á bilinu 1-10 kg. Þyngd á tæki 26 kg
3899530

3.290

Magapjálfi

TF6208.
Stærð 70x70x60 sm
3899541

290

Gripþjálfu

3899540

19.990

Róðrartæki

TF203. Stærð 110x150x38 sm
3899544



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



ÓSÁTTIR LJÓSMYNDARAR Þessir ljósmyndarar á Ítalíu lögðu niður myndavél sínar til þess að mótmæla lélegri aðstöðu fyrir ljósmyndara þegar haldinn var ríkisstjórnarfundur í Caserta.

Tengivagn vöruflutningabíls:
Valt á hliðina í fljúgandi hálfu

BÍLSLÝS Tengivagn vöruflutningabíls valt á Kísilvegi í Reykjahverfi um klukkan hálflefu í gærmorgun. Bíllinn var á leið til Vopnafjarðar frá Húsavík þegar slysið varð. Ökumaðurinn var einn í bílnum og sakaði hann ekki. Flutningabíllinn snerist þegar vagninn valt og lokaði veginum um stund.

Að sögn lögreglunnar á Húsavík var gríðarleg hálfu á veginum orsök slyssins. Vagninn tók að rása á veginum og reyndi ökumaðurinn að ná stjórn á honum en vagninn endaði utan vegar. Engar skemmdir urðu á bílnum sjálfum en fleti í vagninum skemmdist eitthvað.



SNJÓLEYSI Skíðafólk ber búnað sinn upp snjólausar brekkur í Les Carroz í frönsku Ölpunum.

Hlýindin suður í álfu:

Varað við frjó-kornasvifi

AUSTURRÍKI, AP Óvenjuleg hlýindi það sem af er vetri valda ýmsum vanda á meginlandi Evrópu. Í Austurríki hafa ofnæmissjúklingar verið varaðir við því að frjó séu nú að þroskast á trjám sem að öllu jöfnu gerist ekki fyrr en að áliðnu vori. Og vetrardvalarstaðir í Ölpunum horfa fram á mikinn tekjumissi vegna snjóleysis.

Í Sviss og fleiri Alpalöndum hefur undirbúningskeppnum fyrir heimabikarmót í skíðaíþróttum verið aflýst til að hlífa skíðabrekkunum, sem sagðar eru hafa skemmt í rigningunni og hlýindunum.

Höfuðborgarsvæðið:

Sex handteknir vegna fíkniefna

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þurfti að hafa afskipti af alls sex einstaklingum á miðvikudag og aðfaranótt fimmtudags vegna fíkniefnamála.

Síðdegis var karlmaður handtekinn í úthverfi Reykjavíkur grunaður um fíkniefnamisferli. Um miðnættið voru síðan kona og karlmaður færð á lögreglustöð eftir leit lögreglu í bíl sem þau óku þar sem fundust ætluð fíkniefni. Síðar um nóttina var svo þrennt handtekið í íbúð í umdæminu með fíkniefni í vörslu sinni. Allt var fólkið á þrjúgusaldri.

Demókratarn í Bandaríkjunum afar ósáttir við að fjölga hermönnum í Írak:

Ræðu Bush tekið heldur fálega

WASHINGTON, AP Áform George W. Bush Bandaríkjaforseta um að senda 20 þúsund hermenn til Íraks í viðbót hafa fengið heldur kuldalegar móttökur frá ráðamönnum í Evrópu.



HLÝTT Á BODSKAPINN Víða í Írak staðnæmdist fólk við sjónvarpstækin þegar George W. Bush flutti 20 mínútna langa ræðu sína á miðvikudagskvöldið.

Margaret Beckett, utanríkisráðherra Bretlands, sagði þó að fjölgun hermanna sýndi fram á hve bandarísk og írösk stjórnvöld væru ákveðin í að kveða niður átökin í Írak. Hins vegar tók hún fram að Bretar hefðu engin áform uppi um að senda fleiri hermenn til að styðja Bush.

Í gær hélt breska dagblaðið Telegraph því fram að Bretar ætluðu að kalla heim frá Írak 3.000 af þeim 7.200 bresku hermönnum nú eru í Írak.

Demókratarn, sem nú hafa meirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings, taka einnig illa í fjölgun í herliðinu og ætla að reyna að koma í veg fyrir að þessi síðustu áform forsetans ná fram að ganga. Þeir segja fjölgun bandarískra hermanna í Írak einungis gera illt verra.

„Við ætlum ekki að stunda neina barnapössun í borgarastríði,“ sagði Barack Obama, einn vinsælasti þingmaður demókrata og hugsanlegur forsetaframbjóðandi flokksins.

Flugvél hvarf fyrir tíu dögum:

Brak vélarinnar fannst loksins

INDÓNÉSÍA, AP Brak farþegaþotunnar, sem leitað hefur verið að síðan hún hvarf af ratsjám í óveðri fyrir tíu dögum, fannst í Indónesíu í fyrradag þegar sjómaður dró stórt málmstykki úr sjó í norðausturhluta Indónesíu.

Raðnúmer sem fannst á braki staðfesti að um týndu þotuna væri að ræða.

Þó að enginn hinna 102 sem voru um borð hafi enn fundist færðu þessi tíðindi nokkra huggun hundruðum aðstandenda sem hafa beðið í óvissu um afdrif ástvina sinna frá hvarfi þotunnar.

- sdg

Vilja breytingar á þjóðlendulögunum

Ríkisstjórnin er ósamstiga í þjóðlendumálinu. Sveitarstjóri og hæstaréttarlögmaður vilja breytingar á þjóðlendulögunum. Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokks telja íslenska réttarkerfið það þroskað að það skeri réttilega úr í málunum.

ÞJÓÐLENDUMÁL Ríkisstjórnin er ósamstiga í þjóðlendumálinu eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra lýstu því yfir að þau felldu sig ekki við þær þjóðlendukröfur sem Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefur lagt fram fyrir hönd ríkisins í Norðausturkjördæmi, nánar tiltekið á austanverðu Norðurlandi, því þau segja þær ganga of langt. Landbúnaðarráðherra telur að jafnvel þurfi að breyta þjóðlendulögunum.

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi og ein þeirra sem standa að stofnun Landssamtaka landeigenda sem munu berjast fyrir því að eignarréttur landeigenda að jörðum þeirra sé virtur, segir að það séu gleðitíðindi að ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu komnir í lið með landeigendum. „Ríkisvaldið getur ekki tekið til sín þinglýstar eignir manna á þennan hátt,“ segir Guðný.

Að mati Guðnýjar þarf að breyta þjóðlendulögunum þannig að ríkið geti ekki kastað eign sinni á jarðir sem eru með athugasemdalásum þinglýstum landamerkjabréfum.

Sigurður Kári Kristjánsson og Drífa Hjartardóttir, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, telja ekki þörf á neinum sérstökum aðgerðum í þjóðlendumálinum því íslenska réttarkerfið sé nægilega þroskað til að tryggja að eignarréttindi manna yfir jörðum séu tryggð þrátt fyrir að kröfurnar taki stundum til þinglýstra eigna. „Þjóðlendukröfurnar sem ríkið hefur gert hafa stundum gengið of langt, en eðli málsins samkvæmt gerir ríkið ítrustu kröfur, sem breytast kannski þegar óbyggðanefnd rannsakar þær eða tiltekin mál fara fyrir dómstóla, segir Sig-



ÞJÓÐLENDUKRÖFUR Á AUSTANVERÐU NORÐURLANDI Fjármálaráðherra skilaði óbyggðanefnd þjóðlendukröfum ríkisins á austanverðu Norðurlandi í nóvember. Tveir ráðherrar telja að kröfurnar gangi of langt.

urður Kári og bætir því við að eignarrétturinn muni leysa málin á réttan og sanngjarnan hátt.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður er sammála Guðnýju Sverrisdóttur um rökin fyrir því af hverju breyta þurfi lögunum. Hann segir fullkomið ósamræmi á milli krafanna og þeirra

laga sem alþingismenn héldu að þeir væru að samþykka með þjóðlendulögunum árið 1998. Að mati Ragnars hefur fjármálaráðherra farið út fyrir umboðið sem lögin veita honum með þeim kröfum sem hann hefur gert, og að það eigi sérstaklega við á austanverðu Norðurlandi.

ingifreyr@frettabladid.is

Könnun Fjölmíðlavaktarinnar á helstu fréttamálum ársins:

Íraksstríðið kemst vart á lista

FJÖLMÍÐLAR Mikíð ósamræmi er milli þess hversu mikíð fjölmíðlar fjalla um ákveðin mál og hversu mikíð almenningur í landinu telur að fjallað sé um þau, miðað við könnun sem Gallup Capacent gerði fyrir Fjölmíðlavaktina um helstu fjölmíðlamál ársins 2006.

Baugsmálið trónir þar yfir önnur mál, en 42,6 prósent svaraenda nefndu það „stærsta fjölmíðlamálið“, en það var 943 sinnum í fréttum. Í öðru sæti voru Kárahnjúkar, en 15,3 prósent töldu það helsta málið. Um Kárahnjúka var hins vegar fjallað 2.024 sinnum í fjölmíðlum, rúmlega helm-

ingi oftar en Baugsmálið. Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölmíðlavaktarinnar, segir að þetta sé í fyrsta sinn sem svo mikíð misræmi mælist. Innt eftir skýringum, segir Rakel að nefna megi könnun í marsmánuði sem hafi sýnt að flestir séu búnir að fá nóg af Baugsmálinu:

„Fólk segir að þetta sé orðið svo langt mál að það eigi að vera til hliðar.“ Fólk sé því líklegra til að veita því eftirtekt.

Byrgismálið nefndu 6,3 prósent svaraenda og lenti það í þriðja sæti, en einungis var rætt um það 75 sinnum á árinu. Þetta skýrist með



RAKEL SVEINSDÓTTIR

því að könnunin var gerð þegar umfjöllun um Byrgið var í hámarki. Stórmál eins og hvalveiðar, brottför hersins og Íraksstríðið lentu við og undir viðmiðunarmörkum í könnuninni.

- kóp



ARNOLD SCHWARZENEGGER Tekur slaginn við öfluga þrýstihópa lækna, sjúkrahúsa, tryggingafélaga, verkalyðsfélaga og fyrirtækja.

Schwarzenegger ríkisstjóri:

Heilbrigðisþjónusta fyrir alla

KALIFORNÍA, AP Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, byrjar nýtt kjörtímabil á tveimur afar umdeildum málum, heilbrigðisþjónustu og fangelsismálum. Það gæti komið niður á vinsældum hans frá fyrra kjörtímabili. Hyggst hann hækka lágmarkslaun og lækka verð á lyfseðilsskyldum lyfjum.

Schwarzenegger lætur nú kanna möguleika á styttingu fangelsisdóma fyrir vægari glæpi en fangelsi í ríkinu eru yfirfull.

Einnig hefur hann lofað að opna þeim 6,5 milljónum íbúa Kaliforníu, sem eru án sjúkra-trygginga, aðgang að heilbrigðisþjónustu.

- sdg



AUÐNUTTILTINGUR Hentugt fóður fyrir auðnutittlinginn er til dæmis sólskrjúkfræ sem fæst í Europris-verslunum.

Kalt í veðri að undanförmu:

Munið að gefa smáfuglum

FUGLAR Þegar frost er í jörðu treysta smáfuglar á gjafmildi manna.

Þeir smáfuglar sem sækja í æti hjá mannfólkinu eru til dæmis skógarþröstur, stari, auðnutittlingur og snjóttittlingur.

Sólskrjúkfræ, sem fást í Europris-verslunum eru vinsæl til þess að gefa fuglum, en þau henta helst snjóttittlingum. Fræ ætluð páfagaukum eru hentugt fóður fyrir auðnutittlinginn, og hakkaðir matarafgangar á borð við kjötafaskurði, sósur, kartöflur og pasta eru lostæti fyrir starann og skógarþröstinn.

- sps

VIÐ STYÐJUM HANDBOLTALANDSLIÐIÐ

í blíðu og stríðu

FRÍTT INN

Á LANDSLEIKINA GEGN TÉKKUM Í LAUGARDALSHÖLL

laugardaginn 13. janúar kl. 16:15 og sunnudaginn 14. janúar kl. 16:15

Farðu strax inn á www.ibliduogstridu.is og tryggðu þér þannig ókeypis miða.

NÚ SÝNUM VIÐ HVAÐ Í OKKUR BÝR!



„ORÐRÉTT“

Orðin ekki til

„Málið er þó líklegast fyrst og fremst kynjapólíttískt, og umræðuhæfð okkar virðist vanbúin til að takast á við slíkt.“

KRISTJÁN B. JÓNASSON, FORMÁÐUR ISLENSKRA BÓKAÚTGEFANDA, UM AÐ MURINN IS SKULI HAFA LÍKT SÖGU MARGRÉTAR FRÍMANNSDÓTTIR VIÐ SÖGUNA AF THELMU.

kristjanb.blog.is, 10. janúar

Hræðsluáróður til forna

„Mörg kvæðanna hafa þannig vísast gegnt ákveðnu uppdishlutverki og sum þeirra hafa jafnvel hreinlega átt að hræða börnin til hlýni.“

KATLA KJARTANSDÓTTIR ÞJÓÐFRÆÐINGUR SEM HEFUR VALIÐ LJÓÐ ÚR SAFNI ÁRNASTOFNUNAR Á DISK.

Blaðið, 10. desember

HVAD ER AÐ FRÉTTA: OKTAVÍA JÓHANNESDÓTTIR

Ætlar að skella sér í skóla

„Ég var á fullu í kosninga-baráttunni fyrir sveit-arsjórnarkosningarnar síðasta vor. Svo var ég að reyna að aðstoða Kristján Þór Júlíusson eftir föngum í hans framboði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksmanna vegna komandi alþingiskosninga,“ segir Oktavía Jóhannesdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi á Akureyri. „Síðan er ég bara að taka þátt í félagsstarfi og bæjarmálastarfi hjá Sjálfstæðisflokki hér á Akureyri og þar fram eftir götunum.“

Oktavía segir að það séu spennandi tímar



framundan hjá henni.“ Ég er að hugsa um að skella mér í skóla í náinni framtíð og reyna aðeins að flikka upp á mig. Ég held að það sé alveg kominn tími til þess. Mér finnst fjar-nám í sögu og ensku við Háskóla Íslands líta mjög spennandi út þannig að ég var eiginlega að spá á að skella mér í það.

Hún segir framtíðina lofa góðu. „Ef maður býr á Akureyri er framtíðin alltaf björt.“

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

FJÓLDI RÍKJA NÆSTUM FJÓRFALDAST

■Fyrsta þing aðalráðs Sameinuðu þjóðanna var haldið í London árið 1946, en bygging Sameinuðu þjóðanna var vígð árið 1952 í New York. Í upphafi voru þjóðirnar 51 en eru í dag 192. Ísland gekk í hópin árið 1946.



Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna tilheyrja 15 ríki, fimm þeirra hafa fastasæti en hin eru kosin til tveggja ára í senn. Öryggisráðið hefur lingoð til sent frá sér rúmlega 1.800 ályktanir.

nær og fjær
tilveranSJÓNARHÓLL
LENGING FÆÐINGARORLOFSSex mánuði
á mann

BORGAR GUÐJÓNSSON
Starfsmaður hjá Sól ehf.

„Mér finnst hiklaust að það eigi að lengja þetta. Mér skilst að fæðingarorlof kvenna sé ár í Skandinavíu, og það er ýmislegt sem bendir til að það sé gott fyrir börnin að vera heima fyrsta árið í stað þess að flakka á milli staða.“

Það þyrfti að brúa bilið fram að leikskólum, sem taka ekki við börnum yngri en 14 mánaða,“ segir Borgar Guðjónsson, starfsmaður hjá Sól og faðir.

„Ég á eitt barn, og það er nóg til að hafa skoðun á þessu. Síðast fékk ég þriggja mánaða orlof og konan sex, en ég hef svo gaman af þessu að ég myndi hiklaust vilja fá sex mánuði næst.“

Í raun vildi ég helst hafa sex mánaða fæðingarorlof á mann. Konur eru vissulega með barnið á brjósti, en mér skilst á ljósmæðrum að það sé ekki nauðsynlegt nema fyrstu sex mánuðina. Karlinn ætti að geta komið sterkur inn þá.“

Fólk sem komið er á miðjan aldur sækir líkamsrækt á líkamsræktarstöðvum borgarinnar af krafti og eldri borgarar láta ekki sitt eftir liggja, þeir sækja ræktina svo hundruðum skiptir, sumir jafnvel sex daga vikunnar.

Húnbogi Þorsteinsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, hefur stundað sund í fjölda ára en byrjaði að æfa líkamsrækt fyrir tveimur árum og æfir nú fjórum til sex sinnum í viku. Hann hætti að vinna fyrir tveimur árum og taldi þá að hann hefði gott af meiri hreyfingu. Hann fékk forskrift hjá þjálfara áður en hann byrjaði og hjólar nú til upphitunar og fer svo í tæki.

„Eftir að ég dró úr vinnu hafði ég meiri tíma í þetta. Svo fannst mér að ég þyrfti kannski að létta mig eitthvað. Það tók mig nærri eitt ár að léttast um tíu kíló. Ég



MINNST FJÓRUM SINNUM Í VIKU Húnbogi Þorsteinsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, fer í líkamsræktina fjórum til sex sinnum í viku. Fyrst eftir að hann byrjaði léttist hann um tíu kíló á einu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



RÆKTIN FREKAR EN SJÓNVARPIÐ Ingimar Einarsson, fyrrverandi leigubílstjóri, fer frekar í líkamsrækt en að sitja heima og horfa á sjónvarpið. Hann hefur ekki stundað ræktina lengi en finnur sig vel í henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

var svo sem ekkert óskaplega þungur en samt of þungur miðað við stærð,“ segir hann og kveðst fara fjórum til sex sinnum í viku eftir því hvað hann hafi mikið að gera. „Ég finn mikinn mun á því hvað ég hef miklu meira úthald.“

Hjónin Ingimar Einarsson, fyrrverandi leigubílstjóri, og Matthea Katrín Guðmundsdóttir hafa stundað líkamsrækt í nokkru tíma. Ingimar er nýorðinn áttæður og hann segir að aldrei sé of seint að byrja. Þau hjónin hafi viljað styrkja sig og liðka með því að fara í sund og líkamsræktina frekar en að sitja heima og horfa á sjónvarpið. Ingimar ók leigubíl í rúmlega hálfa öld. „Maður situr hrikalega lengi í bílnum og það er ekki nógu hollt eða gott,“ segir hann.

Ásdís Valdimarsdóttir húsmóðir hefur stundað íþróttir, leikfimi og líkamsrækt frá því hún var stelpa. Þegar hún flutti í Hafnarfjörð sem ung kona fór hún í frúarleikfimi. Hún stundaði svo sund, leikfimi og jóga og byrjaði loks að lyfta í tækjum fyrir ári síðan þegar hún fékk liðþófavandamál í hnén.

„Mér hafði alltaf leiðst tækin en fannst heppilegast að fara í þau. Ég held að maður gefi sér aldrei nógan tíma í tækjunum til að finna sig í þeim svo ég fékk mér bara þjálfara,“ segir Ásdís, „og eftir að ég komst í kynni við þennan þjálfara hef ég fundið mig í þessu.“

Ásdís segist vera ómöguleg ef hún kemst ekki í líkamsræktina. „Ég fer alltaf einu sinni í viku í göngutúra. Ef ég get ekki hreyft



FANN SIG Í TÆKJUNUM Ásdís Valdimarsdóttir húsmóðir segist hafa fundið sig í tækjasalnum eftir að hún fékk sér einkaþjálfara. Hún segir að hreyfing sé „lífsins elxír“. FRÉTTABLAÐIÐ/STYKKISHOLMSPOSTURIN.IS

mig finnst mér eitthvað vanta. Þetta er lífsins elxír.“

ghs@frettabladid.is

Hitablásarar

Hinir einu sönnu
MASTER®
hitablásarar

ÞÓR HF
REYKJAVÍK · AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

visir

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ
FRÉTTIRNAR

Giftingarhringur á hægri hendi

Þegar fólk trúlofar sig er hringurinn iðulega settur á vinstri hönd en fluttur á þá hægri þegar það giftir sig. Hvernig stendur á því?

„Þetta er bandaríska hefðin,“ segir sr. Arna Grétarsdóttir. „Hringur á hægri hönd er til að sýna hvort maður er giftur eða ekki þegar fólk heilsast, en vinstri hönd er talin nær hjartanu. Á Norðurlöndunum er þetta öfugt, trúlofunarhringar eru á hægri hendi og giftingarhringar á vinstri.“

En hvers vegna er vinstri höndin talin vera í betra sambandi við hjartað? Ásgeir Reynisson, gullsmíður hjá Ernu, svarar þessu.

„Þetta er komið frá Forn-Egyptum. Þeir töldu taug liggja frá fjórða fingri vinstri handar og í hjartað. En fólk setur upp hringana á hvora höndina sem er nú til dags.“ Það á einnig við um trúlofunarhringa.

„Það er aðeins að byrja hér að konum séu gefnir demantshringar eins og í Bandaríkjunum, og þá er það bara hún sem ber hring. Áður fyrr var tryggðarpantur gefinn hérlendis. Tryggðarpantur gat verið hvað sem er, oftast skartgripur, en stundum voru jafnvel börn nefnd í þessu samhengi.“

-vg



GIFTINGARHRINGAR Best geymdir á hægri hendi í Bandaríkjunum en á vinstri hendi í Svíþjóð.

ÍSAM

www.isam.is



ora

Ástríða í matargerð

Túnfiskur

fyrsta flokks
hollusta



Ef gæðin skipta þig máli...
veldu þá rétta túnfiskinn

www.ora.is

ÁVÖXTUN

HLUTABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun árið 2006

ÍSLENSK HLUTABRÉF

ICEQ	18,1%
Úrvalsvísitölusjóður	17,1%
Heildarvísitölusjóður ³	16,4%
ÍS-15 ¹	16,2%
KIF Icelandic Equity ²	15,5%

BLÖNDUÐ VERÐBRÉF

Kaupþing Samval ¹	17,2%
Eignastýringarsjóður ¹	11,0%

ALPJÓÐLEG HLUTABRÉF - GLOBAL

Kaupþing Erlend hlutabréf	36,5%
KIF Global Equity	35,7%
Kaupþing Fund - Global Value	35,2%
KMS Global Styles	32,4%

ALPJÓÐLEG HLUTABRÉF - MARKAÐIR

Kaupþing Fund - Nordic Growth	70,7%
KIF BRIC ⁴	59,3%
KMS Europe	50,6%
KMS Emerging Markets	50,5%
KMS North America	26,5%
KMS Asia Pacific	24,8%

1) Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

2) KIF Icelandic Equity, KIF Global Equity og KIF BRIC eru skráðir í Lúxemborg og lúta þar lögum um sjóði og eftirlit yfirvalda. Sjóðirnir flokkast sem Part II sjóðir og fjárfestingarheimildir eru svipaðar þeim heimildum sem fjárfestingarsjóðir hafa hérlandis. Útboðslýsingar má nálgast í höfuðstöðvum og útibúum Kaupþings.

SKULDABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun árið 2006

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Peningamarkaðssjóður ¹	12,0%
-----------------------------------	-------

ÍSLENSK SKULDABRÉF - SKAMMTÍMA

Hávaxtasjóður ¹	3,9%
Skammtímasjóður ¹	5,9%

ÍSLENSK SKULDABRÉF - MEÐALLÖNG

Markbréf	7,4%
Kjarabréf	7,3%
Ríkisverðbréfasjóður - millilangur	6,8%

ÍSLENSK SKULDABRÉF - LÖNG

Ríkisverðbréfasjóður - langur	7,4%
-------------------------------	------

ALPJÓÐLEG SKULDABRÉF

Kaupþing Erlend skuldabréf	10,7%
Kaupþing Liquidity Fund EUR ^{1,5}	4,2%
Kaupþing Liquidity Fund USD ^{1,6}	5,7%
Kaupþing Liquidity Fund GBP ^{1,7}	4,4%

3) Áður Einingabréf 9

4) Áður KIF Global Sector

5) Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðs, 30. ágúst 2006

6) Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðs, 27. september 2006

7) Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðs, 24. nóvember 2006

9) skv. óendurskoðuðu uppgjöri

LÍFEYRISJÓÐA 2006

LÍFEYRISSPARNADUR

Nafnávöxtun árið 2006

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi 1	17,7%
Frjálsi 2	11,1%
Frjálsi 3	7,9%
Frjálsi tryggingadeild	20,2% ⁹

VISTA

Vista 1	29,2%
Vista 2	21,5%
Vista 3	16,5%
Vista 4	10,6%
Vista 5*	12,3%
Vista, Erlend hlutabréf	34,5%
Vista, Innlend hlutabréf	14,7%
Vista, Innlend skuldabréf	6,0%

LÍFEYRISAUKI

Lífeyrisauki 1	28,8%
Lífeyrisauki 2	20,8%
Lífeyrisauki 3	15,4%
Lífeyrisauki 4	10,5%
Lífeyrisauki 5*	12,2%
Lífeyrisauki, Erlend hlutabréf	36,9%
Lífeyrisauki, Innlend hlutabréf	15,8%
Lífeyrisauki, Innlend skuldabréf	5,4%

* Verðtryggðir innlánsreikningar

Með fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og lífeyrissjóða mætir Kaupþing þörfum viðskiptavina sinna, einstaklinga jafnt sem stærri fjárfesta, hvort sem þeir fjárfesta til lengri eða skemmri tíma.


Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita lífeyris- og verðbréfaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á radgjof@kaupthing.is

Nafnávöxtun síðastliðna 12 mánuði m.v. 31.12. 2006.



Svona erum við

> Fjöldi hjólhýsa og tjaldvagna á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: TOGSTREITA FORSETA OG ÞINGS BANDARÍKJANNA

Demókratar geta kallað her heim

George W. Bush Bandaríkjaforseti ætla sér að senda 21.500 bandaríska hermenn til Íraks en þar eru nú fyrir 132 þúsund bandarískir hermenn. Demókratar, sem eru í meirihluta á Bandaríkjaþingi, eru andvígir þessu en telja sig þó ekki hafa mikla möguleika til þess að koma í veg fyrir að vilji Bandaríkjaforseta í þessu máli nái fram að ganga.

Hvað segir stjórnarskráin?

Í fyrstu grein bandarísku stjórnarskrárinnar er tekið fram einungis að bandaríska þingið hafi heimild til þess að segja öðrum löndum stríð á hendur. Bandaríkjaforseti sé hins vegar æðsti yfirmaður hersins og tekur því ákvarðanir um framkvæmd hernaðaraðgerða. Þessu var jafnan fylgt þangað til Harry Truman forseti sendi herinn í stríð til Kóreu með samþykki Sameinuðu þjóðanna en án

þess að spyrja Bandaríkjaþing. Allar götur síðan hefur Bandaríkjaþing látið forseta landsins eftir að taka flestar ákvarðanir um stríðsrekstur, þrátt fyrir að árið 1973 hafi þingið með lagasetningu ítrekað að forsetinn verði að hafa samráð við þingið um stríðsaðgerðir.

Hvað getur þingið gert?

Þingið getur í fyrsta lagi neitað að samþykkja viðbótarfjárveitingar til hernaðaraðgerða í Írak. Sumir demókratar hika þó við að grípa þannig fram fyrir hendur forsetans. Einnig getur þingið sett

lög um hámarksfjölda hermanna sem senda má til Íraks eða um tímatakamörk á þátttöku hermanna í hernaðaraðgerðum. Þá getur þingið tekið ákvarðanir um það hvenær herinn verður kallaður heim frá Írak. Á hinn bóginn getur Bush beitt neitunarvaldi sínu á öll slík lög.

Hvað gera demókratar?

Ljóst er að demókratar á þingi ætla í það minnsta að samþykkja ályktun gegn því að fjölga í herliðinu í Írak. Sú ályktun væri þó ekki bindandi fyrir forsetann. Afstaða demókrata mótast mjög af því að innan við tvö ár eru þangað til forsetakosningar verða í Bandaríkjunum.



SPURT & SVARÐ

SPILAFÍKN

Læknanlegur sjúkdómur

Spilakassar og fjárhættuspil á netinu hafa verið mikið í umræðunni undanfarið. Dæmi eru um að spilafíklar tapi milljónum á skömmum tíma í leik á netinu. Þórarinn Tyrtingsson er yfirlæknir á Vogu.

ÞÓRARINN TYRTINGSSON
Yfirlæknir á Vogu

Hvað er spilafíkn?

Spilafíkn er alvarlegur og þrálátur sjúkdómur sem kominn er inn á allar alþjóðlegar skrár um sjúkdóma og hægt er að greina hann og meðhöndla.

Hvaða meðferðarúrræði eru til?

Þeir sem eiga við spilafíkn að stríða geta meðal annars leitað á Göngudeild SÁÁ. Gefnir hafa verið út staðlar um hvað meðferð við spilafíkn þarf að uppfylla og er meðferðin viðurkennd af læknum og sálfræðingum. Meðferðin byggir meðal annars á hópastarfi og andlegri og félagslegri endurhæfingu.

Er spilafíkn algeng?

Það eru ekki til neinar opinberar tölur um algengi spilafíknar á Íslandi. Gögn frá göngudeild SÁÁ sýna að nýgengi sjúkdómsins er mikil og allt upp í 60 nýir einstaklingar leita sér hjálpar á hverju ári.

Þau alvarlegu ofbeldisverk sem unnin hafa verið að undanförunu hafa vakið ugg í brjósti almennings. Fólk spyr sig hvort ástandið sé orðið þannig, að ekki sé óhætt að vera á ferðinni að kvöld- eða næturlagi. Hvort vegfarendur geti átt á hættu að á þá verði ráðist og þeir slasaðir, jafnvel lífshættulega eins og raunin var með tvo pílta sem voru á göngu í Garðastræti um áramótin. Þeir mættu þremur ókunnum unglingspiltum. Það næsta sem vegfarendurnir tveir vissu af sér var að þeir vöknudu uppi á spítala, annar höfuðkúpbrotinn.


Ofbeldisverk, í hvaða mynd sem þau birtast, eru ekkert einkamál. Þetta hefur Ófeigur Þorgeirsson, yfirlæknir á slysa- og bráðamótöku Landspítala - háskólasjúkrahúss, undirstrikað í viðtali í Fréttablaðinu. Þar sagði hann að á stundum væri stöðugur straumur fólks neðan úr bæ, eða af heimilum landsmanna, upp á slysaðeild, sem orðið hefði fyrir líkamsárásam.



NÆTURLÍF Í BORGinni Varla líður sú helgi að ekki sé tilkynnt um minni eða meiri háttar líkamsárásir á höfuðborgarsvæðinu. Barefli, hnifar og fleiri skaðræðisvopn koma stundum við sögu, en ella nota menn hnefa og fætur til að niðast á fórnarlambinu.

„Fyllirústengdu áverkarnir eru hömlulausir og andstyggilegir, nær einungis mjög slæmir höfuðáverkar, tannlos, nefbrot og höfuðkúpbrot.“

Þannig lýsir yfirlæknirinn ástandi þeirra fórnarlamba ofbeldismanna sem leita aðstoðar á slysaðeildinni. Og hann segir að starfsfólki deildarinnar sé gjörsamlega ofboðið og að það sé búið að fá nóg.



HALLDÓRA GUNNARSDÓTTIR

Bendir á óhugnanlegt ofbeldi gegn börnum í gegnum tölvur og farsíma.

amleg meidd. Sárin á sálinni eru yfirleitt miklu lengur að gróa.

Draugar ofbeldisins

Starfsfólk í áfallateymi slysa- og bráðadeildar LSH segir reynsluna hafa sýnt það að eftir því sem fórnarlambið finni fyrir meiri vanmætti, hjálparleysi og skelfingu við árásina, þeim mun lengur sé viðkomandi að jafna sig andlega.

Fréttablaðið hefur verið í sambandi við fólk sem ráðist hefur verið á í borginni og það orðið fyrir meiðslum. Enginn þeirra treysti sér til að koma í viðtal við blaðið. Ekki vegna ótta við þá sem



ÓFEIGUR ÞORGEIRSSON Starfsfólk slysaðeildar er búið að fá nóg.

ráðist höfðu á þau, heldur vegna þess að þau vildu ekki rifja þessa skelfilegu atburði upp. Þau treystu sér ekki til þess. Þau vildu ekki, ekkert þeirra, endurupplifa hryllinginn, þótt ekki væri nema í frásögn.

„Þetta hefur fylgt mér dag og nótt frá því að ráðist var á mig,“ sagði eitt fórnarlambanna. „Daglega kemur þetta upp í hugann við einhverjar tiltekna kringumstæður og á nóttunni fæ ég martraðir.“

Þessi einstaklingur hefur leitað sér aðstoðar og kveðst ætla að sigrast á vanlíðaninni sem hefur heltekið líf hans eftir að ráðist var á hann. En hann segist ekki sjá fyrir endann á ömurleikanum.

Hvað varðar viðtæk áhrif ofbeldisverka og líkamsárása hefur Ófeigur Þorgeirsson einnig minnt á að þeir sem fyrir slíku verða eigi aðstandendur. Þeim mega ekki gleyma. Heilu fjölskyldurnar og ástvinir geti verið bugaðar af áhyggjum og kvíða meðan þess er beðið hvernig þeim, sem hefur verið slasaður, reifi af.

Þetta er enn einn angur afleiðinganna sem vill gleymast. Þessar tilfinningar eru ekki bornar á torg. En starfsfólk slysaðeildar verður vissulega vart við þær.

Hvers vegna – hvað er til varnar?

Þeir sem leita hjálpar á slysaðeild vegna meiðsla af völdum líkamsárása eru einkum á aldrinum 15-24 ára. Þeir sem berja og stinga eru í sama aldurshópi. Hvaða hvatir liggja að baki því að einhver beitir ofbeldi, ræðst á annan og meiddir? Athyglisverðar eru upplýsingar Halldóru Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, um verulega vaxandi ofbeldi gegn börnum í gegnum tölvur og farsíma.

„Það er verið að lokka og tæla og villa á sér heimildir. Það er verið að hræða börn og hóta þeim, jafnvel af öðrum börnum. Þarna sjáum við ljót eineltismál,“ segir hún.



BRAGI GUÐBRANDSSON Fimm grundvallarþættir uppeldis verða að vera í lagi.

Það er eitthvað að þegar svona er komið. Ekki hjá þeim sem lenda í ofbeldinu og eineltinu, heldur hjá hinum sem stunda það. Fagfólk sem Fréttablaðið hefur rætt við er sammála um að þar hafi orðið alvarlegir brestir í fjölskyldulegu og/eða félagslegu tilliti hjá hinum ofbeldiashneigðu.

Nokkrir grundvallarþættir

„Það eru nokkrir grundvallarþættir sem alltaf þarf að hafa í huga við uppeldi barns,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. „Í fyrsta lagi er agi. Barnið þarf að búa við einhverjar leikreglur sem tryggja öryggi þess í uppvextinum. Í öðru lagi er umhyggja og ástúð, þar sem barnið fær tilfinningalega næringu. Í þriðja lagi er viðurkenning. Barnið þarf að fá viðurkenningu fyrir það sem það gerir í hinu daglega lífi. Ella er hætt við að eitthvað fari úrskeiðis í þroskaferlinu. Í fjórða lagi er samræða. Ef ekki er fyrir hendi samræða milli uppallanda og barns getur fólk ekki lært að leysa úr ágreiningsmálum nema með átökum.“

Það þarf ekki nema að einn af þessum þáttum virki ekki. Þá getum við farið að sjá ákveðinn vanda skapast.“

FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is

Skrifstofuvörur á janúartilboði

Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósrítunarpappír, merkিপennar, töflutússar og veggklukka

Katrín Edda Svansdóttir

- sölumaður í þjónustuveri RV



148 kr.



Bréfabindi A4, 5cm og 8cm kjölrur.

898 kr. pk.



Merkিপennar, bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.

1.240 kr. ks.



Mopak ljósrítunarpappír, 5x500 blöð í ks.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Verðhrun!

á húsgögnum

Fyrstur kemur fyrstur fær

Allt að 80% afsláttur af húsgögnum

Svefnsófi	14.995 kr.	29.990 kr.	50%
Svefnsófi með púðum	17.495 kr.	34.990 kr.	50%
Stóll með snúningi	22.495 kr.	56.000 kr.	60%
Relax sófasett 3+1+1	144.950 kr.	289.900 kr.	50%
Relax sófi 3ja sæta	84.950 kr.	169.900 kr.	50%
Relax sófi 2ja sæta	82.450 kr.	164.900 kr.	50%
Relax stóll	42.450 kr.	84.900 kr.	50%
Rúm 90x200	25.740 kr.	42.900 kr.	40%
Rúm 120x200	32.940 kr.	54.900 kr.	40%
Rúm 150x200	40.140 kr.	66.900 kr.	40%
Hornsófasett kommóða	86.400 kr.	144.000 kr.	40%
Meubar borðstofuborð	19.996 kr.	49.990 kr.	60%
Sea borðstofuborð	27.960 kr.	69.990 kr.	60%
Skinnklæddur skenkur	21.998 kr.	109.990 kr.	80%

Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.

Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FARTÖÖLVU LÆKKUN

TAKMARKAÐ MAGN • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ



TAKMARKAÐ
MAGN

GATEWAY 685E

- Intel Core Duo T2500, 2,0GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 80GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti skrifari
- 17" WSXGA UltraBrite skjár
- 256MB GeForce Go 7900 skjákort
- Windows XP PRO
- Innbyggður minniskortalesari

149.900

EV10 **14.990** Á MÁN Vaxtalaust í 10 mánuði



TAKMARKAÐ
MAGN

ACER 9410

- Intel Core Solo T1350, 1,86GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Windows XP MCE - Vista ready
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél

99.900

EV10 **9.990** Á MÁN Vaxtalaust í 10 mánuði



TAKMARKAÐ
MAGN

ACER 9412

- Intel Core Duo T2300, 1,66GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 128MB Geforce Go7300 skjákort
- Windows XP MCE - Vista ready
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél

119.900

EV10 **11.990** Á MÁN Vaxtalaust í 10 mánuði



TAKMARKAÐ
MAGN

ACER 2492

- Intel Celeron M420, 1,6GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 60GB ATA 5400RPM diskur
- DVD lesari og CDRW skrifari
- 15,4" WXGA 1280x800 skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Windows XP MCE
- Innbyggður minniskortalesari

59.900

EV10 **5.990** Á MÁN Vaxtalaust í 10 mánuði



TAKMARKAÐ
MAGN

GATEWAY 465E

- Intel Core Duo T2300, 1,66GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 60GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti skrifari
- 15,4" WXGA 1280x800 skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Windows XP PRO
- Innbyggður minniskortalesari

79.900

EV10 **7.990** Á MÁN Vaxtalaust í 10 mánuði



TAKMARKAÐ
MAGN

ACER TM 4200

- Intel Core Duo T2300, 1,66GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti skrifari
- 15,4" WXGA 1280x800 skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Windows XP PRO
- Innbyggður minniskortalesari

89.900

EV10 **8.990** Á MÁN Vaxtalaust í 10 mánuði



TAKMARKAÐ
MAGN

ACER 3692

- Intel Celeron M420, 1,6GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 80GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Windows XP Home
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél

72.900

EV10 **7.290** Á MÁN Vaxtalaust í 10 mánuði



TAKMARKAÐ
MAGN

ACER 5051

- AMD Turion64 MK36, 2,0GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 60GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti skrifari
- 14,1" WXGA 1280x800 skjár
- 128MB ATI X1100 skjákort
- Windows XP Home
- Aðeins 2.4Kg

66.900

EV10 **6.690** Á MÁN Vaxtalaust í 10 mánuði

**ENGIR
VEXTIR**

**TAKMARKAÐ
MAGN**



**TREND INTERNET
SECURITY 2007**

- Öruggr vírusvörn
- Öflug vírusleitavél
- Betri vörn gegn spyware
- Stýring á heimaneti
- Stöðvar upplýsingaþjófnað
- Varnar þráðlausum innbrotum
- Leyfi fyrir 3 tölvur

2.990

TILBOÐ MEÐ NÝRRI TÖLVU

ACER 5610 FERÐATÖLVA Á ÓTRÚLEGU TILBOÐSVERÐI



Intel Core Solo
Hraðvikur og öruggur Intel örgörvi með einstaka samhæfingu við forrit og leiki



CRYSTALBRITE
Einn besti ferðatölvuskjárinn í dag. Ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 16ms hraða



128MB GMA950
Intel GMA950 er frábært skjákort með sérstakann stuðning við Vista Premium



VEFMYNDAVÉL
1.3MP innbyggð í skjá með 225° snúningsmöguleika og VOIP tækni fyrir mynd yfir net



MEIRI LÆKKUN
Já enn lækkum við verðið á fartölvum. Ath. takmarkað magn fyrstir koma fyrstir fá



NÝJASTA TÆKNIN
Frábær ferðavél með Intel Core örgjörva, rísa harðdisk, DDR2 minni, vefmyndavél ofl. ofl.

- Intel Core Solo T1300 1.66GHz örgörvi
- 512MB DDR2 533HMz vinnsluminni
- 120GB ATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA CrystalBrite 16ms skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Windows XP MCE á íslensku eða ensku
- 54Mbps þráðlaust net og netkort
- 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
- 1.3MP vefmyndavél innbyggð í skjá

79.900

EMIO

7.990

Engir vextir í 10 mánuði



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

Virka daga

10:00 - 18:30

Laugardaga

11:00 - 16:00

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.768 +0,55% Fjöldi viðskipta: 497
Velta: 5.309 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Icelandair +1,82%
FL Group +1,47%
Glitnir +1,25%

MESTA LÆKKUN

↓ Flaga -1,52%
365 -1,03%
Marel -0,66%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 4,79 -1,03% ... Actavis 67,40 -0,30% ... Alfosca 4,95 +0,00% ... Atlantic Petroleum 558,00 +1,09% ... Atorka 6,98 +0,58% ... Bakkavör 62,40 -0,48% ... Eimskipafélagið 34,00 +0,59% ... FL Group 27,70 +1,47% ... Glitnir 24,40 +1,25% ... Kaupþing 902,00 +0,67% ... Landsbankinn 28,60 +0,35% ... Marel 75,50 -0,66% ... Mosaic Fashions 15,10 +1,00% ... Straumur-Burðarás 17,80 -0,56% ... Össur 112,50 -0,44%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Storebrand er málið

Norska blaðið Dagens Næringsliv rifjaði upp spár nokkurra sérfræðinga sem fengnir voru til að gefa ráð um hvaða félög myndu gefa besta ávöxtun árið 2006. Einn þessara sérfræðinga var Jan Petter Sissener, hinn litríki forstjóri Kaupþings í Noregi, og kom hann ágætlega út í samanburði við aðra. Sá sem fór eftir ráðgjöf hans hefði fengið 141 þúsund krónur í ávöxtun af einni milljón króna eða 14,1 prósent ávöxtun. Þau hlutabréf sem hann nefndi og hækkuðu mest voru annars vegar áburðarframleiðandinn Yara International og hins vegar fjármálfyrirtækið Storebrand sem hækkaði um 36 prósent árið 2006. Kann síðarnefnda félagið ekki að koma á óvart, enda list stjórnendum Kaupþings vel á Storebrand og hafa fest kaup á níu prósent hlut.

Engan kynjakvóta, takk!

Það er ekkert leyndarmál að hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja er rýr hér á landi. Nýverið tóku frændur okkar Norðmenn í gildi lög sem fela það í sér að fjórðungi prósent stjórnarmanna skráðra fyrirtækja skuli vera konur. Hér spretta reglulega upp umræður um hvort við ættum að feta sama veg, enda þykir mörgum þokast allt of hægt í jafnréttisátt. Fylgismönnum lagasetningar á borð við þessa hefur því væntanlega orðið um og ó á námsstefnunni „Virkjum kraft kvenna“ á Hótel Nordica í gær, sem hátt í fjögur hundruð konur og heilir tuttugu karlar sóttu. Kjarnakonurnar fjórar sem tóku þátt í pallborðsumræðum, þær Elín Sigfúsdóttir, Hafdis Jónsdóttir, Hrönn Greipsdóttir og Steinunn Þórðardóttir, lýstu sig nefnilega mótfallnar slíkum lögum.



MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeild Landsbankans spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 0,2 prósent á milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólga úr 7,0 prósentum í 6,8 prósent í þessum mánuði.

Bandaríska fjármálfyrirtækið Fox-Pitt Kelton hefur gefið út greiningu og verðmat á Kaupþingi. Bankinn metur Kaupþing á 970 krónur á hlut. Fyrir mánuðinum mat bankinn Citigroup Kaupþing á 1.000 krónur á hlut.

Greiningardeild Kaupþings hefur uppfært verðmat á Össuri og mælir með kaupum í fyrirtækinu. Nýtt verðmatsgengi er 124,1 króna á hlut, var áður 120 krónur. Bankinn spáir þriggja milljóna dollara tapi á fjórða ársfjórðungi vegna kaupanna á franska félaginu Gibaud rétt fyrir júl.

Breyttur Hanza-hópur

Bræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hafa selt hlut sinn í Hanza-hópnum ehf. til Merlu ehf. Merla er félag í eigu Róberts Melax.

Hanza-hópurinn hefur verið áberandi á fasteignamarkaðnum síðustu misserin, meðal annars byggt fjögur lyftuhús á svokölluðum „Rafha-reit“ í Hafnarfirði, að því er fram kemur í tilkynningu. „Þá stendur hópurinn að endurbyggingu DV-hússins í Þverholti og nýbyggingu verslunar- og íbúðarhúss í

miðbæ Hafnarfjarðar. Fyrirtækið er einnig að reisa 335 íbúðir í Arnarneshæð og þróa nýtt íbúðarhverfi á Kársnesinu í Kópavogi.“

Róbert er kunnur úr íslensku viðskiptalífi. Hann er stofnandi Lyfju, fyrrum eigandi Dags Group og er forstjóri Open Hand í London.

Bræðurnir Arnar og Bjarki eru sagðir hafa snúið sér að eigin fjárfestingum auk þess sem þeir spila báðir með FH í fótboltanum á næsta tímabili.



RÓBERT MELAX

Óvænt stýrivaxtahækkun

Englandsbanki kom á óvart í gær þegar hann ákvað að hækka stýrivexti í Bretlandi um 25 punkta í 5,25 prósent að loknum tveggja daga fundi peningamálanefndar bankans. Evrópski seðlabankinn ákvað hins vegar að halda stýrivöxtum óbreyttum í 3,5 prósentum.

Almennt var reiknað með að Englandsbanki myndi halda vöxtum óbreyttum. Greinendur nú eru sagðir rýna í ummæli Jean-Claude Trichet, banka-stjóra evrópska seðlabankans, til að sjá hvort hann ætli að fylgja fordæminu.

- jab

Evrá sækir á Bandaríkjadal í bókhaldi fyrirtækja

Fyrirtæki sem gera vilja upp í erlendri mynt þurfa að sækja um það til ársreikningaskrár. Frá árinu 2002 hafa 167 fyrirtæki fengið slíka heimild, tæp 60 prósent í Bandaríkjadöllum og tæpur þriðjungur í evrum. Fyrir ári var tæpur fjórðungur í evrum.

Um áramót höfðu 167 fyrirtæki fengið heimild til að færa bókhald sitt í erlendri mynt. Í lögum um ársreikninga er kveðið á um hvaða skilmála fyrirtæki þurfa að uppfylla til að fá heimild til að breyta uppgjöri sínu á þann veg og hvernær umsókn um slíkt þarf að berast.

„Umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skal berast ársreikningaskrá tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs,“ segir þar meðal annars.

Guðmundur Guðbjarnarson, forstöðumaður ársreikningaskrár hjá Ríkisskattstjóra, segir að heimild sé veitt til að færa uppgjörið í erlendu mynt uppfylli félög skilmála laganna. „Tímamörkin eru svo sett til þess að tryggja að ekki sé um neina skyndiákvörðun að ræða hjá fyrirtækjunum, heldur sé þetta gert að vel athuguðu máli.“

Til dæmis nægir félögum að sýna fram á að þau séu með meg-



GUÐMUNDUR GUÐBJARNARSON Guðmundur, sem er forstöðumaður ársreikningaskrár hjá Ríkisskattstjóra, segir mat lagt á hvort umsóknir félaga um að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli samrýmist skilyrði í lögum um ársreikninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

instarfsemi sína erlendis eða séu hluti erlendra samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðillinn er annar en króna. Þá geta einnig fengið slíka heimild félög sem eiga erlend dótturfélög, eða hafa meginstarfsemi hér en eru með verulegan hluta tekna sinna erlendis frá í öðrum gjaldmiðli en krónum. Eins geta fengið heimild til að gera upp í erlendri mynt félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum. „Svo er spurningin bara hvernig fyrirtækin leggja þetta fram í sinni umsókn, hvort þau uppfylli þessi skilyrði,“ segir Guðmundur, en umsóknun er hafnað geri þau það ekki.

Guðmundur segir að af þeim félögum sem fengið hafa heimild

geri flest, 98 eða 58,7 prósent, upp í Bandaríkjadal. Þar á eftir kemur 51 fyrirtæki sem gerir upp í evru, eða 30,5 prósent. Þetta er nokkur breyting frá árslokum 2005 þegar 65 prósent fyrirtækja gerðu upp í Bandaríkjadal og 24 prósent í evrum.

Í þriðja sæti um algengustu erlendu uppgjörsmýntina er svo enskt pund, en níu fyrirtæki gera upp í því, eða 5,3 prósent. Meðal annarra gjaldmiðla sem félög gera upp í eru norsk og dönsk króna og japanskt jen. Þá segir Guðmundur að þó nokkur einkahlutafélög hafi fengið heimild til að færa hlutafé í erlendri mynt, en um það gildi nokkuð önnur lög-mál en um skráð félög, þar sem hlutaféð sé ekki gefið út og gangi ekki kaupum og sölum með hefðbundnum hætti.

olikr@frettabladid.is

GRAND PARMA
ÞURRVERKAÐ GRÍSAKJÖT

OR fær lánshæfiseinkunn frá Moody's

Orkuveita Reykjavíkur hefur fengið lánshæfiseinkunnina Aa2 frá matsfyrirtækinu Moody's og eru framtíðarhorfur fyrirtækisins sagðar stöðugar. Fram kemur að lítil eða óveruleg áhætta er í rekstri OR og vægi tekna félagsins af samkeppnisrekstri muni aukast sem dragi úr áhættu.

„Orkuveitan er að búa sig undir framtíðina. Það eru mikar fjárfestingar hjá okkur á næstu sex til sjö árum og fyrirtækið vill hafa alla möguleika á fjármögnun. Við teljum gott að gera það núna þannig að við höfum rúman tíma fyrir okkur,“ segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri OR, en unnið hefur verið að matinu undanfarna tíu mánuði. Hann bendir á að þetta gefi fyrirtækinu færi á að fara út á alþjóðlegan skuldabréfamarkað til að leita bestu lánskjara.

Moody's telur jafnframt að OR sé sterkt fyrirtæki og ekki dragi



HELLISHEIÐARVIRKJUN Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á vegum OR.

úr styrk þess að Reykjavíkurborg skuli vera stærsti eigandinn.

Einkunnin er sú þriðja besta sem íslenskt fyrirtæki fær. Fyrir ofan OR eru Íbúðalánasjóður og Landsvirkjun, sem njóta ríkis-ábyrgðar, en viðskiptabankarnir þrír og Straumur-Burðarás bera lægri einkunnir en OR.

- eþa

Fótboltatrejgur gefa gott spark

Sportvörukeðjan JJB Sports skiladi ágætri jólasölu og auknum hagnaði miðað við sama tíma árið áður, þökk sé mikilli sölu á fótboltatrejjum vinsælustu félagsliðanna í ensku úrvalsdeildinni.

Mesta salan liggur í trejjum Manchester Utd. en mikil ásókn hefur enn fremur verið í VINSÆLASTI BÚNINGURINN pool.

Helstu samkeppnisáðilar JJB Sports eru stórmarkaðir og Sportsworld sem er önnur stór sportvöruverslanakeðja. Líkur eru á því að fyrirtækið verði tekið yfir af breskum fjárfestingasjóðum og þá hefur einnig nafn Baugs verið nefnt til sögunnar sem áhugasamur kaupandi.

- eþa



179 kr/kg. áður 299 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingavængir



389 kr/kg. áður 649 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingaleggir



Þú sparar 429 kr/kg

33%
afsláttur

870 kr/kg. áður 1.299 kr/kg.
Fjörfskur - Laxabitar roð- og beinhreinsaðir



Þú sparar 232 kr/kg

25%
afsláttur

697 kr/kg. áður 929 kr/kg.
Fjörfskur - Forsteikt fiskikrili



Þú sparar 551 kr/kg

30%
afsláttur

1.285 kr/kg. áður 1.835 kr/kg.
BK Helgarlamb m/sérvöldu kryddi fyrir íslenskt lambakjöt



Þú sparar 580 kr/kg

40%
afsláttur

869 kr/kg. áður 1.449 kr/kg.
Gourmet ungnautahakk

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 12. janúar til 14. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

skoðun

greinar@frettabladid.is

Nú er valurinn ekki kallaður fálki.

„Himinbornar systur“

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskólans, rituðu í gær undir samkomulag um menntun og rannsóknir. Það markar nýtt upphaf í þróun vísindarannsókna og háskólakennslu. Í því felst einnig veigamesta pólitíska ákvörðun kjörtímabilsins.

Þegar Benedikt Sveinsson þingmaður Norðmýlinga hóf baráttuna fyrir íslenskum háskóla á Alþingi var á brattann að sækja. Efi margra var sterkur. En hugsjón hans var stór og framsýnin skörp. Þegar hann mælti fyrir háskólafrumvarpinu 1881 komst hann svo að orði:

„Þannig hefur innlend menntun, framför og frelsi jafnan verið þrjár skyldgetnar himinbornar systur, sem hafa haldist í hendur og leitt hverja einstaka þjóð að því takmarki, sem forsjónin hefur sett henni.“

Grimur Thomsen var sennilega eini sanni heimsborgarinn á þingi þá. Honum fannst háskólahugsjónin háfleyg og fyrst og fremst skáldleg því það væri fáheyrð einsdæmi að sjöftuþúsund manna þjóð hefði háskóla.

Skáldið setti ofan í við fullhugann með þessari samlíkingu við flug valsins: „Hann sér ekki ævinlega vel fram á veginn þótt hann beini fluginu hátt. Eins er um 2. þingmann Norður Múlasýslu, svo vel sem hann hugsar, og svo háfleygur sem hann er í anda, þá er hann ekki ólíkur valnum, þegar hann er kallaður fálki.“

Andríki andmælanna hafði betur á þeim tíma. Nú er önnur öld. Vissulega efuðust ýmsir þegar háskólarektor kynnti stefnumörkun um að koma Háskóla Íslands í fremstu röð. Margir hafa ugglaut hugsað sitt. Engum dat þó í hug að kalla valinn fálka. Hitt var ljóst að komið var að vatnaskilum í starfi skólans.

Framhaldið var augljóslega háð því hvernig brugðist yrði við á vettvangi stjórnmalanna. Óhætt er að fullyrða að menntamálaráðherra hafi brotið blað með þeirri skýru og markvissu skuldbindingu sem undirrituð var í gær. Það er til marks um að gildi fjárfestingar í menntun og rannsóknum er réttilega metið.

Engin fjárfesting önnur er traustari undirstaða fyrir efnalegar framfarir en af því tagi sem þessi gerð felur í sér. Hún skilar Háskólanum ekki á leiðarenda þess markmiðs sem sett hefur verið en hún gerir honum kleift að leggja í þá för. Þar að baki liggur vel ráðin og metnaðarfull pólitísk ákvörðun.

Mikilvægt er að hlúa að fjölbreytri háskólakennslu í landinu. Samkeppni á sviði vísinda og rannsókna er nauðsynleg. En sú pólitíska ákvörðun sem felst í samningi Háskólans og stjórnvalda markar skýra stefnu um hvar höfuð ábyrgðin liggur á þessu sviði. Með því er ekki gert lítið úr öðrum.

Háskólinn hefur fengið byr í seglin. Fróðlegt verður að fylgjast með starfi vísinda- og fræðimanna skólans á komandi tíð. Þjóðin þarf að sjá og fylgjast betur með því starfi sem þar fer fram og reyndar á öðrum vettvangi þar sem rannsóknir eru stundaðar af metnaði og framsýni. Gott aðhald þarf að vera að því starfi.

Nú um stundir tíðkast ógjarnan hátimbruð orð eins og notuð voru í upphafi háskólabaráttunnar. En með vissum hætti má segja að í gær hafi rektor og menntamálaráðherra staðið saman sem ágætis tákn fyrir þær þrjár „himinbornu systur“ sem þá var lýst.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. www.frettabladid.is ísn 1670-3871



SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða 22. febrúar nk.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra. Sendið inn tilnefningar um fólk sem er þess verðugt að fá slík verðlaun. Allir koma til greina, jafnt einstaklingar sem félagasamtök, sem hafa verið öðrum til fyrirmyndar. Sendið tilnefningar með því að fara inn á visir.is, með tölvupósti á netfangi@samfelagsverdlaun.frettabladid.is eða

bréfléiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út 23. janúar. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir við hátíðlega athöfn 22. febrúar.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þorrablót Baugs í vandum

Nú þegar jólahlaðborð og nýársfagn-aðir eru að baki, er næst að líta til þess hvar þorrablótin verða haldin og árhátíðarnar, sem af einhverjum ástæðum eru oft skipulagðar á sama tíma og súrátsgleðin er sem mest.

Eitt þorrablót er það sem nær athygli fréttastofa á hverju ári, og er það þorrablót Baugs. Að þessu sinni verður það haldið föstudaginn 19. febrúar, á bóndadaginn sjálfan. Staðsetningin er ekki af verri endanum, á nyrsta byggða bóli Íslands; Grímsey. Hér er að sjálfsögðu verið að vísa til kvenfélagsins Baugs í Grímsey og er þetta, að sögn forsvarsmanna félagsins; ein stærsta og mesta skemmtun hvers árs í Grímsey og einstakt tilhlökkunarefni.

Með kærri kveðju, þinn Árni

Nokkuð hefur verið rætt um stjórn-málafund Árna Mathiesen fjármála-ráðherra í Eyjum, sem haldinn var í gær. Hinn frummælandinn var nefnilega Guðjón Hjörleifsson, en ekki Vestmanneyingurinn sjálfur Árni Johnsen. Urðu nokkrir til þess að álykta út frá þessu að Árni J. væri ekki í náðinni hjá Árna M. og að sá fyrrnefndi Árni vildi þann síðarnefnda Árna af lista sjálfstæðismanna í kjördæminu.

Fréttavefurinn Sudurland.is greindi svo frá því í gær að Árni myndi samt mæta, þó hann yrði ekki frummælandi, enda ekki alþingismaður en. Spádómurinn um komu Árna J. reynd-



ist hins vegar ekki alveg réttur. Að minnsta kosti mætti hann ekki í eigin persónu. Hins vegar var lesin upp kveðja frá Árna J. þannig að hann gleymdist ekki alveg.

Hins vegar hefur Árni J. nýlega mætt á stjórnmalafund í Eyjum, þegar hann mætti fyrr í vikunni sem gestur á fundi Guðna Ágústssonar. Hins vegar hefur enginn spekingurinn túlkað þann fund sem möguleika á því að Árni J. sé á leið í Framsóknarflokkinn.



svanborg@frettabladid.is

Tal nabrellur Stefáns Ólafssonar

Fjör færast jafnan í Stefán Ólafsson prófessor, þegar þingkosningar nálgast. Hann stagaðist á því í kosningabaráttunni fyrir fjórum árum, að fátækt hefði aukist á Íslandi. Hann átti við hlutdeild tekju-lægsta hópsins í heildartekjum, en hún hafði minnkað af þeirri ástæðu einni, að ríku fólki hafði fjölgað. Stefán þagnaði raunar snarlega, þegar bent var á, að Reykjavíkurborg hafði undir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur gengið hart fram í að skerða kjör þeirra, sem minnst mega sín.

Nú heldur Stefán því fram, að ríkisstjórnin hafi stórhækkað skatta, þótt tekjuskattur einstaklinga hafi lækkað úr 30,41% 1997 í 22,75% 2006 og tekjuskattur fyrirtækja úr 45% 1991 í 18% 2001, eignarskattur, aðstöðugjald og hátekjuskattur allt verið fellt niður og erfðafjárskattur lækkaður. Stefán nefnir tölur frá OECD um það, að tekjur hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu hafi hækkað meira á Íslandi en annars staðar. Í Morgunblaðinu 24. febrúar 2006 segir Stefán háðslega, að Davíð Oddsson sé skattakóngur Íslands. Ríkisstjórn hans hafi fundið „breiðu bökin“. Skattbyrði tekjulægsta hópsins hafi þyngst vegna þess, að skattleysismörk hefðu ekki færst eins hratt upp og launatekjur.

Í fyrsta lagi ruglar Stefán saman skattheimtu (til dæmis hvort tekjuskattur er 10% eða 20%) og skatttekjum (hver afrakstur af skattheimtunni er í krónum). Davíð Oddsson og menn hans töldu vissulega mikilvægt að minnka skattheimtu. En þeir bentu einmitt á, að það gæti leitt til aukinna skatttekna ríkisins. Til dæmis voru varla til neinar fjármagnstekjur fyrir tíu árum, af því að fjármagn var illa nýtt. Nú nema skatttekjur ríkisins af fjármagns-



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON
Í DAG | Efnahagsmál

Stefán þagnaði raunar snarlega, þegar bent var á, að Reykjavíkurborg hafði undir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur gengið hart fram í að skerða kjör þeirra, sem minnst mega sín.

tekjum 18-20 milljörðum króna á ári. Skatttekjur af tekjuskatti fyrirtækja voru 2,7 milljarðar 1991, þegar tekjuskatturinn var 45%, en þær eru 20,5 milljarðar 2005, þegar tekjuskatturinn er 18%. Skattheimta hefur minnkað, en skatttekjur aukist.

Í öðru lagi gerir Stefán ekki greinarmun á skatttekjum ríkis og sveitarfélaga. Skatttekjur ríkissjóðs voru sem hlutfall af landsframleiðslu 32,4% 1992, fóru næstu tvö ár niður í rúm 30%, voru um 31 til 33% næstu ár, en fóru upp í 34,3% 2004 og 36,9% 2005. Áætlað er, að þær fari næstu tvö ár niður aftur og verði 32,1% 2008. Þá verður hlutfallið komið niður fyrir það, sem það var 1992. Er þetta stórkostlegar skattahækkanir?

Því miður hefur orðið önnur þróun í skatttekjum sveitarfélaga. Þær voru sem hlutfall af landsframleiðslu 8,6% 1994 og voru komnar upp í 12,4% 2002, en gert er ráð fyrir, að þær verði 12,3% 2008. Með öðrum orðum hafa skatttekjur sveitarfélaga hækkað um tæpan fjórðung. Stærsta sveitarfélagið er

Reykjavík. Þar var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri 1994-2002. Er hún ekki sannnefnd skattadrottning Íslands og þótt víðar væri leitað?

Í þriðja lagi er skuldaföfnun óbein skattlagning. Stefán þegir vandlega um, að ríkið hefur greitt niður skuldir. Hreinar skuldir ríkisins hafa minnkað úr 170 milljörðum 1997 í 45 milljarða 2006. Hreinar skuldir sveitarfélaga (og þá aðallega Reykjavíkurborgar) jukust hins vegar úr 14 milljörðum 1993 í 60 milljarða 2006. Þetta er stórkostleg aukning. Er Ingibjörg Sólrún ekki sannnefnd skuldadrottning Íslands og þótt víðar væri leitað?

Í fjórða lagi er vissulega rétt, að árin 2004 og 2005 skutust skatttekjur ríkisins upp, þótt þær fari væntanlega 2008 niður í sama hlutfall og þær voru 1992. Auknar skattgreiðslur tekju-lægsta hópsins vegna hærri tekna hans mynda óverulegar skatttekjur og skýra auðvitað ekki nema að litlu leyti auknar skatttekjur ríkissjóðs. Skýringarnar eru aðrar. Vegna góðærisins myndast miklar tekjur af vörugjöldum. Meira er líka keypt hlutfallslega af þeirri vöru, sem ber hæstan virðisaukaskatt. Mennta greiða skatta af meiri hluta tekna sinna en áður, af því að skattleysismörkin hafa ekki færst eins hratt upp og launatekjur. Ríkið sparar sér líka ýmsar tekjutengdar bætur, til dæmis barnabætur og vaxtabætur, af því að þeir, sem þær fengu, þurfa þeirra ekki lengur með.

Eftir stendur, að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er í senn skatta- og skuldadrottning Íslands, en við hirð hennar skemmtir Stefán Ólafsson með sjónhverfingum. Honum ferst það vel úr hendi: Það er ekki á allra færi að breyta raunverulegum skattalækkunum í skattahækkanir með tal nabrellum.

Brýn verkefni í geymslumálum safna

UMRÆÐAN

Safnamál

Geyslumál safna hafa verið mikið til umræðu í kjölfar skýrslu nefndar sem ég fól á síðasta ári að kanna þörf undirstofnana menntamálaráðuneytis á geyslurými og koma með tillögum til lausnar.

Almennt er geysluaðstaða opinberra safna í því horfi sem ekki verður við unað, þótt á því séu vissulega undantekningar sem betur fer.

Skortur er á geyslurými og þær geyslur sem í notkun eru fullnægja færast lágmarksöruggiskröfum. Menningararfur þjóðarinnar er víða í hættu og má í því sambandi minna á fréttir af tjóni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Því taldi ég mikilvægt að vandinn yrði skilgreindur þannig að auðveldara yrði að átta sig á þeim úrlausnar-efnum er liggja fyrir og kanna hvort og þá hvar væri möguleiki á samnýtingu geyslulúsnæðis.

Brýnastur er vandi Þjóðskjalasafns Íslands. Ófremdarástand hefur skapast um geyslumál Þjóðskjalasafnsins og safnið fær ekki risið undir lög- bundnum skyldum sínum. Nú biða um 130 opinberar stofnanir eftir að afhenda safninu skjöl og gögn, en



ÞORGERÐUR KATRÍN
GUNNARSDÓTTIR

safnið hefur ekki aðstöðu til að veita þeim viðtöku. Við einkavæðingu bankanna og ríkisstofnana færðist sú skylda á safnið að taka á móti og ganga frá stórum skjalasöfnum og mikilvægt er að safninu verði gert kleift að sinna þeirri skyldu.

Einnig er brýn nauðsyn þess að tekið verði með festu á geyslumálum Listasafns Íslands sem hefur í safnhúsi sínu eina góða sérhannaða málverkageymslu sem er þó löngu sprungin. Að auki leigir safnið óhent-uga geyslu. Núverandi geysluaðstaða er því alls-endis ófullnægjandi.

Í skýrslunni var ekki tekið á geyslumálum Náttúrugripasafns Íslands enda eru málefni safnsins ekki á forræði menntamálaráðherra fyrr en að lög hafa verið sett um stofnun Náttúruminjasafns Íslands. Frumvarp þess efnis liggur nú fyrir Alþingi og brýnt að það verði samþykkt sem fyrst þannig að hægt verði að taka næstu skref. Fram að því er það á ábyrgð Náttúrufræðistofnunar að sjá til þess að gripir safnsins séu varðveittir á forsvaranlegan hátt.

Það eru ærin verkefni framundan í geyslumálum safna. Þau verða ekki leyst á einni nóttu heldur í áföngum. Brýnustu verkefni þola hins vegar enga bið.

Höfundur er menntamálaráðherra.

Á BLÁUM KJÓL

Blái liturinn er allsráðandi um þessar mundir eins og sést á stjórnunum sem mæta á verðlaunaafhendingarnar á bláum kjól.

TÍSKA 5



KÍKT Á ÚTSÖLUR

Á útsölum er hægt að finna heilmikið af fatnaði sem stenst tímans tönn og lifir af tískusveiflur.

TÍSKA 4.



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR **MATUR** BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ]

Granateplasafi fæst nú í verslunum Hagkaupa. Safinn er frá Rubicon og er hundrað prósent hreinn safi.



Útsalan í Útílfi er í fullum gangi og er hægt að fá vörur með þrjátíu til sjöttíu prósent afslætti.

Goða súpukjöt er á tuttu og fimm prósent afslætti í Nóatúni.

Tölvulistinn er með allt að 100.000 króna afslátt á útsölunni hjá sér.

Útsala hófst í Egg í gær og er boðið upp á allt að sextíu prósent afslátt af vörum.

All Saints er með sérstakt tveir fyrir einn tilboð á öllum vörum með sjöttíu prósent afslætti.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 12. janúar, 12. dagur ársins 2007.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	11.02	13.36
Akureyri	11.09	13.21

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Fiskur er hráefni sem leikur í höndunum á Sveini Kjartanssyni hjá Fylgifyskum.

Ferskur fiskur á hvers manns disk

Fiskur er ekki bara fiskur. Það finnst best þegar bragðað er á fjölbreyttum réttum fagmanna á borð við Svein Kjartansson í Fylgifyskum.

„Lax er með eindæmum hollur og það er ekkert af þessu steikt, þar af leiðandi er þetta mikið léttmeti,“ segir Sveinn þegar hann er spurður út í leyndardómana bak við réttina þrjá sem hann eldaði fyrir okkur. „Ferskleikinn skilar sér bæði í fiskinum og

grænmetinu og það er líka fljótlegt að búa þetta til. Proskurinn er ofnbakaður og mjög einfaldur. Er það ekki það sem gildir á þessum árstíma, einfaldur og fljótlegur matur?“ segir Sveinn og brosir. Hann er aðalkokkurinn hjá Fylgifyskum sem eru með verslun á Suðurlandsbraut 10 og á Skólavörðustíg 8. „Í byrjun sumars munum við svo opna sjávarréttabár í Leifsstöð þannig að það er nóg um að vera,“ segir Sveinn og býður til borðs.

- sjá uppskriftir á bls. 2

Trippen með útsölu í örfáa daga

ALLUR SKÓFATNAÐUR Í VERSLUNINNI TRIPPEN Á RAUÐARÁRSTÍG 14 ERU MEÐ 25 PRÓSENT AFSLÆTTI Í FÁEINA DAGA.



„Ég veit þetta hljómar eins og alger sölu-mennska en það verður ekki aftur snúið hjá þeim sem prófa skóna okkar. Það er svo auðvelt að ánetjast þeim,“ segir Berglind Gestsdóttir í versluninni Trippen glaðlega þegar hún er spurð um skótauið í búðinni. Þar er um að ræða bæði stígvél og skó sem Berglind segir hæfa sérlega vel íslenskrí og vandaðri fatahönnun. Skórnir eru samt þýskir og eru framleiddir á litlu verkstæði í Berlín. Þeir eru allir handunnir og litaðir með jurtaletum.

Trippen skórnir eru handunnir.

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA

Fjarnám á vorönn 2007

Skráning fer fram 5.- 12. janúar

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam



allt

matur o.fl.

Jólasteikin gerði út af við kjötlöngun landans. Nú er því um að gera að verða sér úti um uppskriftir að fisk- og kjúkl-ingaréttum rétt á meðan líkaminn vinnur úr fitunni og saltinu.



Brugg.is
vin og bjógerðarefni

Panntaðu á netinu!!
GSM: 511-1820
Netfang: brugg@brugg.is

Allt til vingerðar!
www.brugg.is

Verslaðu á netinu á lægra verði!
Íslenska Margmiðunarfélagið ehf. - Við erum í netverslun

Hrein lífræn jógúrt!

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs.** Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio-Bú

Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi

Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Cockteilsósa

Algjörlega ómissandi

63% fituskert

og eggjalaus með sama góða bragðinu

E.FINNSSON
63%
Cockteilsósa eggjalaus

VOGABÆR
Sími 424 6525 www.vogabaer.is

Sjávarfang í frísklegum og bragðgóðum búningi

Sveinn Kjartansson í Fylgífisk-um lætur lesendum eftirfarandi uppskriftir í té. Þar er hollustan höfð í fyrirrúmi þó ekkert sé heldur slegið af bragðkröfunum enda sóma réttirnir sér á hvaða veislu-borði sem er.

Laxatartar
300 g lax
15 g engifer
10 g piparrót
15 g rautt chili
30 g valhnetur
2 stk. vorlaukar
1 lítil pera
2 msk. sesamolía
Maldon salt
Nýmullinn pipar
Órlítið af ferskum kóriander

Grófsaxið laxinn og setjið í skál. Rífið piparrótina og engiferinn saman við. Fínsaxið vorlauk og chili og bætið í skálina ásamt sesamolíuni, grófmuldum valhnetunum og grófsaxaðri perunni. Saltið og piprið. Blandið öllu varlega saman. Mótið og leggið kórianderinn ofan á.

Gott er að bera laxatartar fram á salati, t.d. lárperu, baunaspírum, gúrkum og vorlauk. Fyrir þá sem vilja sósu með þá er wasabi-sesam dressing frá Boyajian góð.

Ofnakaður þorskur með mangópickles
4 stk. 200-220 g þorskhnakkar
3 msk. mangópickles
6 msk. sítrónuolía
1 stórt hvítlauksrif
Maldon salt
Nýmalaður hvítur pipar

Maukið mangópickles í matvinnsluvél og hellið sítrónuolíuni saman við. Hellið maukinu yfir þorskhnakkana, saltið og piprið. Raðið þorskinum í eldfast mót. Sneiðið hvítlauksrif í 12 þunnar sneiðar og setið þrjár sneiðar á hvern þorskhnakka. Bakið við 200°C í 15 mínútur.



Snjókrabbafylltar kolarúllur.



Laxatartar á lárperusalati með baunaspírum, gúrkum og vorlauk.

Gott er að bera þennan rétt fram með brúnum hrisgrjónum og hreinum sýrðum rjóma.

Snjókrabbafylltar kolarúllur
6 stk. meðalstór kolaf্লök
200 g snjókrabbi (má nota humar eða annan krabba)
2 msk. dukkah (idýfa)
50 g rjómaostur
Salt og pipar
Órlítið af ólífuolíu



Ofnakaður þorskur með mangópickles.

Skertið kolaf্লökin í tvennt eftir endilöngu. Leggið þau á vinnuplanka og saltið og piprið. Sigið safann af snjókrabbanum og setjið síðan í matvinnsluvél og maukið ásamt rjómaostinum og dukkah. Skiptið maukinu jafnt á kolaf্লökin og rúllið flökunum upp. Smyrjið eldfast mót með olíu og leggið kolaf্লökin í mótið. Bakið í 10 mínútur við 200 °C.

Meðlæti
1 stk. sæt kartaflla
200 g spínat
Olía til steikingar
Salt og pipar
1/2 lítið bunt basilika.

Skertið kartöfluna í litla teninga og steikið í olíunni á pönnu. Þegar teningarnir eru tilbúnir er spínatinu bætt á pönnuna og saltað og piprað. Stráið saxaðri basilikunni yfir og takið af hitanum.

Fæðutegundir sem metta og grenna

Hafðu hemil á matarlystinni og minnkaðu sykurbörfina.

1. Egg

Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem borða egg í morgunmat eru mettari næstu 36 klukkustundirnar en þeir sem fá sér ristað brauð eða morgunkorn. Gætið þess þó að nota litla olíu við steikinguna og ekki borða fleiri en sjö egg á viku.

2. Baunir

Það virðist kannski undarlegt að fá sér baunir í morgunmat en kúrekarnir hafa þó eflaust haft eitthvað fyrir sér í þeim efnum. Í baunum er nefnilega að finna merkilegt hormón sem heitir cholecystokinín en það setur náttúrulegar hömlur á matarlystina.

3 Salat

Byrjaðu máltíðina á því að borða

fullan disk af salati. Gættu þess þó að hella ekki hitaeiningaríkri salatsósu yfir allt. Salat gerir þig mettari, er fullt af næringarefnum og hefur jákvæð áhrif á alla líkamsstarfsemi.

4 Greip

Já, greipávöxturinn er snúinn aftur. Nýleg rannsókn á offitusjúklingum leiddi í ljós að með því að borða hálfan greipávöxt fyrir máltíð, léttist mannskapurinn um rúmlega eitt kíló á mann á 12 vikum.

5 Grænt te

Grænt te innheldur koffín sem hraðar brennslu og örvar efnaskipti. Það er líka vatnslosandi og vinnur gegn slæmum áhrifum kólesteróls.





Þorgerður býður upp á þjóðlega kjötsúpu á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rifist um að baka pönnukökur

Tíu dropar er eitt af þessum viðkunnanlegum kaffihúsum sem kúrir á Laugavegi. Það eru yfir tuttugu ár síðan kaffihúsið leit dagsins ljós, en fyrir rúmu ári tóku við því fjórar ungar konur sem leggja mikla áherslu á einfalda og góða þjóðlega rétti.

Það er sérstaklega hlýlegt andrúmsloft í kjallara Laugavegs 27 þar sem Tíu dropar eru til húsa. Eins konar fortíðarþrá læðist um milli borðanna. Og þegar glaðleg þjónustustúlkan birtist og býður kaffi er eins og maður sé komin í heimsókn til góðra vina.

Þegar þær Tinna Ásgeirsdóttir, Sigríður Helga Kristjánsdóttir, Brynja Björk Hinriksdóttir og Þorgerður Egilsdóttir tóku við þessum rótgróna kaffihúsi fylgdi með tryggur hópur gesta sem enn koma í heimsókn enda er stefnan hjá vinkonunum að gestum líði vel. „Við förum hægt af stað með breytingar svo að fastagestirnir myndu ekki missa umhverfið sem þeir þekktu. Við gerðum lítills háttar breytingar á salnum sem féllu í góðan farveg og samhliða því breyttum við og bættum örlítið við matseðilinn,“ segir Þorgerður Egilsdóttir bústýra hjá Tíu dropum.

Salnum var breytt örlítið og matseðillinn færður í þjóðlegri búning. Meðal annars er boðið upp á flatbrauð með hangikjöti, kleinur, pönnukökur og góða kjötsúpu sem heillar alla upp úr skónum. „Við höfum allar okkar hlutverk í rekstrinum, en það er skemmtilegast í pönnukökunum, svo við rifumst stundum um að baka þær,“ segir Þorgerður brosandí.

Í gestahópnum er fólk sem vinnur í miðbænum en líka aðrir sem gera sér ferð í bæinn sérstaklega til að kíkja inn á Tíu dropa. „Það eru mjög margir fastagestir, bæði daglega og þeir sem koma einu sinni í viku eða mánuði.



Maður sér sömu andlitin reglulega og það er mjög indælt að sjá hvað hópurinn stækkar og að gestunum líður vel hjá okkur,“ segir Þorgerður.

Tíu dropar eru á Laugavegi 27 og er opið virka daga frá klukkan 09.00-18.00, á laugardögum frá kl. 10.00-17.00, en lokað á sunnudögum.

Kjötsúpan góða

ER Á BOÐSTÓLUM MÁNUDAG, MIÐVIKUDAG OG FÖSTUDAG.

400 g nautakjöt
1 l vatn
Rauðvín eftir smekk
Nautakraftur
Tómatpuré
1 sneiddur laukur

ADFERD

Vatni hellt í pott, kjötið soðið í 50 mínútur ásamt, tómatmákinu, lauknum og rauðvíni. Bætið við 4 stórum kartöflum, (Þorgerður notar gjarnan fleiri), og 4 stórum gulrótum. Sjóðið áfram í 20 mínútur, bætið við beikoni eftir smekk, sveppum og hvítlauk og piprið með svörtum pipar. Salt er ekki nauðsynlegt, nema fyrir þá sem það vilja.



Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Lambakjöt með graskeri

Þessi ljúffengi réttur er matreiddur eftir stefnu í matargerðarlist sem kveður á um að til þess að gott hráefni, eins og íslenska lambakjötið, njóti sín sem best eigi sem minnst við það að eiga.

5-6 kótelettur

1/2 lítið grasker (fræhreinsað, flýsjað og skorið í grófa bita)
Ef grasker er ekki fáanlegt má notast við 1 stóra sæta kartöflu í staðinn.
4-5 kartöflur (skornar í sneiðar)
1 rauður laukur (skorinn í fleyga)
2-3 viskar af ferskri salvíu sjávarsalt og nýmalaður pipar ólífuolía

1. Penslið kjötið með ólífuolíu, saltið það og piprið og steikið á heitri pönnu í 1 mínútu á hvorri hlið.

2. Setjið allt grænmetið í skál og hellið 2-3 msk ólífuolíu yfir, saltið og piprið og veltið öllu saman þangað til grænmetið er orðið vel smurt olíu.

3. Setjið kjötið og grænmetið í eldfast fat. Rífið ferska salvíu yfir og bakið í 200 gráðu heitum ofni í um 20 - 30 mínútur eða þangað til kjötið er eldað í gegn og grænmetið líka.



Á vefslóðinni www.matseld.is er að finna sitthvað gagnlegt um mat og matargerð.

Nýr vefur um matseld

Umræður, veitingahúsaryni, uppskriftir og góð ráð.

Matseld.is er nýr vefur þar sem áhugafólk um mat og matargerð ætti að finna sitthvað við sitt hæfi. Vefurinn er ókeypis fyrir notendur, en með því að skrá sig getur fólk skipst á góðum ráðum, sett inn uppskriftir og margt fleira. Til dæmis skiptast notendur á ráðum í sambandi við að skipuleggja kvöldmatseðilinn viku fram í tímann, hvar hægt er að finna góðar uppskriftir fyrir sykursjúka, hvað skuli gera þegar fólk er með ofnæmi fyrir MSG og fleiri hollráð.

Á vefsíðunni er einnig að finna veitingahúsaryni þar sem notendur gefa veitingastöðum einkunnir, orðabanka með ýtarlegum upplýsingum um margs konar fæðutegundir sem oft virðast framandi og fleira gagnlegt.

PANTAÐU Í SÍMA
554 6999
WWW.JUMBO.IS

SAMLOKUBAKKI | TORTILLABAKKI | BLANDAÐUR BAKKI
ÞÚ GETUR PANTAÐ GIRNILEGA VEISLUBAKKA FRÁ OKKUR MEÐ LITLUM FYRIRVARA

allt

auglýsingasími

550 5880



Útsalan er hafin
2 fyrir 1
Meðgögnufatnaður // Barnafatnaður

tvö 3lif

Holtasmári 1 • sími 571 8500 • www.tvolif.is
Opíð 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

TILBOÐSDAGAR Í SIGURBOGANUM
15 - 50 % afsláttur
af völdum vörum

Sigurboginn Laugavegi 80
s. 561 1330

Útsala
Útsala
Útsala

Útsala

Ca. Guðrún
tískuverslun
Rauðarársveg 1 sími 561 5077

allt bílar
Alla laugardaga

Fínar flíkur á flottu verði

Zara Kringlunni

Jakki 6.995 kr.
Pils 3.995 kr.
Skyrta 2.995 kr.
Belti 1.595 kr.
Skór 5.495 kr.
Taska 3.995 kr.
Sólgleraugu 1.595 kr.

Alls: 26.665 kr.

Um þessar mundir standa janúarútsölurnar sem hæst og því gott að gera hagstæð fatakaup.

Hagsýnir einstaklingar fata sig upp í janúar og leggja sig þá fram við að kaupa fatnað sem er vandaður og jafnframt sígildur. Þessa dagana keppast verslanir við að lækka verð og afsláttur fer niður í níutíu prósent á sumum stöðum. Þetta er því sannarlega rétti tíminn til að endurnýja það sem til er í fataskápnum, enda sú tíð löngu liðin að Íslendingar stoppi í sokka og saumi bætur á olnboga og hné.

mhg@frettabladid.is

Karen Millen

Stígvél 16.495 kr.
Úlpa 12.495 kr.
Gallabuxur 6.495 kr.
Peysa 6.495 kr.

Alls: 41.980 kr.

Noa Noa

Bolur 4.790 kr.
Jakki 7.890 kr.
Pils 6.190 kr.
Skór 7.790 kr.
Hálsmen 1.790 kr.

Alls: 28.450 kr.

Theo merkið er djærft í litum. Hér eru ein fjólu-blá sem fást í Sjáðu.

Brún og beislituð með appelsínugulri rönd með merki Paul Frank. Fást í Sjáðu.

Alain Mikli leikur sér með litina. Þessi fást í Lins-

Booth Bruce er klassískt merki með einfaldar, frekar stórar umgjörðir. Fást í Sjáðu.

Paul Frank er amerískt merki, svoltið „retro“. Fást í Sjáðu.



Hverjum hefði dottið í hug að þessi gleraugnatíska kæmi aftur? En þessi gleraugu eru af tiskupallinum hjá Michael Kors.

Fjölbreyttir litir og form

Gleraugu taka breytingum í takt við tiskuna eins og flest annað. Fréttablaðið leit inn í tvær gleraugnaverslanir í miðborginni og sannferðist um það.

Litir virðast áberandi í gleraugnum núna. Að sögn kaupmannanna Sigrúnar Bergsteinsdóttur í Linsunni við Aðalstræti og Gylfa Björnssonar í Sjáðu á Laugavegi 32 er almenningur ánægður með það. „Fólk er alveg tilbúið að taka á móti þessum nýjungum eftir allt þetta svarta, hvíta og glæra þótt það sé alltaf sigilt.

Meira að segja strákarnir fá sér óhikað litaðar umgjörðir,“ segir Sigrún. Gylfi er sama sinnis og segir alla flóruna vera í tísku. „Sum gleraugun eru ýkt og önnur látlausari en það er tvímælaust gott fyrir okkur Íslendinga sem höfum þetta ljósa litaraft og langa skammdegi að við skulum hafa aðgang að frískandi umgjörðum ef við þurfum á gleraugum að halda.“

Þegar Sigrún er innt eftir vinsælustu merkjunum nefnir hún Alain Mikli sem hún segir leggja nokkuð línurnar í gleraugnatískunni. „Alain er franskur og er einn okkar fremsti hönnuður,“ segir hún. „En svo erum við með mörg

önnur þekkt merki eins og Cartier og Lacoste og einnig Diesel fyrir krakkana.“

Gylfi er sjóntækjafræðingur og selur meðal annars gleraugu frá Mykita, sem er þýskt, með eftirgefandlegar umgjörðir, smelltar saman. Hann nefnir líka Theo sem er belgískt merki sem hann segir hafa mokað til sín hönnunarverðlaunum. „Theo keyrir á óvenjulegum formum og er djærur í litum. Oft eru gleraugun þaðan ekki eins hægra megin og vinstra megin og það getur verið svoltið skemmtilegt. Þetta er stærsta sölumerkið hjá mér í dag,“ segir Gylfi og tekur fram að allar gerðir fást í mismunandi litum.

-gun



Græn og glæsileg eftir Alain Mikli. Fást í Linsunni.



Köflótt geta gengið við flest. Þessi eru eftir Alain Mikli og fást í Linsunni.



Koali er franskt merki sem fást í Linsunni.

Á bláum kjól

Blár er litur mánaðarins.

Ef marka má þær myndir sem okkur berast af fræga fólkinu þá virðast bláir kjólar vera í tísku um þessar mundir. Kvikmyndaleikkonur stilla sér upp, hver á fætur annarri, fyrir framan myndavélarnar í bláum kjólum, allt frá ljósbláum upp í dimmbláan lit rökkursins. Blár litur fer flestum vel og segja sérfræðingarnir að blár sé góður litur til að vera í á mynd, því hann lætur alla líta vel út.

-kep



Fíttis-kjöll Kathrine Heigl vakti athygli á People's Choice verðlaunafélaginu.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



Beyoncé Knowles mætti á afhendingu Amerísku tónlistarverðlaunanna í þessum fagurbláa síðkjól með glitsteinum og öllu tilheyrandi.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Eins og flestar stúlkurnar á People's Choice Awards var Carmen Electra í bláum kjól.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Kate Winslet og Cate Blanchett eins og gyðjur hafsins í bláum kjólum við verðlaunafélaginu á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Palm Springs.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

FRAMKOMU & FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 23. OG 25. JANÚAR.

SJÁLFSSTYRKING FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF FÖRDUN UMHIRDA HÚÐAR OG HÁRS UNDIRBÚNINGUR FYRIR MYNDATÖKU MYNDATAKA (2 SV/HV MYNDIR) TÍSKUSÝNINGARGANGA FÍKNIENAFRÆÐSLA LEIKRÆN TJÁNING NÆRINGARRÁÐGJÖF

Umsjónarkennarar:
Kristín Ásta Kristinsdóttir
Gestakennarar:
Kolbrún Pálína Helgadóttir, Lilja Nótt Þórarinsdóttir ofl.

Allir þáttakendur fá Eskimo boli, viðurkenningaskjal og 10 sv/hv myndir. Námskeiðinu líkur með stórrí tiskusýningu.

Verð 17.900 kr.

Skráning er hafin í síma 533-4646 og á www.eskimo.is.

allt tilboð o.fl.

50%

Nettó kemur sterkt inn á nýju ári í tilboðstöfluna og er með mesta afsláttinn þessa helgi, annars vegar á Goða sviðum og hins vegar Prippls pilsner.



Allir á skauta
Skautaholl.is
 Opið frá kl. 13 00 allar helgar

Rope Yoga
 stúdíó
 Ármúla 44
Skráning í gangi




Kennari: Emma Bjarnadóttir
 Uppl.: s. 860 2173 - info@egER.is - www.egER.is

VERSLUN
Guðsteins Eyjólfssonar
 Veiðis Guðsteins Eyjólfssonar Laugavegi.

Tilboðs dagar
 Opið mán-fös. 9-18
 laugardag 10-16

allt heilsa
 Alla þriðjudaga og fimmtudaga

bin verslun

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Laushakkað ungnautakjöt	1.294	1.438	1.294	10
Skinkubítar 120 g	209	264	1.742	20
Kálfabjúgu	499	629	499	20
Helgarlamb m/sólþ. tómötum og basil	1.468	1.835	1.468	20
Barilla spaghetí 500 g	79	89	158	10
Celest Organic te 10 stk.	99	Nýtt		10
WASA Sesam 12x200 g	149	215	745	30
WASA Sport 24x275 g	129	179	469	30
WASA Ragi 24x275 g	129	149	469	15
WASA Fiber plus 12x230g	189	249	822	25
TILDA BASMATI, suðupokar 500 g	229	266	458	15
TILDA BROWN BASMATI BB1B poki 500 g	159	219	318	25
TILDA ROYAL KORMA sósa 350 g	299	409	854	25
TILDA TIKKA MASALA sósa 350 g	299	409	458	25

Tilboðin gilda til 17. janúar

NÓATÚN

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Ungnautahakk	798	1.398	798	45
Fiskibollur m/ostafyllingu, m/pitsufyllingu	898	1.298	898	30
Fiskibollur smáar	798	1.198	798	35
Laxasteik m/teriyaki og brandí	1.698	1.998	1.698	15
Keila í tómat og basil	998	1.298	998	25
Móa kjúklingur ferskur 1/1	449	749	449	40
HM lífrænt spelt hveiti 907 g	331	389	365	15
HL granola morgunkorn, 3 tegundir 400 g	288	339	720	15
HM lífrænt pasta 3 tegundir 340 g	295	369	868	20
Egils kristall sítrónu 1 l	99	185	99	45

Tilboðin gilda til 14. janúar

nettó

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Goða lambasviðasulta 1.329	1.899	1.329		30
KEA hangilæri soðið	2.232	3.189		30
KEA hangiframpartur soðin	2.064	2.949	2.064	30
Goða lambasvið	310	619	310	50
Lambaofnsteik villikrydduð	1.294	1.848	1.294	30
Borgarnes kjötvörur ungnautahakk	1.167	1.459	1.167	20
Borgarnes kjötvörur saltkjöt blandað	682	909	682	25
Íslandsfugl kjúklingabringur ferskar	1.875	2.679	1.875	30
Grand Orange helgarsteik	1.394	1.858	1.394	25
Prippls pilsner 0,5 l	49	99	49	50

Tilboðin gilda til 14. janúar

KRÓNAN

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Móa kjúklingabringur magnp.	1.875	2.679	1.875	30
McCain superfries rífflaðar 900 g	269	359	299	25
Naggalínar sænskar kjötbollur 450 g	499	609	1.109	20
Naggalínar Cordon bleu 350 g	399	564	1.140	30
Goða svínakötiletur	989	1.498	989	35
Goða svið frosin í poka	398	619	398	35
Lýsi heilsutvenna 32 dagskammtar 1 pk.	481	566	15	15
Siesta kaffi 400 g	199	249	498	20
Sprite/sprite zero 2 l	119	179	60	35
Alberto sjampó/hárnæring 425 ml	212	249	499	15

Tilboðin gilda til 14. janúar

BÓNUS

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
KS frosin lambasvið	299	399	299	25
Frosið stúpkjöt 2 fl.	279	399	279	30
HF frosin ýsuflok m/roði	499	599	499	15
GK eplasafi 1 l	69	98	69	30
Ferskt ungnautahakk	898	1.269	898	30
Bónus þorskalýsi 500 ml	359	399	718	10
Bónus þorskalýsisperlur 300 stk.	359	399	1.20	10
Bónus músli 1 kg	199	259	199	25
Bónus jógúrtis 3,5% fita	259	Nýtt	259	
Bónus frostpinnar 8 stk.	179	Nýtt	22	

Tilboðin gilda til 14. janúar

KASKO

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Nestlé Lion Bar Kingsize 65 g	79	99	79	20
Grand appelsínusafi 2 l	175	299		40
Booster taumýkir 1 l	129	199	129	35
Booster þvottaefni col 2,4kg+600g	399	599	399	35
Dix uppþvottalögur 500 ml	89	129	89	30
Gilgahreinsir m/dælu 500 ml	139	199	139	30
Arineldiviður 1.2 kg	179	279	179	35
Mola Wc pappír 9+3 stk.	459	Ný vara	459	
Náttúra jurtarjóni 250 ml	139	189	139	25
Capri súkkulaðibitar 200 g	169	199	15	

Tilboðin gilda til 14. janúar

HAGKAUP
 Sammiðingast að vörsla

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Svínahnakki, úrbeinaður úr kjötbörði	1.098	1.579	1.098	30
Lambageiri m/villisvep.&kryddj. úr kjötbörði	2.998	3.349	2.998	10
Holta ferskar kjúklingalundir í magnpk.	1.718	2.455	1.718	30
Holta kjúklingalæri m/legg í magnpk.	419	645	419	35
Lambalæri frosið	889	1.499	889	40
Ítalskur ís í glerbikar 400 ml	597	699	597	15

Tilboðin gilda til 14. janúar

Föt sem aldrei eru notuð

Harpa Hrund Pálsdóttir kaffibarþjónn segist tengjast ótrúlegustu hlutum tilfinningaböndum.

Á síðasta ári festu Harpa og ástmaður hennar kaup á íbúð í Norðurmyrinni. Það segir hún að hafi verið bestu kaup ævi sinnar. „Við erum búin að vera lengi að koma okkur fyrir enda margt sem þurfti að laga í íbúðinni og enn fleira sem við vildum breyta,“ segir Harpa. „En íbúðin er orðin nokkuð hugguleg núna og vonandi fer framkvæmdum að ljúka.“

Þegar Harpa flutti var mikið af dóti sem hvarf á haugana. „Ég tengist ótrúlegustu hlutum, fötum til dæmis, tilfinningaböndum. Ég tek upp bol og man þá eitthvað sem gerðist daginn efir að ég keypti hann

eða eitthvað álíka. Þó svo ég sé löngu hætt að nota flíkina hef ég það ekki í mér að henda henni og því safnast draslið upp,“ segir Harpa og hlær.

Harpa segist einnig hafa það á samviskunnni að hafa keypt föt sem hún hefur aðeins notað einu sinni og jafnvel aldrei. „Þetta eru fleira en ein eða tvær flíkur skal ég segja þér,“ segir Harpa.

Ekki liggja öll fötin hennar Hörpu ónotuð í neðstu skúffu skápa. „Ég á gullskó sem ég er búin að nota svo mikið að tvisvar hef ég þurft að kaupa innlegg í þá því ég hef gengið botninn niður,“ segir Harpa sem enn notar skóna þó svo gat sé komið á sólana. „Ég verð bara að passa mig í rigningunni,“ bætir hún við og greinilegt er að tilfinningaböndin er sterk gagnvart þessum götóttu gullskóm.



Harpa Hrund Pálsdóttir er afar sátt við gömlu gullskóna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tryggjafrettabladid.is

12. janúar 2007



Sportbílaæði í stjórn 365 Allir á Porsche nema Pálmi

| 4 |



Fótboltamamm-an á Skaganum
Fjórir synir, fjórir frábærir fótboltamenn

| 6 |

DILANA Í VIÐTALI

„Ég veit að Eyrún kennir mér um skilnaðinn“

VIÐTAL 2



Athafnakonan Ingibjörg Þorvaldsdóttir:

LÆTUR BARNEIGNIR EKKI STOPPA SIG

*Glæsilegt
Janúar
tilboð*

Baðinnréttingar á botnverði
Til afgreiðslu af lager

Komdu með málsetta
grunnmynd af baðinu þínu
og við hönnum, teiknum og
gerum þér hagstætt tilboð.

Mán. - fös. kl. 9-18
Laugard. kl. 10-15

Friform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



* Tveir skápalitir, hvítur eða koksgrár

* Heilsteypt vaskborð eða plastlagðar borðplötur og borðhandlaugar

* Fjöldi skápa og hurðagerða

fréttir

■ Heyrst hefur



Apótekið til sölu

Einn vinsælasti veitingastaður miðbæjarinn Apótekið er til sölu. Sirkus hefur heimildir fyrir því að eigendurnir og hjónin, **Guffi og Gulla**, séu nálægt því að komast að samkomulagi við þekktan veitingamann um kaup á staðnum. Ekki er vitað hvert kaupverðið er en miðað við staðsetningu og vinsældir ætti að vera um töluverðar fjárhæðir að ræða.

Bachelorinn kominn með kærustu



Einn þekktasti piparsveinn landsins, **Steingrímur Randver Eyjólfsson**, er kominn með nýja kærustu

upp á arminn. Sú heppna heitir **Hrónn Helgadóttir** og er hárgreiðslustúlka. Nýja parið býr á Akureyri en Steini vildi ekkert segja um sambandið. „Ég er kominn með nóg af fjölmiðlaumfjöllun og vil bara fá að vera í friði hér í sveitinni. Þetta var skemmtileg reynsla en nú er komið nóg,“ sagði Steini við Sirkus.



Auðunn á fullu í ræktinni

Sjónvarpsmaðurinn **Auðunn Blöndal** æfir nú af miklum móð í ræktinni til að vera í sem bestu formi fyrir hlutverk sitt sem kynnr á Hlustendaverðlaunum FM sem fara fram 23. janúar í Borgarleikhúsinu. Mörgum þótti Auðunn hafa bætt töluvert á sig á síðasta ári en hann tekur vel á lóðunum og hrynja kilóin hreinlega af honum. Sem veitir ekki af þar sem innkoma hans á hátíðina verður með óvenjulegum hætti sem ekki verður farið nánar út í hér.

ROCKSTAR-SÖNGKONAN DILANA UM SKILNAÐ MAGNA OG EYRÚNAR

„Ég er ekki ástæðan fyrir skilnaðinum“



Þetta eru gróusögur. Ég talaði við Magna og okkur er skítsama um þessar sögur. Fólk getur talað eins og það vill en ég er ekki ástæðan fyrir skilnaði þeirra,“ sagði söngkonan Dilana í einkaviðtali við Sirkus en þrálátur orðrómur þess efnis að hún sé ástæðan fyrir skilnaði Magna Ásgeirssonar og Eyrúnar Huldur Haraldsdóttur hefur gengið um allt Ísland allt frá því að Magni og Eyrún birtu fréttatilkynningu í DV fyrir viku þar sem þau tilkynntu að þau hefðu slitið samvistir.

Dilönu og Magna varð afar vel til vana á meðan á upptökum stóð á sjónvarpsþættinum Rockstar Supernova síðastliðið sumar og hún hefur meðal annars komið til Íslands nokkrum sinnum síðan. „Auðvitað elskum við hvort annað sem nánir og góðir vinir. En við erum bara vinir,“ sagði Dilana og bætti við að þátturinn hefði breytt lífi allra þátttakendanna. „Magni breyttist og þroskaðist frá sambandinu. Þessi heimski þáttur breytti okkur

EYRÚN HULD HARALDSDÓTTIR Dilana hrósar Eyrúnu Huld í hástert en segir Magna hafa þroskast burtu frá sambandinu á meðan hann dvaldi í Bandaríkjunum.

SAMSTÍGA Á SVIÐINU Magni og Dilana tróðu upp í starfsmannapartíi Ícelandair í lok október.

öllum, gerði okkur að öðrum einstaklingum með aðrar væntingar um okkur sjálf og lífið.“

Aðspurð hvort hún sæi fyrir sér að hún og Magni myndu byrja saman nú þegar hann er laus og liðugur svaraði Dilana því neitandi. „Alveg örugglega ekki. Við erum bara vinir sem viljum fá að spila okkar tónlist. Ég veit að Eyrúnu finnst að þetta sé mér að kenna en ég neita að samþykkja það. Hún er stórkostleg kona og er Marínó frábær móðir en aðeins ég og Magni munum vita hinn raunverulega sannleika,“ sagði Dilana. Hún vildi ekki skýra nánar þessa síðustu setningu þegar sérstaklega var gengið á eftir því.

Magni mun væntanlega halda til móts við Dilönu og aðra Rockstar-söngvara í næstu viku þar sem hann mun fara í tveggja mánaða tónleikaferðalag um gjörvöll Bandaríkin. „Ég hlakka til að sjá hann og vona að hann komi í næstu viku. Það er verið að vinna í vegabréfáritun fyrir hann og ég á von á því að það klárast um helgina. Það verður gaman að hittast aftur og spila tónlist,“ sagði Dilana.

- óþh

Bubbi í hljóðver með Mínusliðum

Bubbi Morthens er á leið inn í hljóðver til að hefja upptökur á nýjstu plötu sinni sem kemur út síðar á þessu ári. Hann sagði í samtali við Sirkus að hann væri kominn í startholurnar og gæti ekki beðið eftir því að byrja. Með honum á plötunni verða Mínus-mennirnir Frosti og Bjóssi og sagði Bubbi að það lægi augum uppi hvers konar tónlist yrði á plötunni. „Þetta verður rokk,“ sagði Bubbi en hann veit ekki enn upp hár hvenær platan kemur fyrir augu almennings.

Bubbi gaf ekki út neina plötu með frumsömdu efni á síðasta ári enda árið undirlagt af uppákomum í tilefni fimmtíu ára afmælis hans. Upptaka af afmælistónleikum hans 06.06.06 og DVD-

Bubbi Morthens Ætlar að rokka á næstu plötu sinni sem litur dagsins ljós á þessu ári.

diskur með sama efni seldist þó ljómandi vel og seldust alls á bilinu 16 til 17 þúsund eintök af þessum tveimur útgáfum.

Bubbi hefur löngum verið þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir þegar að því kemur að velja fólk til samstarfs við plötugerð. Tvær síðustu plötur sem hann gaf út með frumsömdu efni árið 2005 vann hann í samstarfi við Barða Jóhannesson. Þær voru lágstemmdar en nú verður talið í og rokkað.

Frosti og Bjóssi Mínus-rokkararnir verða Bubba til halds og trausts á nýju plötunni.



Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
við Skólbraut, 210 Garðabæ • Sími 520-1600 • Fax 565-1957
vefslóð: <http://www.fg.is> • netfang: fg@fg.is



Öflugt fjarnám í boði.
Hagstætt verð.

Skoðið heimasíðuna:
www.fg.is

sirkus

Útgáfufélag 365 prentmiðlar Útgefandi Helgi Hermannsson, ábm. Ritstjórn Óskar Rafn Porvaldsson oskar@frettabladid.is, Indiana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is, Yfirmaður sirkusmiðla Árni Þór Vigfússon arni@minnsirkus.is Sirkusblaðið Skafahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 Söluþjóri Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is



KNUD HOLSCHER/d line PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Industrial Design (lönhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtipilin fyrir almenningsalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line
Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aset@aset.is www.aset.is



fréttir

Heyrst hefur




Magnús Ármann Hann og Þorsteinn eru bestu vinir og fluttu inn Porsche-bíla sína saman.

Ekkert að gerast á Fjölnisvegi

Ríkasti maður Íslands, **Björgólfur Thor Björgólfsson**, og sambyliskona hans **Kristín Ólafsdóttir** fjárfestu í 150 milljóna króna glæsivillu við Fjölnisveg síðasta sumar. Þau fengu eignina afhenta í byrjun september en hafa ekki enn hafist handa við breytingar. Húsið stendur eins og draugahús á meðan Björgólfur Thor og Kristín leigja einbýlishús í Fossvoginum, fjarni skarkala miðbæjarins.

Hebbi semur lag fyrir DV

Það er mikill hugur í liðsmönnum hins nýja DV sem ætla í stórsókn undir stjórn nýs ritstjóra **Sigurjóns M. Egilssonar**. Annað helgarblað hinnar nýju áhafnar lítur dagsins ljós í dag en ekki mun liða á löngu þar til blaðið fer í daglega útgáfu. Söngvarinn góðkunnir **Herbert Guðmundsson** hefur trú á þessu verkefni því hann labbaði upp á skrifstofu ritstjóra DV með kassettutæki og spilaði fyrir hann nýtt DV-lag sem hann hafði samið. Ekki fer neinum sögum af viðbrögðum ritstjórans.



Áttu 200 milljónir?

Ef þú ert í fasteignahugleiðingum og átt nóg af peningum þá gæti verið sniðugt að skoða rúmlega 600 fermetra glæsivillu sem tiskudrottningin **Íris Björk Jónsdóttir** í **GK** hefur sett á sölu á Sunnufliót í Garðabænum. Húsið er ekki enn risið en verður eitt hið glæsilegasta sem sést hefur á höfuðborgarsvæðinu. Og verðið? Kunnugir segja það vera



STJÓRN 365 SAMTAKA Í BÍLAKAUPUM Á SÍÐASTA ÁRI

365

Þorsteinn M. Jónsson Flutti inn sérsníðaðan Porsche frá Þýskalandi.

AKA ALLIR UM Á GLÆNÝJUM

PORSCHE NEMA PÁLMI



Þú segir nokkuð. Þetta er nú bara fyndið, sagði athafnamaðurinn Pálmi Haraldsson í Fons í samtali við Sirkus þegar honum var bent á að allir stjórnarmenn 365, sem er útgefandi Sirkuss, nema hann hefðu fjárfest í glænýjum Porsche-sportbílum á undanförunum mánuðum.

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður 365 og forstjóri Baugs, Þorsteinn M. Jónsson, forstjóri Vífilfélss og athafnamennirnir Magnús Ármann og Árni Hauksson keyptu sér allir stórglæsilega Porsche 911 Turbo bíla, sérsníðaða í Þýskalandi og er áætlað að hver bíll hafi ekki kostað undir 20 milljónum. Þeir sitja allir í stjórn fjölmiðlafyrirtækisins 365 ásamt hinum Porsche-lausa Pálma.

„Það stendur ekki til hjá mér að endurnýja,“ segir Pálmi og hlær. „Bílar hafa ekkert að segja í mínu lífi. Ef ég fengi mér nýjan þá myndi ég kaupa Volvo XC 90. Það er flottur bíll,“ segir Pálmi en hann gerir þó síður ráð fyrir því að endurnýja bíl sinn á þessu ári. „Þetta er fínt eins og það er,“ segir Pálmi sem ekur um bæinn á Range Rover.

Bílakostur stjórnarmanna 365 fyrir utan þessa Porsche-bíla er heldur ekki af verri endanum. Jón Ásgeir Jóhannesson er þekktur bílasafnari og er talið að bílar í hans eigu slagi hátt í þrjátíu. Magnús Ármann á tvo nýja Range Rover sem kosta báðir yfir tíu milljónir og Þorsteinn M. Jónsson á sömuleiðis Range Rover. Bílaáhugamenn gætu því gert margt verra við tímann en að skoða bílafloata stjórnar 365 þegar hún kemur saman.



Pálmi Haraldsson Á ekki Porsche og er alveg sama.



Jón Ásgeir Jóhannesson Stjórnarformaðurinn bætti Porsche í safnið.



Árni Hauksson Mikill fagurkeri sem elskar hraðskreiða bíla.

Dans er íþrótt
Kynið alla

Barnadansar
Standard & suður amerískir dansar
Linudansar
FreeStyle - Jazz
Magadans & Salsa

Allir almennir dansar fyrir fullorðna, unglinga & börn.

Starfsmanna- & stéttaléið veita styrki vegna dansnámskeiða. Aðeins úrváls kennarar með réttindi & áratuga reynslu.

Systkinaafsláttur!

Fagmennskan í fyrirrúmi

DANSSKÓLI
Sigurðar Hákonarsonar
Danisþróttafélag Kópavogs - DÍK
Auðbrekku 17 - Kópavogi

www.dansari.is
Ópló hús til æfinga.

Ármann með settið úr Indiana Jones-mynd




Indiana Jones Vinsæl Indiana Jones and the Temple of Doom var gífurlega vinsæl mynd þegar hún kom út fyrir 22 árum og vann ein Óskarsverðlaun.

Nokkuð hefur verið rætt og ritað um áramótapartí bankamannsins Ármanns Þorvaldssonar í Hampden Court Palace í London um síðustu helgi. Partíð vakti mikla athygli enda meiru kostað til en venja er þegar Íslendingar bjóða til veislu. Fram hefur komið að hljómsveitin Duran Duran spilaði nokkur lög í risatjaldi sem reist var í garði hallarinnar fyrir þetta eina tilefni.

Það vakti þó jafnvel meiri athygli viðstaddra þegar inn í tjaldið komið að sviðið og barinn var fengið úr leikmynd stórmyndarinnar Indiana Jones and the Temple of Doom sem kom út árið 1984 og skartaði að sjálfsögðu Íslandsvininum Harrison Ford í hlutverki fornleifafraðingsins geðþekka. Gestir Ármanns kunnu vel við sig í kunnuglegu umhverfi myndarinnar og drukk og borðuðu eins og þeir gátu í sig látið af finustu veigum og kræsingum.

Ármann Þorvaldsson Bauð ekki bara upp á Duran Duran heldur líka leikmyndina úr Indiana Jones-mynd, þá leikmynd sem birtist í upphafsatriði myndarinnar Indiana Jones and the Temple of Doom.



NÝTT BRAGÐ!

PEPSI



**MAX
LIME**

ALVÖRU BRAGÐ
KAGINA SYKI



BJARNEY ÞÓRUNN JÓHANNESDÓTTIR BÝR TIL FANTAGÓÐA FÓTBOLTAMENN

Fótboltamamma á Skaganum

Þegar talað er um hvaðan bræðurnir Þórður (33), Bjarni (27) og Jóhannes Karl (26) Guðjónssynir hafa knattspyrnuhæfileikana er faðir þeirra, knattspyrnuþjálfarinn sigursæli Guðjón Þórðarson, yfirleitt nefndur til sögunnar. Flestir gleyma því að drengirnir þrír eiga líka móður, **Bjarneyju Þórunni Jóhannesdóttur** (50). Guðjón og Bjarney skildu árið 1984 en það stoppaði ekki Bjarneyju í því að búa til enn einn hæfileikaríka knattspyrnumanninn, Björn Bergmann Sigurðarson (15), með núverandi eiginmanni sínum Sigurði Haraldssyni. Bræður hans segja Björn þann efnilegasta af þeim öllum og hafa lið á borð við Manchester United sóst eftir honum. Björn ákvað að vera áfram á Skaganum til að læra af Guðjóni Þórðarsyni áður en hann hleypir heimdraganum sem virðist óumflýjanlegt í ljósi hæfileika hans. Óskar Hrafn Þorvaldsson ræddi við fótbolta-mömmu Íslands, Bjarneyju Þórunni Jóhannesdóttur og fræddist um það hvernig fara á að því að búa til góða fótboltamenn.

Ég veit ekki hvort ég hafði einhverja hæfileika í fótbolta. Ég held svei mér þá að ef svo hafi verið hafi drengirnir tekið þá alla frá mér," segir Bjarney Þórunn Jóhannesdóttir, móðir bræðranna Þórðar, Bjarna, Jóhannesar Karls og Björns á Akranesi. Aðspurð hvernig standi á því að henni hafi tekist að búa til fjóra drengi sem allir eru framúrskarandi fótboltamenn.

"Ég átti þrjá bræður sem voru í fótbolta en þeir komust ekki eins langt og strákarnir mínir. Þeir voru í unglíngalandsliðum en síðan ekki meira," segir Bjarney. Það skaðar að sjálfsgöðu ekki að Guðjón Þórðarson,

og á kvöldin og það var lítið um sælgæti," segir Bjarney.

Hún viðurkennir að það hafi oft verið mjög mikið fjör á heimilinu með þrjá tápmikla drengi. „Það var sjaldan dauður tími. Þeir voru mjög mikið með bolta inni og ég held að það sé bara ekkert eftir af gömlu dóti. Bjarni braut síðast fjórar stytur þegar hann var sautján ára en þá var hann í fótbolta úti í garði og sparkaði svo fast í rúðuna að stytturnar sem voru í gluggakistunni inni dattu nður á gólf og brotnuðu," segir Bjarney og hlær.

Hún vinnur við að kenna rope yoga á Akranesi og segir mikið hafi breyst síðan eldri synir hennar þrír voru að



Bjarney Þórunn Jóhannesdóttir og synirnir fjórir Þessi kjarnakona af Akranesi hefur búið til fjóra frábæra knattspyrnumenn. Þrír þeirra, Þórður, Bjarni og Jóhannes Karl Guðjónssynir hafa allir spilað í atvinnumennsku og með íslenska landsliðinu en þeim fjórða og yngsta, Birni Bergmann, er spáð miklum frama. Sirkusmynd/Anton Brink

„Við fengum hraðann frá henni“

Þórður Guðjónsson er elsti sonur Bjarneyjar Þórunnar. Hann segir móður sína kannski ekki hafa haft sömu áhrif á þá bræður eins og faðir þeirra Guðjón Þórðarson enda sé það eðlilegt þar sem Guðjón var á kafi í fótboltanum. „Við fengum hraðann frá henni. Hún þótti frá á fæti og hröð ólíkt föður mínum sem var aldrei talinn með fljótari mönnum," segir Þórður og hlær.

„Annars held ég að hún hafi frekar haft áhrif á karakter okkar bræðranna. Það eru persónuleg einkenni, skapið og fasið, sem koma frá henni. Hún hefur stutt okkur með ráðum og dád og mætt á alla leiki. Það hefur verið afar mikilægt," segir Þórður.

knattspyrnuþjálfarinn snjalli, er faðir þeirra þriggja elstu en það skýrir þó ekki fjórða soninn, hinn fimmtán ára gamla Björn Bergmann, sem er talinn hafa hæfileika til að verða sá besti af þeim. Bjarney segist halda að sá yngsti sé bestur. „Bræður hans vilja að minnsta kosti meina að hann sé sá besti af þeim miðað við aldur.“

Matarræðið skiptir máli

Bjarney segist hafa lagt mikla áherslu á matarræði sona sinna strax frá byrjun. „Þeir borðuðu mikið af fiski, kjöti og hafragraut og tóku lýsi á hverjum degi. Auk þess lögðum við mikla áherslu á að þeir drykkju mikið vatn. Ég eldaði mat bæði í hádeginu

alast upp. „Hér áður fyrr voru drengirnir í fótbolta allan daginn en sá yngsti er ekki þannig. Hann er í fótbolta í skólanum en annars gerir hann eitthvað allt annað. Það er mikill munur þar á," segir Bjarney.

Missir ekki af leik

Bjarney segir það vera mikilvægt að þau lögðu strax áherslu á að strákarnir myndu velja eina grein, að það þýddi ekki að vera með neitt hálfkák. „Þeir prófuðu næstum því allar íþróttir en völdu allir fótboltann. Við höfum staðið með þeim í gegnum súrt og sætt, höfum farið á alla leiki hjá drengjunum. Ég hef orðið mjög mikil fótboltaáhugamanneskja á þessum

langa tíma og ég og maðurinn minn missum ekki af leik hjá strákunum. Að horfa á strákana mína spila er eitt það skemmtilegasta sem ég geri. Sigurður, maðurinn minn, hefur ekki síður verið duglegur við að styðja við bakið á

þeim öllum fjórum. Það skiptir öllu máli," segir Bjarney og bætir við að auðvitað megi ekki gleyma þætti Guðjóns, föður Þórðar, Bjarna og Jóhannesar Karls.

„Hann hefur alltaf gert miklar kröfur til þeirra, meiri heldur en til annarra leikmanna. Þeir tóku það ekki nærri sér því þeir vissu hvernig hann er. Ég og Guðjón höfum alltaf haldið góðu sambandi frá því að við skildum fyrir 22 árum. Nú tekur hann við þeim yngsta sem hann hefur mikla trú á og það verður gaman að fylgjast með því," segir Bjarney.

Að halda sér á jörðinni

Bræðurnir eru þekkt þrúðmenn utan vallar og Bjarney segir að það hafi alltaf verið lögð mikil áhersla á að drengirnir væru með báða fætur á jörðinni þrátt fyrir velgengi í fótboltanum. „Þeim var sagt það ítrekað að láta þetta ekki stíga sér til höfuðs. Þeir áttu ekki að vera montnir eða góðir með sig. Þeir áttu að venja sig á að vera kurteisir og ég er afskaplega ánægð með að þeir eru heilsteyptir ungir menn í dag. Þórður, Bjarni og Jóhannes Karl eru allir miklir fjölskyldumenn og það er yndislegt að sjá þá

þroskast og dafna sem eiginmenn og feður. Sá yngsti lofar líka góðu. Hann hlustar í það minnsta alltaf á mömmu sína. Það er góðs viti," segir Bjarney.

Dreymir um að synirnir spili saman

Bjarney á sér einn draum sem hún vonar að rætist einn góðan veðurdag: að sjá alla fjóra synina spila saman í liði ÍA. „Það væri rosalega gaman og eiginlega draumur að sjá þá spila alla fjóra saman í Skagaliðinu. Jóhannes Karl [sem spilar með hollenska liðinu AZ Alkmaar, innskot blm.] hefur sagt að hann ætli sér að koma heim eftir fjögur ár og ég get alveg séð Þórð vera enn að spila þá þrátt fyrir að hann verði orðinn 37 ára gamall. Það væri yndislegt," segir Bjarney sem getur þó huggað sig við að þrír synir hennar verða í Skagatreyjunni á næsta tímabili.

Hún er þó högværðin uppmáluð og vill varla gangast við viðurnefningu „Fótboltamma Íslands“ sem blaðamaður hefur búið til. „Ég veit það nú ekki, það verða aðrir dæma um það.“ Það væri rosalega gaman og eiginlega draumur að sjá þá spila alla fjóra saman í Skagaliðinu.“

STAÐREYNDIR UM BRÆÐURNA

Þórður Guðjónsson

→ Fæddur: 14. október 1973

→ Eiginkona: Anna Lilja Valsdóttir

→ Börn: Valdís Marselía 12 ára, Veronica Líf 9 ára og Victoria Þórey 15 mánaða.

→ Félög: KA, ÍA, Bochum (Þýskalandi), Genk (Belgíu), Las Palmas (Spáni), Derby (Englandi), Preston (Englandi) og Stoke (Englandi).

→ A-landsleikir: 58

→ Mörk: 13

Bjarni Guðjónsson

→ Fæddur: 26. febrúar 1979

→ Eiginkona: Anna María Gísladóttir

→ Börn: Helga María 4 ára og Jóhannes Kristinn 23 mánaða.

→ Félög: ÍA, Newcastle (Englandi), Genk (Belgíu), Stoke (Englandi), Bochum (Þýskalandi), Coventry (Englandi) og Plymouth (Englandi).

→ A-landsleikir: 17

→ Mörk: 1

Jóhannes Karl Guðjónsson

→ Fæddur: 1980

→ Eiginkona: Jófriður María Guðlaugsdóttir

→ Börn: Ísak Bergmann 4 ára og Jól Þór 2 ára.

→ Félög: KA, ÍA, Genk (Belgíu), MVV (Hollandi), Waalwijk (Hollandi), Real Betis (Spáni), Aston Villa (Englandi), Wolves (Englandi), Leicester (Englandi) og AZ Alkmaar (Hollandi).

→ A-landsleikir: 30

→ Mörk: 1



Útsala

KREDITKORT

NÝTT
KORTATÍMABIL



Armstóll í leðri
17.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 14.300 kr.**



Borðstofustóll í leðri
11.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 8.900 kr.**



Nardo armstóll í rússkinni
69.800 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 34.900 kr.**



St. Tropez reyrstóll
24.600 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 18.450 kr.**



Croco reyrstóll
24.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 18.675 kr.**



Púðar **10 – 50% afsláttur**



Aucland bogasófi í leðri Litir: hvítt – brúnt 199.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 129.900 kr.**

Paris lampar
Stór 24.600 kr. **ÚTSALA 17.400 kr.**
Mið 21.400 kr. **ÚTSALA 14.980 kr.**
Lítill 9.900 kr. **ÚTSALA 7.400 kr.**



10 – 50% afsláttur af öllum vörum

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

ATHAFNAKONAN INGIBJÖRG ÞORVALDSDÓTTIR EIGNAÐIST SITT ANNAÐ BARN FYRIR TVEIMUR MÁNUÐUM



Ingibjörg og synirnir tveir Stolt móðir ásamt sonum sínum Natan Smára og Baltasar Smára.

SIRKUSMYND/HEIÐA

SEST EKKI Í HELGAN STEIN ÞÓ AÐ BÖRNUNUM FJÖLGI

Það er ekki auðvelt að vera með verslunarrekstur í tveimur löndum og standa í barneignum á sama tíma. Athafnakonan **Ingibjörg Þorvaldsson** rekur húsbúnaðarverslunina Habitat hér á Íslandi og fimm Oasis-tiskuvöruverslanir í Danmörku ásamt manni sínum **Jóni Arnari Guðbrandsyni**. Sú sjötta opnar þar í byrjun mars og því er í mörg horn að líta. Sem væri kannski ekki svo mikið ef hún hefði ekki eignast dreng fyrir rétt tæpum tveimur mánuðum. Sirkus ræddi við þessa kjarnakonu sem segir það ekki vera neitt mál að sameina móðurhlutverkið og kröfuharðan viðskiptaheiminn.

Ingibjörg á tvo stráka. Sá eldri, Natan Smári, verður sjö ára á þessu ári en sá yngri, Baltasar Smári kom í heiminn þann 11. desember síðastliðinn. Fæðingin gekk ekki þrautalaust því Baltasar var tekinn með keisaraskurði. Allt gekk þó vel að lokum og mæðginin voru komin heim aðeins þremur dögum seinna.

Jafn ótrúlegt og í fyrsta sinn

„Þetta er algjört kraftaverk og yndisleg tilfinning að fæða þennan dreng í heiminn. Þetta var jafn ótrúlegt og í fyrsta skiptið,“ segir Ingibjörg aðspurð um fæðingu Baltasars Smára. „Hann er alveg rosalega góður og það er eiginlega ekki hægt að fara fram á að hann sé betri. Hann fæddist með fullt af svörtu hári og er alveg eins og pabbi sinn – hann er meira að segja með kollvikin hans,“ segir Ingibjörg og hlær.

Það er í nógu að snúast við að fæða ungan og heilbrigðan dreng og Ingibjörg segir soninn vera mikinn sælkera. „Hann þyngist hratt, drekkur mikið og vaknar á tveggja klukkustunda fresti til að fá sitt. Það er því ekki mikið um svefn þessa dagana og fin stemning í svefnherberginu á nóttunni. Ég get hins vegar ekki kvartað. Hann er svo stór og heilbrigður að ég

get farið að taka hann með í vinnuna,“ segir Ingibjörg og bætir við að hún gæti vel hugsað sér að eignast þriðja barnið fljótlega. „Kannski ekki alveg strax en það mun í það minnsta ekki líða sex og hálf ár á milli eins og raunin var núna.“

Smá afbrýðisemi hjá þeim eldri

Ingibjörg segir það erfiðasta við fæðingu Baltasars Smára hafa verið viðbrögð eldri bróður hans. „Hann er auðvitað mjög stoltur eldri bróðir en þetta eru mikil viðbrögði fyrir hann. Hann var búinn að vera prinsinn í sex og hálf ár og það er erfitt fyrir hann að horfa upp á lítið krli sem fær að

viðtal

sofa í hjónarúminu og eyðir öllum sínum tíma með mómmu. Okkur var sagt að þetta jafnaðist á við að Jón Arnar myndi koma heim með nýja konu og við ættum að vera bestu vinkonur. Þetta er svakalega sterk tilfinning og hann er afbrýðisamur. Það tekur nokkra mánuði fyrir hann að venjast þessu,“ segir Ingibjörg.

„ÉG HUGSA ALDREI UM ÞAÐ AÐ EITTHVAÐ SÉ ERFITT. AUÐVITAÐ GANGA BÖRNIN FYRIR EN ÉG HEF ALDREI VERIÐ FYRIR ÞAÐ AÐ TROÐA ÞEIM Í BÓMULL.“

Að sameina barneignir og vinnu

Eins og áður sagði eru Ingibjörg og Jón Arnar með verslunarrekstur í tveimur löndum, Íslandi og Danmörku og Ingibjörg ætlar út til Danmerkur eftir tvær vikur. „Ég tek hann með mér. Það er svo margt skemmtilegt að gerast þar að ég verð að fara út. Við erum að opna nýja búð í miðbæ Kaupmannahafnar sem verður flaggskip Oasis-keðjunnar í Danmörku og það er afar spennandi,“ segir Ingibjörg sem hræðist ekkert að fara út með svona ungt barn.

„Ég hugsa aldrei um það að eitthvað sé erfitt. Auðvitað ganga börnin fyrir en ég hef aldrei verið fyrir það að troða þeim í bómull. Ég ætla mér ekki að vera á ferðinni allt árið

um kring. Við erum með gott starfsfólk í Danmörku sem við treystum en það er mikilvægt að vera á staðnum þegar stóru hlutirnir gerast.“

Metnaðargirnin minnkar ekki

Ingibjörg hefur komist langt þrátt fyrir ungan aldur en hún varð þrjúg í nóvember síðastliðnum. Aðspurð hvort hún hafi ekki hugsað um að slaka á eftir barnsburð segir hún það ekki hafa komið til greina.

„Ég er enn jafn metnaðargjörn og ég var áður. Ég vil gera allt enda er ég enn ung. Það kom aldrei til greina að setjast í helgan stein. Ég vil hafa börnunum en það er alltaf spurning um að sauma þetta saman. Vinnan er áhugamál mitt og þetta gekk vel með eldri strákinum Natan. Hann byrjaði mjög ungur að fara með okkur í vinnuna og hefur alist upp við það. Það verður auðvitað að passa upp á að það sé ekki mikið rót en ég hef ekki trú á því að það sé öllum fyrir bestu að hafa hlutina niðurnjörvaða. Við vinnum vel saman og fáum mikla hjálp frá foreldrum mínum. Það koma auðvitað erfiðir tímar en við erum ein stór fjölskylda sem hjálpast að,“ segir athafnakonan Ingibjörg.

Texti: Óskar Hrafn Þorvaldsson



Greiðslukjör í allt að 36 mánuði

Viðskipta- og Eignisafbrigun

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen Suðurlandsbraut 50 108 Reykjavík

Sími 568 1800

glerauga@innernet.is www.glerauga.is

Sjónmælingar linsumælingar



NordicaSpa – heilsurækt á heimsmælikvarða



NordicaSpa er heilsurækt á heimsmælikvarða sem veitir fyrsta flokks þjónustu í rólegu og fallegu umhverfi.

slökun

Viðskiptavinir NordicaSpa hafa aðgang að þjálfara sem fylgir þeim eftir í tækjasal í hvert skipti sem komið er í heilsuræktina. Boðið er upp á fjölbreytta hóptíma við allra hæfi. Nánari upplýsingar um stundaskrá og hóptíma á nordicaspa.is.

Í heilsulindinni er slökunarlaug og tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd. Hjá pottunum eru einnig tvær vatnsgufur með ilmi og úti á veröndinni er sauna.

styrking

Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan – NordicaSpa er heimur út af fyrir sig.

hreyfing





Sæt saman Eyrún Huld og Magni ásamt syninum Marínó á meðan allt lék í lyndi áður en Rockstar-ævintýrið hófst.

ÞEGAR ÆSKUÁSTIN FÖLNAÐ

MAGNI ÁSGEIRSSON er á meðal þeirra Íslendinga sem settu mark sitt á árið 2006. Magni tók þátt í bandaríska raunveruleikabættinum Rockstar Supernova og öðlaðist heimsfrægð í kjölfarið. Fjölskylda Magna var allt í einu komin í kastljós fjölmiðlanna og þjóðin hélt mikið upp á þessa litlu fjölskyldu. Fréttir af slitum samvista Magna og æskuástarinnar Eyrúnar Huld Haraldsdóttur komu sem þruma úr heiðskíru lofti og ollu talsverðu uppnámi á meðal aðdáenda þeirra. Sirkus skrásetti sögu þessa óskapars þjóðarinnar.

Magni Ásgeirsson skaust fram á sjónarsviðið síðasta sumar þegar hann var valinn úr hópi 25 þúsund manna um heim allan til að spreya sig í raunveruleikabættinum Rockstar Supernova. Magni var löngu þekktur á Íslandi enda hafði hann sungið og spilað með hljómsveitinni Á móti sól um árabíl. Fjölskylda hans hafði hins vegar hingað til fengið frið frá ágangi fjölmiðlanna en með velgengni Magna í Ameríku fór það að breytast. Unnusta Magna til margra ára, Eyrún Huld Haraldsdóttir, og sonur þeirra Marínó, voru allt í einu komin inn í mitt kastljós fjölmiðlanna, allir vildu heyra í þeim og þekkja.

Á allra vörum

Flestir eru sammála um að Eyrún Huld hafi staðið sig eins og hetja við að svara spurningum fjölmiðla og í viðtali við DV sagðist hún stolt af Íslendingum og hvernig þeir stæðu við bakið á Magna í keppninni. Eyrún og Magni voru á allra vörum og umfjöllun fjölmiðla hélt áfram eftir að Magni kom heim. Þau voru meðal annars valin eitt af þörum ársins í Hér og Nú og voru auk þess fastagestir í lífsstílsþættinum Innlit útlið þar sem þau fengu hjálp fagmanna við að endurgera heimili sitt í Skerjafirðinum.

Óskapar þjóðarinnar hætt saman

Þegar fréttir af skilnaði Magna og Eyrúnar bárust brá mörgum heldur betur í brún. Í fréttatilkynningu sögðust Magni og Eyrún hafa ákveðið að slíta samvistum vegna þess að þau hefðu fjarlægst tilfinningalega í

kjölfar mikilla breytinga á höfum Magna.

Þetta óskapar þjóðarinnar er hætt saman eftir margra ára samband. Sögurnar voru ekki lengi að spretta upp og þá sér í lagi á vefnum barnaland.is, auk þess sem óprúttinn einstaklingur falsaði netsíðu CNN og sagði frá framhjáaldi Magna og Dilönu Robichaux, sem var ein af keppendum í Rockstar Supernova og kom meðal annars tvívegis til Íslands til að syngja með Magna. Í viðtali við Fréttablaðið blés Magni á allar kjaftasögurnar og það fólk vinsamlegast um að hugsa um eigin vandamál.

Byrjuðu saman á skólaballi

Eyrún Huld ólst upp á Egilsstöðum en Magni á Borgarfirði eystri. Þau stunduðu bæði nám í Menntaskólanum á Egilsstöðum og fluttu til Reykjavíkur þegar Magna bauðst staða söngvara hjá hljómsveitinni Á móti sól. Magni og Eyrún höfðu lengi vitað hvort af öðru en kynntust ekki fyrir alvöru fyrr en árið 1997 þegar þau voru bæði í ME. Sagan segir að þau hafi fallið fyrir hvoru öðru á skólaballi þar sem hljómsveitin Sóldögg spilaði fyrir dansi. Eitt leiddi af öðru og fyrr en varði voru þau orðin þar, ung að aldri en Magni er þremur árum eldri en Eyrún, hann er fæddur 1978 en hún 1981. Þann 19. september 2005 fæddist Marínó Bjarni og í viðtali við DV sagði Magni að föðurhlutverkið hefði gjörbreytt honum. „Föðurhlutverkið breytti mér algjörlega á sömu sekúndu og ég sá son minn í fyrsta skiptið. Það er það ánægjulegasta sem ég hef nokkurn tímann tekist á við og jafnframt það erfiðasta en ég nýt hverrar mínútu út í æsar“, sagði Magni uppljómaður og bætti við að fjölskyldan

væri númer eitt, tvö og þrjú.“ Vinirnir taka næstu sætin þar á eftir og tónlistin á sæti þar á eftir. Þetta er það sem gefur lífinu gildi.“

Fagnaðarfundur í Los Angeles

TÍMAÁS AF ROCKSTAR-ÆVINTÝRINU

→ **5. apríl 2006** – Magni mætir í prufu fyrir þættina Rockstar Supernova á Gauki á Stöng.

→ **12. júní 2006** – Fréttir þess efnis að Magni hafi komist í átján manna hóp berast.

→ **22. júní 2006** – Í ljós kemur að Magni hefur komist í fimmtán manna hópinn í Rockstar Supernova.

→ **5. júlí 2006** – Sýningar á Rockstar Supernova hefjast á Skjá einum.

→ **30. ágúst 2006** – Magni fær flest stig allra keppenda sem eftir eru.

→ **13. september 2006** – Úrslitakvöldið. Magni endar í fjórða sæti en Lucas Rossi sigrar keppnina.

→ **30. nóvember 2006** – Tónleikar Magna, Dilönu, Storm Large og Toby í Laugardalshöll.

→ **5. janúar 2007** – Fréttatilkynning frá Magna og Eyrúnu berst DV þess efnis að þau hafi slitið samvistum.

Á meðan á Rockstar Supernova keppninni stóð talaði Magni oft um það hversu sárt hann saknaði fjölskyldu sinnar. Hljómsveitar-meðlimir Supernova sáu aumur á honum og buðu Eyrúnu og Marínó til



Dilana Robichaux Eftir að fréttir um samvista Magna og Eyrúnar bárust fóru sögusagnir þess efnis að Magni hefði átt í sambandi við Dilönu Robichaux að spretta upp. Magni segir ekkert til í þeim sögusögnum.

Los Angeles og töluðu margir um að Magni hefði eflst allur við heimsóknina. Áhorfendur heima á Íslandi fylgdust spennir með þessum fagnaðarfundum og ekki minnkuðu vinsældir þáttanna hér heima. Í gömlu viðtali DV við Magna sagðist hann hafa fundið hluta af sér þegar hann kynntist Eyrúnu Huld, að hún væri allt það sem hann gæti hugsað sér í lífsförunaut. Eyrún hefur að sama skapi átt auðvelt með að hrósa honum og hefur bæði kallað hann yndislegan föður og unnusta.

„Hann er opinn, skilningsríkur og traustur. Þeir Marínó eru mjög nánir og ást Magna leynir sér aldrei þegar þeir eru tveir saman. Hann er duglegur, heiðarlegur og umfram allt góður vinur, sagði Eyrún Huld í viðtali og stolt hennar leyndi sér ekki.

sirkus nærmynd

Lífið er ekki rokk og ról

Á meðan á raunveruleikabættinum stóð fékk Magni að hringja heim í hverri viku. Í viðtali við DV sagði Eyrún að Magni hefði aðallega verið að fá fréttir að heiman og hún að heyra hvernig honum líði en lítið hafi verið spjallað um keppnina sjálfa.

Í viðtölum sagði Magni að fjarveran frá fjölskyldunni væri honum erfiðust í keppninni. „Ég er orðinn nógu gamall til að vita hvað skiptir máli í lífinu og það er ekki rokk og ról. Rokk og ról er í öðru sæti. Ef ég fengi ekki að heyra í konunni myndi ég ekki fara út. Ég segi það af fullri alvöru. Ef mér yrði tilkynnt að ég mætti ekki tala við hana myndi ég bara segja þeim að fara norður og niður,” sagði Magni áður en hann hélt út til að freista gæfunnar.

Fjölskyldan í fyrsta sæti

Magni gekk í heimavistarskólann á



Magni Ásgeirsson Magni fékk bæði viðurnefnið Magni „okkar“ og Magnificent og þótti standa sig frábærlega í Rockstar Supernova raunveruleikabættinum þar sem hann endaði í fjórða sæti.

Eiðum á unglingsaldri þar sem hann sökkta sér ofan í tónlistina og stofnaði meðal annars hljómsveitina Shape sem gaf út eina plötu. Líf hans tók hins vegar breytingum þegar hann gekk til liðs við Á móti sólaríði 1999. Hljóm-

sveitin hefur gefið út sex plötur og er ein af þekktustu sveitaballhljómsveitum landsins auk þess sem frægð sveitarinnar hér á landi hefur aukist eftir velgengi Magna í Rockstar-ævintýrinu. Tónlist hefur alltaf átt allan

hug Magna sem kemur úr mikilli tónlistarfjölskyldu. Þeir sem þekkja hann best segja hins vegar að fjölskyldan skipi stærstan sess í hans hjarta og að hann reyni að komast austur eins oft og hann getur. Á milli þess sem Magni spilar tónlistina hefur hann starfað við að smíða úr plexígleri hjá fyrirtækinu Akron.

Stolt af íslensku þjóðinni

Eyrún Huld lauk B.A. prófi í íslensku vorið 2004 frá Háskóla Íslands og hefur meðal annars starfað hjá flutningafyrirtækinu Flytjanda. Eyrún þykir hafa staðið sig vel í öllu því fjölmiðlafári sem myndast hefur í kringum þetta ævintýri Magna og flestir eru því sammála að hún hafi greinilega bein í nefinu. Þegar í ljós kom að Magni gæti endað sem sigurvegari Rockstar-keppninnar sagðist Eyrún alveg geta hugsað sér að flytja til Bandaríkjanna á meðan Magni myndi elta draum um frægð og frama. Fjölskyldan yrði einfaldlega að aðlagast nýjum aðstæðum.

„Ég gæti vel hugsað mér að flytja út, það er allt opið enda væri bara gaman að prófa að búa í Bandaríkjunum í einhvern tíma,” sagði Eyrún á sínum tíma í viðtali við DV og bætti við hversu ánægð hún væri með íslensku þjóðina og hversu þétt hún stæði við bak Magna.

„Hvernig sem fer er hann sigurvegari. Hann hefur fengið alveg frábæra lífsreynslu út úr þessu, fengið að kynna þessum heimi, þessum tónlistarmönnum og spila með þessu húsbandi sem er víst að hans mati eitt besta bandið sem hann hefur heyrt spila.“

Á leið í tónleikaferðalag

Magni og Eyrún hafa haldið sig utan við sviðsljós fjölmiðlanna síðan fréttir af slitum samvista þeirra bárust landsmönnum. Eyrún neitaði Sirkus viðtali þegar eftir því var leitað en í viðtali við Fréttablaðið sagðist Magni vera á leið út til Ameríku í sjö vikna tónleikaferðalag með félagum sínum

úr Rockstar, þeim Toby Rand og Dilönu auk þess sem hljómsveit Dave Navarro, The Panic Channel, muni einnig spila á tónleikum.

„Þetta er svolítið öðruvísi en að troða upp í Hreðavatnsskála, bæði verður rútan mun flottari og svo erum við að spila á tónleikastöðum sem hýsa tugi þúsundir áhorfenda,” segir Magni léttur í bragði. Í viðtali við Morgunblaðið sagðist Magni hafa sótt um sem gítarleikari í húsbandinu fræga enda oft lýst yfir aðdáun sinni á hæfileika hljómsveitarmedlima. Hins vegar sagðist hann ekki hættur með Á móti sólaríði. Sú hljómsveit væri og yrði áfram hljómsveitin hans.

Álagið varð of mikið

Það hefur verið skemmtilegt að fylgjast með Magna á síðastliðnu ári. Margir segja að hann hafi loksins fengið þá athygli sem hann ætti skilið enda hafa margir viðurkennt að hafa ekki fáttað hversu góður söngvari Magni væri fyrr en Kaninn kenndi okkur að meta hann. Við fylgdumst ekki aðeins með Magna heldur fengum við líka að kynna fjölskyldu hans og margir tóku það afar nærri sér þegar fréttir af skilnaði hans og Eyrúnu bárust.

Íslendingar ætluðu að springa úr stolti yfir frammistöðu Magna í Rockstar, bæði vegna söngsins og framkomu hans og þess hvernig honum tókst að halda sér niðri á jörðinni þrátt fyrir velgengni sína. Það er hins vegar ekkert grín að viðhalda ástinni frammi fyrir alþjóð eins og Hollywood-stjörnurnar hafa oft sannað. Álagið verður á köflum of mikið. Magni hefur blásið á allar kjaftasögur og sagði í viðtali við Morgunblaðið að svo framarlega sem hans nánasta fjölskylda og vinir vissu sannleikann þá væri honum sama hvað aðrir héldu.

„Fyrsta reglan ef maður ætlar að verða eitthvað þekktur eða frægur, eða hvað sem maður vill kalla það, er að vita að það þýðir ekkert að berjast við kjaftasögur, það gerir hlutina bara helmingi verri.“



EKKERT FJARLÆGT! ENGU BÆTT VIÐ!



Hollywood Hanna

Engin feluleikur
Jessica Biel og Derek Jeter hafa ekki nennt því að fela samband sitt lengur og við fögnum því.



OG NÝJASTA PARIÐ ER...

Fyrst var það J-Lo svo Beyoncé og nú er það Jessica Biel sem alveg rosalega bootylicious. New York Yankee-stjórnumni Derek Jeter finnst það greinilega líka og er það loksins staðfest að þau séu par. Þau voru samt ekkert að leiðast á ströndinni á Puerto Rico, en þau mættu saman. Gott fyrir þau. Okkur finnst samt að Jessica geti gert betur en þetta.



Heitt par
Derek Jeter er stjarna New York Yankees og kvenna- maður mikill. Hann hefur fangað hina upprisandi stjórnú Jessicu Biel.

ÚTSALAN
er hafin og úrvalið er ótrúlegt!

ANAS
Fjörður • Hafnarfirði • 565 7100

I'm bringin' sexy back... Yeah right!

Okei, við biðum öll þolinmóð eftir að Britney litla rasaði út eftir skilnaðinn við K-Fed. Það er algjörlega eðlilegt að stúlkan hafi dottið í djammgirinn. En svo djammaði hún og djammaði, sýndi okkur klobbann á sér, hékk með Paris Hilton og nú síðast leið næstum því yfir hana í áramótaveislu þar sem hún var gestgjafinn.

Nú er botninum náð. Hún getur ekki einu sinni litið almennilega út á almannaferi. Britney, taktu þig saman í andlitinu, sinnu krökkunum þínum og komdu með heljarinnar kombakk. Og hananú.

Einu sinni var... Britney Spear heitasta gellan á þessu jarðriki.



Og nú... Bara eins og það sé eitthvað að henni. Britney, þetta er of sorglegt.



Pissað upp í vindinn Orlando Bloom pissar úti í náttúrunni eftir brimbretta-reið og við fáum að vera með honum í því. Spennandi

Náttúrubarnið Orlando Bloom

Já, það getur verið alveg óþolandi að vera frægur. Líf fræga fólksins er myndað í bak og fyrir. Orlando Bloom komst að því á dögunum er hann var að surfa í frítíma sínum. Kappinn kemur upp úr sjónum, greinilega alveg að pissa á sig, rennir gallanum niður og pissar upp við bergið. Ekkert að því. Við höfum öll þurft að pissa úti í náttúrunni einstaka sinnum. En svo þegar hann var búinn að því tók kappinn eina góða horsyrpu. Putti á aðra nösina og svo var snýtt ærlega. Fótbolta-kappar gera þetta og maður lítur framhjá því, en guð minn góður hvað þetta er mikill viðbjóður. Kynþokki Orlando Bloom minnkaði niður í einn við þetta.



Neiii! Þetta er bannað, Orlando. Ekki mjög smart mív þarna.



Ashlee Simpson Flott stelpa, en kannski ekki í bikinii

Jessica Simpson Mega kroppur og fallegri í laginu en systirin.

Ashlee Simpson Ekki alveg jafn mikill kroppur og systirin

Árið 2006 var ekki ár Jessicu Simpson, það er alveg á hreinu, en yngri systir hennar Ashlee hefur verið mikið í sviðsljósinu og plumar sig ágætlega í bransan- um. Systurnar eru alveg rosalega ólíkar. Syngja allt öðruvísi tónlist, klæða sig eins og svart og hvít og mörgum finnst Ashlee miklu fríðari en Jessica. Það er alveg bókað mál að systurnar keppast svolítið um athygli fólksins og þá sérstaklega athygli þabba síns sem er umboðsmaður þeirra beggja. Jessica getur þó sagt vera meiri kroppur en systir sín. Það verður bara að segjast að Ashlee lítur eitthvað þínulítið skringilega út í bikinii. Hún er greinilega mjög íþróttalega vaxin og er ekkert að því, en það er eitthvað furðulegt við þetta. Jæja, maður getur víst ekki fengið allt.

30%

30% afsláttur af rúmum rafstillanleg og hefðbundin. Nýtt kortatímabil

- Baðsloppar 20% afsláttur
- Handklæði 30% afsláttur
- Rúmteppasett 20-40% afsláttur
- Sængurfatnaður 20% afsláttur

Útsala 20-50% afsláttur

RÚMCO

Langholtiavegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Ópið virka daga 11-18, laugardaga 11-16

Lagerútsala að Kletthálsi 13

Hefst fimmtudaginn 11. janúar
Nýtt kortatímabil


Gildir meðan
birgðir endast

Inngangur

Takmarkað
magn



20-70% afsláttur



af sófasettum og
gjafavöru:
kerti, kertastjakar,
skrautsandur, glervara,
dúkar, púðar og
margt fleira



af útlitsgölluðum
og eldri gerðum
af heilsudýnum,
stillanlegum rúmum,
náttborðum, göflum og
ýmsum fylgihlutum



HÚSGÖGNIN
HEIM

AKUREYRI

Svefn & heilsa



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

helgin

Við mælum með



„Ég mæli með góðum kaffibolla í Kaffitári í Kringlunni. Ég get ekki byrjað daginn án þess að fá mér kaffi á þeim stað. Ef það klikkar ég er ómöguleg.“

Bórunn Högnadóttir sjónvarpskona



„Ég mæli með kvikmyndinni Little Miss Sunshine. Þetta er alveg æðisleg grínmynd sem ég fór á í bió og skemmti mér konungslega. Manneskjuleg mynd, flott skrifuð og leikin. Flott frá A-Ö.“

Valur Sævarsson söngvari

Lay Low seldi meira en Idol-stjörnur til samans

Það kemur kannski mörgum á óvart að hin átján ára gamla Lovísa Elísabet, betur þekkt sem Lay Low, hafi selt meira af sinni fyrstu plötu á síðasta ári heldur en þrjár Idolstjörnur samanlagt. Lay Low seldi rúm sjö þúsund eintök af plötu sinni en Hildur Vala Einarsdóttir, Snorri Snorrason og Bríet Sunna Valdemarsdóttir seldu samanlagt rétt rúmlega sex þúsund plötur.

„Þetta er skemmtilegt. Ég hef aldrei unnið Idolið og bjóst nú eiginlega ekki við þessum viðtökum. Þetta átti nú



Lay Low Aldrei unnuð Idol en seldi samt grímt af plötum fyrir jólin.

bara að vera pínulítil frumraun en ég er afar þakklát fyrir móttökurnar“, segir Lay Low í samtali við Sirkus.

Virðist ekki vera nein ávísun á gott gengi á plötumarkaðnum að hafa slegið í gegn í sjónvarpsþættinum Idol Stjörnuleit á Stöð 2. Í það minnsta gekk þeim þremur einstaklingum sem skutust upp á stjörnuhimininn í þættinum, Hildi Völu, Bríeti Sunnu og Snorra, ekki vel að selja sínar plötur fyrir þessi jól.

Mestar vonir voru bundnar við Hildi Völu, sem vann Idolið árið 2005. Hún gaf út sína fyrsta plötu sama ár og seldist hún afar vel, í um 7000 eintökum. Hún gaf út sína aðra plötu nú í nóvember sem bar nafnið Lalala. Sú plata gekk ekki jafn vel og stendur nú í um 2000 eintökum.

Suðurnesjastúlkan Bríet Sunna söng sig inn í hug og hjórtu landsmanna í Idolinu fyrir ári. Þar hafnaði hún í þriðja sæti og gaf síðan út fyrir síðustu jóla kántríplötuna Bara ef þú kemur með. Sú plata seldist í 2500 eintökum. Verstu útreiðina fékk hins vegar Idol-sigurvegurinn 2006 Snorri Snorrason. Platan hans Allt sem ég á, seldist aðeins í 1600 eintökum sem verða að teljast töluverð vonbrigði miðað við alla þá miklu athygli sem Snorri fékk í kringum sigur sinn í Idolinu.

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri íslenskrar tónlistar hjá Senu, segir í samtali við Sirkus að það sé allt annað mál að gefa út plötur en að

Snorri Snorrason Idol-kóngurinn 2006 náði ekki tvö þúsund platna markinu sem hljóta að teljast vonbrigði.

taka þátt í sjónvarpsþætti eins og Idolinu.

„Það var sjónvarpsþáttur og virkaði vel sem slíkur. Það er hins vegar himinn og haf á milli þess að senda sms í símakosningu heima í stofu og að fara út í búð og kaupa plötu. Vissulega eru þessar tölur vonbrigði fyrir listamennina, kannski að undanskilinni Bríeti Sunnu sem getur unað vel við sitt. Ég bjóst til að mynda við miklu meira af Hildi Völu enda er þetta bráðgöð plata“, segir Eiður og bætir við að það séu aðeins tvær plötur Idol-stjarna sem hafi selst vel, annars vegar fyrsta plata Hildar Völu og hins vegar fyrsta plata Jóns Sigurðssonar, sem oft er kenndur við fimm hundruð kallinn, en hún seldist í yfir 5000 eintökum.

Hildur Vala Seldi fimm þúsund eintökum minna af nýjstu plötu sinni en þeirri fyrstu.



Bríet Sunna Bauð upp á kantrítónlist og seldi 2500 eintök, mest af Idol-stjörnunum þremur sem gáfu út disk fyrir síðustu jól.

Nýtt í bió

JOSH HARTNETT SCARLETT JOHANSSON AARON ECKHART og HILARY SWANK
 MYND EFTIR BRIAN DE PALMA, LEIKSTJÓRA SCARFACE OG THE UNTOUCHABLES

the Black Dahlia

Byggð á sögu eftir höfund L.A. Confidential

Útsalan í fullum gangi

50%
afsláttur af
öllum vörum

NEXT

sími 551 3200

Fullkominn svefn

Árið 1852 hóf fjölskylda í litlum sænskum bæ, Köping, að handgera rúm. Fimm kynslóðum síðar eru þau enn að búa til rúm sem af mörgum eru talin vera þau bestu í heimi og hvergi er slegið af kröfunum um þægindi. Hästens rúmin eru einu handgerðu rúmin í heiminum sem eru eingöngu unnin úr náttúrulegum efnum. Það er hvorki einfalt né ódýrt, en árangurinn er óviðjafnanleg þægindi. Ullin heldur á þér hita þegar kalt er en heldur hita frá þér þegar heitt er. Hrosshárin loftræsta raka úr dýnunni. Hörinn kemur í veg fyrir stöðurafmagn. Bómullin gefur rúminu mykt. Viðarumgjörðin er úr furu sem vex hægt norðan við heimskautsbaug og gerir rúmið eins sterkbyggt og endingargott og hugsast getur. Syfjar þig? Komdu í verslun okkar og upplifðu hvernig svefninn í Hästens rúmi er gjöf frá náttúrunni. Við munum örugglega vekja þig fyrir lokun.



Hästens 
since 1852

Gæðavara byggð á 150 ára
sænskri hefð nú fáanleg á Íslandi.

Verið velkomin.

Hästens verslunin í Reykjavík

Grensásvegi 3

108 Reykjavík
sími 581 1006

www.hastens.com

Útsala í Hafnarfirði

Herra Hafnarfjörður er byrjaður með nýársútsölu sína.

Slagorð útsölnunnar er: „Útsalan sem allir tala um.“ Hvort sem það er satt eða ekki þá er hægt að fá jakkaföt frá 9.900 krónum, úlpur frá 4.900 krónum og SeltSem leðurlíkisjakka frá 3.900 krónum.

Gallabuxur eru einnig á tilboði frá 3.900 krónum og boli er hægt að fá frá 990 krónum. Herra Hafnarfjörður er í Firðinum í Hafnarfirði



Herra Hafnarfjörður hefur frá opnun haft ódýrar vörur fyrir herra á boðstólum.

en allar nánari upplýsingar um búðina og útsölna er að fá í síma 565 0073. -tg

Yfirhafnir af ýmsum gerðum á afslætti

Allt að helmings afsláttur er nú á úlpum, kápum og jökkum í Topp húsinu í Mörkinni 6.

Útsalan er hafin í Topp húsinu í Mörkinni. Þar eru jakkar, stuttar og síðar kápur á lækkuðu verði að ógleymdum úlpunum sem teljast til nauðsynlegs fatnaðar á Íslandi allt árið. Sumar kápur eru líka vatnfóðraðar og henta því vel á köldum dögum. Afslátturinn nemur allt að fimm-tíu prósentum á yfirhöfnunum en svo fást þar einnig fylgihlutir eins og húfur, hattar, slæður og hanskar á tuttugu prósentu afslætti. Útsalan í Topp húsinu mun standa að minnsta kosti út pennan mánuð.



Kápur eru bæði til stuttar og síðar.



Kalkúnaborgarar eru fitulitlir og saðsamir.

Tilbúið á pönnuna

Forsteiktir kalkúnaborgarar frá Ísfugli eru nú á tilboði hjá Nettó og Kaskó.

Ísfugl setti nýja vörulínu á markað á síðasta ári undir heitinu Kalkúnakrásir. Þar undir flokkast kalkúnabollur, kalkúnaborgarar og kalkúnanuggets. Allar vörurnar eru fulleldaðar og því fljótlegt að útbúa úr þeim máltíð á skömmum tíma. Aðeins þarf að hita þessa rétti í ofni, örbylgju eða á pönnu í örfáar mínútur.



Víðar, plast- og harðparket eru meðal þess sem fæst í Harðviðarvali.

Útsala á parketi

Nú er 20 til 70 prósentu afsláttur af parketi í Harðviðarvali.

Um þessar mundir er útsala af öllum gerðum parkets í versluninni Harðviðarvali, Krókhálsi 4 í Reykjavík. Þeir sem eru í parket-hugleiðingum ættu að kynna sér úrvalið, en í versluninni er víðar, plast- eða harðparket meðal þess sem er á boðstólum. Nánari upplýsingar má fá inni á heimasíðu Harðviðarvals, www.parket.is, eða með því að hafa samband í síma 567 1010. Verslunin sjálf er opin frá kl. 9 til 18 alla virka daga og milli 10 og 16 á laugar-dögum.

ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420



Hollywood borðstofuborð og 6 Arjan stólar
Stærð: 140x140
Verð áður: 176.000,-
-70%
Verð nú: 52.800,-



Madison sófaborð í hnotu m/skúffu 120x70
Verð áður: 35.000,-
-30%
Verð nú: 24.500,-



Madison borðstofuborð og 6 Mona stólar
180x100
Verð áður: 134.000,-
-30%
Verð nú: 93.800,-
Skenkur
180x45xH:90
Verð áður: 94.000,-
-30%
Verð nú: 65.800



Madison sófaborð
-30%
Stærð: 135x70
Verð nú: 20.300,-
Stærð: 60x60
Verð nú: 13.860,-

Útsala 20-70% afsláttur Útsala



Metro tungusófi
Færanleg tunga
Microfiber áklæði, hægt að taka af og hreinsa
Stærð: 215x165
Verð áður: 128.000,-
-40%
Verð nú: 76.800,-



Manhattan leðurtungusófi
Einnig fánlegur í ljósu leðri
Stærð: 290x170
Verð áður: 198.000,-
-30%
Verð nú: 138.600,-



Sevilla leðursófasett
Einnig fánlegt í ljósu leðri
3+1+1
Verð áður: 228.000,-
-30%
Verð nú: 159.600,-
3+2
Verð áður: 212.000,-
-30%
Verð nú: 148.400,-



Bushan tungusófi
Færanleg tunga
Microfiber áklæði, hægt að taka af og hreinsa
Stærð: 262x155
Verð áður: 158.000,-
-20%
Verð nú: 126.400,-

Trésmíði

S.B.D. Trésmíði

S.B.D. Trésmíði getur bætt við sig verkefnum í trésmíðum úti sem inni. Tilboð/tímavinna. S.B.D. Flycase Upplýsingar í síma 895 9801 eða fax 482 4854.

Önnur þjónusta

Pípulagnir

Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, badherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.

HEILSA

Snyrting

Dekurhús didrix. Hrukkur, bóllur, eða baugar.



Við getum hjálpað didrix.is S:5618677

Naglaskóli La Fame

Byrjar 15.janúar. 10 vikna námskeið. Kennari Rósa Björk Hauksdóttir - margfaldur íslandsmeistari. Verð 149.000kr. Innritun hafin á negluroglist.is og í s. 553 4420.

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngrast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Viltu nudd? Hafðu samband við Lily í síma 869 6914.

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Viltu vita leyndarmálið um brjóstsykurinn? Tek að mér námskeið fyrir einstaklinga eða hópa. Ásta s. 697 4802.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Nýtt leðursófasett 3+2+1 og 1árs legend talva til sölu vegna flutnings. Uppl. í síma 691 4717.

Heimilistæki

Nýlegt 42" Plastmasjónvarp + Yamaha YSP 1000 heimabíó til sölu. Lítið notað og í góðu ástandi. Keypt hjá Hátaekni í apríl. Verð 200þ. fyrir bæði tækin saman. uppl. í síma 699 5423 Sigríður.

Gefins

2 skrifborð fást gefins, vel með farin með skúffueiningum, kirsuberjaspónn. Uppl. í s. 581 4000.

Af sérstökum ástæðum er gefins 4 ára gamall geldur norskur skógarköttur. Sérstaklega fallegur köttur. Uppl. í s. 846 6155.

Dýrahald



Chuahua hvolpar til sölu, örmerktir og ættbókafærðir. Tilbúin til afhendingar. Uppl. í s. 697 7263.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

Fyrir veiðimenn



HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu góð 2 herb. 75fm íbúð á sv. 109. Sér garður, þvottah., geymsla. Laus 1. feb. Leiga 110 þús. á mánn., trygging samkomul. Uppl. í s. 866 1078.

2-3 herb. 104 fm. raðhús í 101 Rvk. Nýuppgerð. Góður garður. Laus. Uppl. í síma 897 6171.

Til leigu 2herb. íbúð í Reykjanesbæ, frá 15 jan. Uppl. í síma 847 4096.

Til leigu 100fm., íbúðar eða atvinnuhúsn., á svæði 101. Uppl. í s. 896 4630.

Til leigu skrifstofu herb., ca. 25fm. Á svæði 101. Uppl. í s. 896 4630.

Grafarvogur: 66 fm 2 herb. íbúð, björt og opin með sér inngangi, 11fm svalir. Pláss fyrir þvottavþurk. Pláss fyrir uppþvottav. í eldhúsi. geymsla+bílastæði í bílskylí. Leiga til langs tíma, 110þ. með öllu. s. 8400870

3 herb. íbúð m/húsgögnum til leigu í Kóp frá 15.jan til 1.mars. Fyrirframgreidda óskast. S. 692 6900.

Húsnæði óskast

Óskum eftir 3-4 herb. íb. Reglusemi og skilv.gr. heitið, ýmisl. kemur til greina. s. 697 5040.

Óskum eftir ódýrum herbergi eða stúdíó íbúð. Helst með sérinngang.

Skoðum allt! S. 863 5869.

2ja eða 3ja herbergja íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Snyrtilegar og reglusamar tvær stelpur. S. 866 9106. Telma.

Einstæður faðir óskar eftir 3. herb íbúð á stórh. svæðinu, er handlaginn. uppl í s. 848 9534.

Atvinnuhúsnæði

Óska eftir 80-200fm. atvinnuhúsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu undir léttan iðnað, allt kemur til greina. skilv.greiðslum heitið. uppl. í síma 661 5397.

Ódýr skrifstofuherbergi til leigu á sv. 104. Uppl. í s. 864 4182 og á ffjörður.is

Til leigu iðnaðarhúsnæði. 230fm. í Reykjanesbæ. Stór innkeyrsluhúð.

Uppl. síma 893 3503

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innisgláðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

ATVINNA

Atvinna í boði



Frístundaheimili
Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.
Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Hárgreiðslufólk ath !!
Flott stofa í miðbæ Reykjavíkur er að leita að hárgreiðslusveinum/meisturum í vinnu. Einnig stólar til leigu. Góð staðsetning.
Uppl. í síma 899 9964 Hildur & 847 7690 Tóta.

Kökuhornið í Bæjarlind.
Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri en 20 ára.
Uppl. í síma 897 0702, Sírrý & 861 4545 Guðni.



Vantar þig vinnu?

Okkur vantar hresst fólk í sal. fullt starf eða hlutastarf, Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur eða 692 4310 Vítas eða 552 2211

American Style

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi eða aukavinnu með skólanum? Lausar stöður á American Style í Hafnarfirði, Tryggvagötu og Bildshöfða. Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is.

Bakarið hjá Jóa Fel
Bakarið og sælkeraverslun Jóa Fel Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk í fullt starf á virkum dögum og um helgar.
Uppl. fást hjá Önnu Helenu í s. 699 7967 eða á staðnum. Bakarið hjá Jóa Fel, Smáralind.

PÍTAN

Pítan Skipholti
Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsaka í kvöld- og helgarvinnu. Unnið er á reglulegum vöktum í góðu fyrirtæki.
Umsóknir á www.pitan.is

Eldhús/aðstoð/vaktavinnu.

Viljum bæta við okkur fólk í eldhúsi. Ertu vanur/vön eldhússtörfum? Leitum að vönum aðstoðarmanni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 20 ára eða eldri.
Upplýsingar á staðnum eða í s. 863 8900 & www.kringlu-kraun.is

Þjónustustarf/vaktavinnu.

Viljum bæta við okkur vönum í þjónustustörf. Leitum að góðum manni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 20 ára eða eldri.
Upplýsingar á staðnum eða í s. 893 2323 & www.kringlu-kraun.is

Matreiðslumaður/vaktavinnu.

Viljum bæta við okkur matreiðslumanni sem getur hafið starf sem fyrst. Leitum að vönum og góðum manni, þarf að kunna á tölvu og geta unnið með word og excel og hafa góð meðmæli.
Upplýsingar á staðnum eða í s. 863 8900 & www.kringlu-kraun.is

Veitingahúsið - Lauga-ás.

Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila.
Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.

Grillturninn Sogavegi 3

Óskum eftir duglegum og heiðarlegum starfskrafti við afgreiðslu og grill.
Upplýsingar í síma 867 7517 Ögmundur og á staðnum.

Starfsfólk óskast

á sólbáðsstofur Smart. Dagvaktir.
Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbáðstofan Smart.

Bílstjóri óskast.

Óskum eftir bílstjóra með meiraráhrif frá aldrinum 25-45 ára. Þarf að vera líkamlega og andlega hraustur. Góð laun í boði fyrir réttan starfsmann.
Upplýsingar í síma 898 9006.

Hrafnista Reykjavík Sundlaugarvörður

Sundlaugarvörður óskast við Endurhæfingardeild Hrafnistu Reykjavík. Um er að ræða 50% starf. Viðkomandi verður að standast kröfur sundlaugarvarðarprófs. Einnig er góð íslenskukunnátta skilyrði.
Upplýsingar gefur Magnea í 585-9529. Netfang magna@hrafnista.is

Hrafnista Reykjavík Ræsting.

Starfsfólk óskast í ræstingu. Vaktavinnu.
Upplýsingar gefur Magnea í 585-9529. Netfang magna@hrafnista.is

Grafarvogur

Leikskólinn Klettaborg í Hamrahverfi óskar eftir leikskólakennurum eða leiðbeinendum til starfa sem fyrst.
Upplýsingar gefur Lilja leikskólástjóri í síma 567 5970 & 695 5830.

Dýrabær

30% afsláttur á stórum kattaklómur.
10-30% afsláttur á hundarúmum
Dýrabær Smáralind S:554-3063

ÚTSALA

GÍTARINN Hljóðfæraverslun
ÚTSALA
Allt að 50% Afsláttur
Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

SKEMMTANIR

HLJÓMSVEITIN
ÖLDURÓT
DUETT
Blönduá tónlist (árshatíðir o.fl.)
Upplýsingar í síma 895-9376

TIL SÖLU

Tómstundahúsið
Tilboð á völdum Íjarstýrdum bílum dagana 12. og 13. janúar.
Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

MARÁS
Færanlegar Diesel rafstöðvar frá SDMO
Akralind 2, 201 Kópavogur, sími 555 6444.

Hreinasta snilld!!!
Sjálfvirka ryksugan sér um það, léttir þér lífið á þinnar viðveru. Þú setur í gang, ferð að heiman, og hún sér um verkið. Fer sjálf í hléslu að verki loknu.
Roomba matlí starfir og setur í minni.
Kynningarverð 44.900.-
Allar nánari uppl. í s. 848 7632 / 565 0313



Starfsfólk óskast!
Bakarið Kornid Lækjargötu - Borgartúni vantar helgarstarfsfólk.
Nánari uppl. í s. 864 1593 eða á staðnum.

Höllabátar Ingólfstorgi óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára.
Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, einnig á staðnum.



Kvöld og helgarvinna. Subway Smáralind, vantar fólk í kvöld og helgarvinnu. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is og á staðnum.
Nánari upplýsingar veitir Kristjana í síma 696-7003.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Hvar í veröldinni sem er!!

Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Café Roma Kringlunni óskar eftir fólki í fullt starf og hlutastarf. Góð laun og sveigjanlegur vinnutími í boði. Uppl. gefur Halla í s. 690 0557.

Ert þú fótaðgerðarfræðingur með reynslu? Getur þú hugsað þér að vinna 2-3 daga í viku? Hafðu þá samband í síma 893 1577.

Lagerstarfsmaður óskast.

Málning Kópavogi óskar eftir hörkuduglegum lagerstarfsmanni. Aldur ca 18 - 30 ára. Uppl gefur Ólafur Helgason, lagerstjóri. Umsækjendur mæti á staðinn eftir kl 13:00 nk mánudag. Málning, Dalvegi 18, Kópavogi

Vanur vélamaður óskast með meirapróf. Uppl. í s. 897 6705 & 434 1500.

Starfsfólk óskast á sólbáðsstofu í miðbænum, í fullt starf og aukavinnu. Uppl. í s. 821 9812, Gunnar.

Vantar duglega einstaklinga í fullt starf á aldrinum 20-27 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Uppl. í s. 860 2971 eða á gardlist.is

Vélamaður Vantar góðan gröfugæja á hjólagrófu í lagnavinnu og fl. Onyx ehf.
S. 896 6676 - Trausti.

Bakari í Kópavogi, Engihjalla.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn og aðra hvora helgi. Helst reyklus. Uppl. í s. 820 7370.

Sölukona óskast til starfa hjá Markaðstorgi Kringlunnar. S. 895 5513.

Óska eftir starfsmanni í málingavinnu með möguleika á samningi. Áhugasamir hafi samband í s. 698 7889.

Háseta vantar.

Háseta, vanan netaveiðum, vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Þarf að geta byrjað sem fyrst. S. 853 2999 & 893 5522

Atvinna óskast

Smíður óskar eftir vinnu, er líka tilbúin að prófa eitthvað annað. Uppl. í s. 661 2701 - Hafþór.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

Ýmislegt

Uppskriftir

Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

Einkamál



Reglusamur karlmaður á Norðurlandi óskar eftir vinkonu á aldrinum 35-45. Umsóknir berist til Fréttablaðsins merkt „Bangsi“

Eldhúsinnrétting fæst f. lítið gegn því að vera tekin niður. Innréttingin er vinkil-laga ásamt eyju. Bakarofn, örbýlgjuofn, helluborð og háfur fylgja. Uppl. í s. 554 0363, 820 5767.



Framkvæmdanefnd
um einkavæðingu

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu óskar eftir tilboði í ráðgjöf

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur verið falið að hefja undirbúning að sölu á 15,2% hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.

Framkvæmdanefndin leitar eftir ráðgjöf í tengslum við sölu og felst hún í eftirfarandi:

1. Að verðmeta eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu.
2. Að annast undirbúning sölu m.a. gerð útboðslýsingar sem inniheldur allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar geta talist fyrir væntanlegan tilboðsgjafa til að geta gert tilboð í eignarhlut ríkisins.
3. Ráðgefandi hlutverki gagnvart í tengslum við undirbúning og frágang sölnunar.
4. Að meta aðra þætti sem upp geta komið í tengslum við sölu.

Framkvæmdanefndin óskar eftir föstu verðtilboði í ofangreind verkefni. Ekki er gert ráð fyrir að lögfræðileg þjónusta eða gerð samningsskjala sé hluti af tilboði.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að sala á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. fari fram í apríl 2007. Ráðgjafi skal vera nefndinni til ráðgjafar og sitja fundi nefndarinnar eftir óskum hennar. Gert er ráð fyrir fundum með nefndinni eða starfsmönnum hennar einu sinni til tvisvar í viku í einn til tvo tíma í senn.

Mat á tilboðum, skilyrði ofl.

Við mat á tilboðum í ráðgjöf verður einkum litið til eftirfarandi atriða:

- Reynslu og þekkingar fyrirtækisins eða samstarfsaðila á sviði innlendra og erlendra fjármála- og orkumarkaða.
- Reynslu og menntunar einstakra ráðgjafa.
- Tilboðsfjárhæðar

Í tilboðinu skal koma fram hvernig leysa eigi verkefnið innan þess tímaramma sem verkefnislýsingin kveður á um.

Í samningi verður nánar gerð grein fyrir einstökum atriðum varðandi fyrirkomulag vinnu, greiðslu þóknunar ofl.

Heimilt er að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Ekki verður fallist á að sá aðli sem samið verður við sinni jafnframt verkefnum sem vakið geta upp spurningar um hagsmunaaðrekstra, t.a.m. milligöngu um hugsanleg kaup á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja hf.

Tilboð frá áhugasömum aðilum skulu berast fyrir kl. 16:00, 23. janúar 2007 rituð á:

**Framkvæmdanefnd um einkavæðingu
c/o Fjármálaráðuneytið
Stefán Jón Friðriksson
Arnarhvoli, 150 Reykjavík**

*Framkvæmdanefnd um einkavæðingu,
10. janúar 2007.*

Sölufólk óskast!

Sölufólk óskast til að selja merkið **Hjálparhöndin**, sem selt er til styrktar Kaffistofu Samhjalpar fyrir utangarðsfólk.

Góð sölulaun í boði!

Upplýsingar í síma 561 1000 og á www.samhjalp.is

BM Vallá ehf.

óskar eftir laghentum starfsmönnum á helluvél fyrirtækisins í Garðabæ.

Mikil vinna framundan. Unnið er eftir bónuskerfi.

Upplýsingar gefur Kjartan í síma 860 5020 eða Hólmsteinn í síma 896 3222.



Smíðir

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar Byggingarfélag Gylfa og Gunnars eftir smíðum í mælingavinnu. Nánari upplýsingar veita Guðjón í síma 562-2991 eða 693-7305 og Gunnar í síma 693-7310.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

Flottar jazz- og ballettvörur í miklu úrvali

- Fimleikabólur
- Tátiljur
- Skautakjólur
- Dansskór
- o.m.fl.

ÁSTUND

Háaleitisbraut 68 • Sími 568 4240

VIGTARMENN

Námskeið til löggildingar vigtarmanna verður haldið á Neytendastofu, Borgartúni 21, dagana 22., 23. og 24. janúar nk.

Endurmenntunarnámskeið verður haldið 29. janúar.

Allar nánari upplýsingar og aðstoð við skráningu þátttakenda eru veittar í síma 510 1100 og á heimasíðunni www.neytendastofa.is/maelifræði/löggilding_vigtarmanna/námskeið_vigtarmanna.

Skráningu lýkur fimmtudaginn 17. janúar nk.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is



- heilsugar um þinn hag -

Ingvaldur Mar Ingvaldsson
Helgi H. Jónsson
Vilhjálmur Bjarnason
Anna María Kristjánsdóttir
Erla R. Guðmundsdóttir
Guðný Guðmundsdóttir
Gunnar Magnússon

framkv.stjóri
lögg. fast.sali
lögg. fast.sali
móttaka
bókari
sölumaður
sölumaður

Hrafnhildur Helgadóttir
Kolbeinn Sigurðsson
Kristinn Erlendsson
Ólafur H. Haraldsson
Ólafur Sævarsson
Vilborg G. Hansen
Ómar Haraldsson

sölumaður
sölumaður
sölumaður
sölumaður
sölumaður
sölumaður
tölvuumsjón/frágangur

Suðurlandsbraut 50

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

Sími 513 4300

Bólstaðarhlíð - Reykjavík

Eldri borgarar



Bólstaðarhlíð 41 fyrir 60 ára og eldri. 2ja herb. íbúð á jarðhæð með yfirbyggðum suðursvölum í fallegu og góðu 7. hæða lyftufjölbýli þar sem er félags og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara með m.a. hárgreiðslu og fótaaðgerðarstofu ásamt þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar fyrir þetta svæði með matsal og tómsundaraðstöðu. Sérlega gott aðgengi er að íbúðinni þar sem hún er á fyrstu hæð og engar tröppur. Húsvörður. Laus við samning. Verð 14,7 m.

Starmýri - Reykjavík

Stærri íb. og sérhæðir



Gott lðnaðarhúsnæði skipt í tvö útleiguryrmi. Efri hæðin er um 86 fm sem ósamþykkt íbúð eða skrifstofuhúsnæði með 2 inngöngum. Kjallarinn er um 50 fm og er innréttaður sem hljóðstúdíó. Alls um 136 fm Húsnæðið er í góðu ásigkomulagi og býður uppá mikla möguleika. Bæði rýmið eru í útleigu í dag fyrir samtals 154.000 kr. verð 23,6millj.

Digranesvegur - Kóp

Stærri íb. og sérhæðir



Mjög rúmgóð og vel skipulögð 6 herbergja 130,7 fm aðal sérhæðin í steinsteyptu og steniklæddu þrjúbýlishúsi ásamt 23,2 fm bílskúr sem er innréttaður sem studioíbúð og er í útleigu. Leigutekjur geta verið um 40.000 kr. Sérgeymsla með glugga, mögulegt að nota sem lítið herbergi. Suðurlíóð, algjör hitapottur í góðu veðri og mjög skjólgóð. Stutt í Smáralindina og bæði barnaskóla og menntaskóla. Verð 32,4 m.

Vesturberg - Rvk

Stærri íb. og sérhæðir



Um er að ræða mjög rúmgóða og bjarta 108,2 fm fimm herbergja íbúð á efstu hæð með frábæru útsýni í nýviðgerðu og fallegu fjölbýlishúsi sem stendur á góðum stað í Breiðholtiinu. Verð. 21m.

Engjasel - Rvk

4 herbergja



Mjög góð 4ja herbergja, íbúð með bílskýli skráð 3ja herbergja á fyrstu hæð í góðu fjölbýli. Búið er að stúka af þriðja svefnherbergi á snyrtilegan hátt. Þvottahús innan íbúðar. Leikvöllur, leikskólar og skólar í göngufæri. Mjög gott útsýni. Verð aðeins 18,9

Skúlagata - Reykjavík

3ja herbergja



SÉRLEGA FALLEG 3ja herbergja íbúð með stæði í bilageymslu í nýlegu ELDRI BORGARA húsi við Snorrabraut/Lindargötu. ÚTSÝNI yfir höfnina, Snæfellsnes, Akrafjall, Skarósheiði, Esjuna, Víðey, Kleppsholtið og Úlfarsfell. Falleg og snyrtileg sameign. HÚSVARÐARÍBÚÐ, VAKTHERBERGI við inngang, ca 50 manna salur m. eldhúskrök. Aðgangur að mótuneyti þ.e VITATORG félagsheimili aldraðra. EIGN SEM VERT ER AÐ SKOÐA. Verð 29.5m.

Hraunbær - Reykjavík

2ja herbergja



Góð 2ja herbergja 56,5 fm íbúð. Eldhús með nýlegri víðarinnréttingu, parket á gólfi. Stofa með parketi á gólfi og útgang á svalir. Svefnherbergi með parketi á gólfi og góðum nýlegum skápum. Baðherbergi með dúk á gólfi og flisum á vegg, baðkar og sturtuástaða. Parket á gólfum er nýlegt eikarparket. Húsið hefur verið klætt að utan á suðurlíð hússins. Verð 14,5m

Bugðulækur - Reykjavík

2ja herbergja



Góð 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjögurra íbúða húsi á þessum vinsæla og rólega stað. Forstofa með parketi, baðherbergi m/baðkari, rúmgtt svefnherb með parketi og skápum, eldhús með parketi og stofa með teppi á gólfi. V.14,9 millj.

Húsið fasteignasala
í samstarfi við
EUROPEAN VILLAGE AGENCY
Kynna eignir á vísuálistu
sumarleyfisstöðum heims
Spánn

Eyvindará við Egilsstaði

Jörð



Höfum fengið til sölu jörðina Eyvindará á Fljótisdalshéraði, rétt norðan við Egilsstaði. Jörðin er 587 ha. og er án húsakosts. Efri hlutinn jarðarinnar gæti hentað vel til sumarhúsabyggingar og jafnvel skógræktar og er hluti svæðissins bundinn samningi við Héraðsskóga, svo má minnast á mögulega virkjanamöguleika í Miðhúsaánni. Neðri hlutinn sýnist geta hentað mjög vel til íbúðarbyggingar og þá helst þá hluti sem er næst Egilsstöðum. Malarnám hefur verið á eyrunum við ána.

Grensásvegur - Reykjavík

Atvinnuhúsnæði



Skrifstofuhúsnæði á annari hæð með séringngangi 436,6 fm. Flísalagður séringgangur og er góður teppalagður stigi uppá aðra hæð. Mótaka er flísalögð, þrjú flísalögð salerni, góð skrifstofuaðstaða sem er með dúk eða teppi. Stór og góður salur sem er með gegnheilu parketi. Eldhús/mótuneyti með flisum á gólfi, innrétting með góðum tækjum, borðpláss fyrir 60 - 70 manns. Þetta er eign sem er með möguleika að skipta niður vegna þess að inngöngudyr eru þrjár. Laus fljótlega. Verð 59.000.000 kr.

Kolbeinn veitir nánari upplýsingar í síma 694 9100

Thailand
The land of smile
Íbúð með 2 svefnherbergjum
Verð frá 4,5m
Öll þjónusta á staðnum
Glæmleg einbýli Verð 9,5m
Góð hjárfesting.



OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 – www.husid.is

Stjórn efnahagsmála í molum – ójöfnuður eykst

UMRÆÐAN

Efnahagsmál

Nú um áramótin er ástæða til þess að líta yfir farinn veg og athuga stöðu stjórnmalanna, þegar skammt er til þingkosninga en þær eiga að fara fram í maí næsta vor. Það sem blasir við nú um áramótin er að vöruskiptahallinn er meiri en nokkru sinni fyrr og verðbólga mikil. Vöruskiptahallinn á fyrstu 11 mánuðum ársins 2006 nemur 123 milljörðum. Er það mun meiri halli en síðasta ár en þá var einnig methalli. En það er einmitt hinn mikli viðskiptahalli sem á stærsta þáttinn í því að erlend matsfyrirtæki á sviði fjármála hafa gagnrýnt stjórn íslenskra efnahagsmála undanfarið og gefið okkur lakari lánshæfiseinkunn en áður. Hefur þessi gagnrýni leitt til lækkunar íslensku krónunnar. Miklar erlendar skuldir þjóðarbúsins í heild og þar á meðal bankanna hafa einnig valdið gagnrýni erlendra matsstofnana. Ríkisstjórnin hefur gumað af góðri stjórn efnahagsmála en sannleikurinn er sá, að stjórn efnahagsmála er í molum og stöðugleiki enginn. Krónan er á stöðugu flökti og aukinn þrýstingur á að evra verði tekin upp.

Skattar hækkaðir á launafólki

Á sama tíma og við blasir að stjórn efnahagsmála hefur mistekist hefur misskipting og ójöfnuður stóruakist í þjóðfélaginu. Ójöfnuður er meiri hér á landi en í nokkru hinna Norðurlandanna og stefnir nú ódfluga í það að verða jafnmikill og í Bandaríkjunum, þar sem ójöfnuður er einna mestur. Ójöfnuður hefur aukist hér á landi jafnt

og þétt frá 1995 og á sama tíma hefur skattakerfið orðið óréttlátara. Skattar hafa verið hækkaðir á fátækum og launafólki öllu eða á 90% skattgreiðenda en skattar hafa verið lækkaðir á hinum hæst launuðu. Fátækt hefur aukist í landinu undanfarið ár.



BJÖRGVIN
GUÐMUNDSSON

Niðst á öldruðum og öryrkjum

Á tímabilinu frá 1995 hafa aldraðir og öryrkjar ekki fengið sömu hækkun á lífeyri sínum eins og láglaunafólk á almennum vinnumarkaði hefur fengið á launum sínum. Fram að þeim tíma var það lögbundið að

Ranglætt kvótakerfi

Það er eitt brýnasta málið í dag að leiðrétta myndarlega kjör aldraðra og öryrkja. En ekki síður er brýnt að leiðrétta hið ranglæta

aldraðir og öryrkjar fengu sömu hækkun og verkafólk en þessi tengsl voru rofin. Tugir milljarða hafa verið hafðir af öldruðum og öryrkjum vegna þessarar breytingar. Alls hafa 40 milljarðar verið hafðir af öldruðum vegna þessa síðustu 11 árin. Það er réttlát krafa að ríkisstjórnin skili öldruðum þessum fjármunum.

kvótakerfi. Kerfið hefur lagt byggðir landsins víða út um land í eyði. Í margri sjávarbyggð er sem sviðin jörð þar eð kvótar hafa verið fluttir á brott. Nokkrir stórir aðilar braska með kvóta og græða milljarða á braskinu. Þeir fengu kvótana fría í upphafi. Það er krafa almennings að þessu kerfi verði breytt og braskið stöðvað.

Valdniðslan heldur áfram

Einkenni ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar er ójöfnuður og misskipting. En valdniðslan hefur einnig sett mark sitt á þessa ríkisstjórn. Það er alltaf verið að veita vinum og vandanum embætti. En einnig hefur þessi ríkisstjórn stöðugt verið að misbeita valdi sínu. Ríkisstjórnin

hefur gerst sek um valdniðslu hvað eftir annað, nú síðast þegar Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri var hrakinn úr embætti, sem hann var forsetaskipaður í og hafði gegnt með sóma. Einu sakir hans voru þær, að hann hafði aðrar stjórnmalaskoðanir en viðskiptaráðherrar Framsóknar. Ráðherrar Framsóknar þurftu ekki að hugsa um það hvað það kostaði ríkissjóð að hrekja Björn úr embætti. Þetta er hrein valdniðsla.

Stjórnskipti eru nauðsyn

Nauðsynlegt er að koma ríkisstjórn misskiptingar og ójafnaðar frá næsta vor. Að því ber að stefna.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



BRÉF TIL BLAÐSINS

Algjör vitleysa

Gunnar Halldórsson, íbúi í miðbæ Reykjavíkur skrifar um lokun lögreglustöðvar miðborgarinnar

Ég skil ekkert í þeirri vitleysu að loka miðborgarlögreglustöðinni við Tryggvabraut.

Það er mikilvægt fyrir alla að hafa aðgang að lögreglustöð í miðborginni. Ferðamenn og fólk sem er að skemmta sér um helgar þarf að hafa stað sem hægt er að leita til ef eitthvað kemur upp á. Þá er fælingarmáttur slíkrar lögreglustöðvar mikill fyrir glæpamenn og ekki lítil þörf á í kjölfar fréttar af nauðgunum og ofbeldisverkemum í miðbænum um helgar.

Ég sé engin rök eða ástæðu til þess að loka lögreglustöðinni. Húsið er í eigu ríkisins svo varla kostar mikið að reka það. Ég er líka alveg klár á því að flestir borgarþáttfarar vilja láta opna lögreglustöðina á ný.

Valdapot

Margrét Ásgeirsdóttir skrifar um stjórnmal.

Karlar tveir reyna nú að yfirtaka stjórnmalaflokk sem kvenmaður stofnaði og ýta henni til hliðar (voru ekki stofnendur). Ég er kvenmaður og líkar illa svona karlrembufrakkoma. Að Magnús og Guðjón skuli dirfast að valta yfir kvenstofnanda flokksins lofar ekki góðu fyrir þá, ekki beint gáfuleg framkoma. Stríkið þá út úr flokknum í öllum kosningum, við erum betur sett án þeirra.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

NÚ FER KENNSLA EINNIG FRAM Í FOLDA- SKÓLA Í GRAFARVOGI



TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, fram-sögn og framkomu, dans og sam-hæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idolinu** og **Halla Vilhjálms** úr **X-factor** kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Söldög) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnsluskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsniðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. **Andrea Gylfa** kennir en meðal hljóðfæraleikara eru **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær**. Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

JANÚARTILBOÐ

LITA-
LASER

TILBOÐ

29.990-

NET
TENGDUR

SPRENGJU-
TILBOÐ!

OKI
PRINTING SOLUTIONS

PRENTARI C3300n litalaser

- **Síðufjöld pr. mín.:** 16 í svart/hvítu, 12 síður í lit
- **Pappírsstærð:** A4
- **Fyrsta síða:** 12 sek. í svart/hvítu, 15 sek. í lit
- **Minni:** 32 Mb
- **Örgjörvi:** 200 MHz
- **Pappírþykkt:** 64-120 gr. / 75-203 gr. (Multi purpose)
- **Pappírmagn:** 250 bls. í skúffu
- **Prentþol:** 35.000 bls. á mánuði
- **Upplausn:** 1200 x 600 dpi
- **Tengi:** USB 2.0 og 10/100 TX Ethernet

Hugbúnaður:

Windows 98/ME/NT 4.0/2000/
XP Home/XP Pro/XP Pro x64/Server 2003/
Server 2003 (x64)/Mac OS 9 eða nýrra,
Mac OS X PowerPC 10.2 eða nýrra,
Mac OS X Intel 10.4.4 eða nýrra



Office **1** Superstore

SÝNDU frumkvæði

988 kr. kg.

Goða lambalæri frosið

Helgarsteikin

989 kr. kg.

Goða svínakótilettur
frosnar í poka

20%
afsláttur

Orkustangir

Hollusta

6 fyrir 4

Sprite & Sprite Zero 2 ltr
98 kr./stk.

Stjörnusnakk
199 kr./pk.

Góu tvenna
339 kr./pk.

Náttúra Rucula salat
269 kr./pk.

Vínber græn
379 kr./kg.

Fine taste hvítlauksbrauð
169 kr./pk.

KRONAN KRONAN KRONAN

Ódýrt og gott

Ódýrt

Ódýrt

Ódýrt



399 kr. kg. KEA bjúgu

399 kr. pk. Naggar cordon bleu

1399 kr. pk. Danpo kjúklingabringur frosnar 900g

30% afsláttur

SPARAÐU STÓRT




H&G rófustappa og sviðasulta 589 kr./pk.



Goða súrmatur 1,2 kg 1590 kr./pk.

20% afsláttur

Stjörnusalat kartöflusalat 700g 299 kr./pk.



Göteborg Bixit kex 299 kr./pk.



Kaffi Siesta 199 kr./pk.



Nesquik poki 500g 299 kr./stk.

2 fyrir 1

Myllu Fitty samlokubrauð



McCain franskar Superfries 269 kr./pk.



Neutral mýkingarefni 235 kr./pk.

Neutral þvottaefni 8 kg 1698 kr./pk.



V05 sjampó 199 kr./stk.



Closan WC ilmur 299 kr./pk.

PETTA GERÐIST: 12. JANÚAR 1879

Breska Zúlú-stríðið hefst

Breska Zúlú-stríðið hófst á þessum degi árið 1879 þegar breskt herlið réðst inn í Zúlúland frá suður-afrísku ríkinu Natal. Bretar tóku við stjórnartaumunum í Natal úr höndum Búa árið 1843, en Zúlúland heyrði undir það. Búar voru niðjar hollenskra landnema sem settust að í Suður-Afríku á 17. öld en um svipað leyti settust Zúlúmenn að á svæðinu. Árið 1838 skarst í odda milli Búa og Zúlúanna, sem lutu þá Dingane konungi. Búarnir steyptu honum af stóli og stofnuðu ríkið Natal og gerðu Mpande, son Dingane, að lepp sínum í sameinaðist það Natal sem gekk í sambandskonungsstól. Premur árum síðar tóku Bretar við



stjórn Natal og Zúlúlands. Þegar Mpande konungur lést árið 1872 settist Cetshway sonur hans á valdastól en sá var staðráðinn í að spyrna á móti yfirráðum Evrópumanna. Í desember árið 1878 neitaði hann að leysa upp herinn og eftir áramót réðust Bretar inn í landið í þeim tilgangi að setja Cetshway af. Bretar mættu miklum mótbyr og ófær hermenn féllu í valinn. Í mars snerist gæfan Bretum í hag í orrustunni við Khambula og í júlí 1879 gafst Cetshway upp. Árið 1887 innlimuðu Bretar Zúlúland og tíu árum síðar lýðveldi Suður-Afríku árið 1910.

MERKISATBURÐIR

- 1268 Gissur Þorvaldsson jarl deyr, um 60 ára gamall. Hann var einn völdugasti höfðingi 13. aldar á Íslandi.
- 1940 Einar Benediktsson skáld deyr, 75 ára gamall.
- 1953 Níu læknar af gyðingaættum handteknir í Moskvu sakaðir um samsæri.
- 1970 Bíafrastriðinu lýkur með uppgjöf Bíafrá fyrir Nígíri.
- 1989 Idi Amin, fyrrverandi einræðisherra Úganda, rekinn frá Saír.
- 1993 Samningurinn um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu samþykktur á Alþingi.
- 1995 Réttarhöld hefst yfir ruðningshetjunni O.J. Simpson.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Hreinn Loftsson stjórnarformaður er 51 árs.



Björn Thors leikari er 29 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG



Kirstie Alley 1951.



Howard Stern 1954.



Heather Mills 1968.



Melanie „Sporty Spice“ Chrisholm 1974.



60 ára afmæli

Skúli Viðar Lórenzon

miðill, verður sextugur 15. jan. Á þessum merku tímamótum hjóðum við ættingjum og vinum að gleðjast með honum laugardaginn 13. jan. í Hamri, félagsheimili Þórs, frá kl. 17.00. Fjölskyldan.



TÍMAMÓT Á TÓLF ÁRA AFMÆLINU Ásta man sérstaklega eftir þeim tímamótum þegar hún fékk að fara á fullorðinsmynd í bíó í fyrsta sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁSTA MÖLLER ALÞINGISKONA: Á FIMMTUGSAFMÆLI Í DAG

Enn þá ung og efnileg

„Maður er svona búinn að búa sig undir þetta andlega,“ sagði alþingiskonan Ásta Möller létt í bragði, þegar Fréttablaðið forvitnaðist um hvernig tímamótin legðust í hana. Ásta var þó ekki á því að hún stæði á einhverjum sérstökum tímamótum á fimmtugsafmælinu. „Ég held að mesta áfallið hafi verið þegar ég varð fjórutíu og eins árs, mér fannst ég vera orðin svo gömul þá,“ sagði Ásta, sem kvaðst hins vegar ekkert hafa fundið fyrir því þegar hún varð fertug. „Svo tekur maður þessu bara með stófskri ró,“ sagði hún kát. Á alvarlegri nótum sagðist Ásta þó ekki einblína sérstaklega á aldur.

„Maður er eins gamall og maður telur sig vera. Þetta er stór tugur, en í anda er ég miklu yngri,“ sagði hún. „Ég er náttúrulega enn þá ung og efnileg kona og verð það vonandi áfram, en samt með þá reynslu sem aldurinn gefur til kynna. Ég held að það sé mikilvægt að maður nýti þá reynslu og þekkingu sem maður hefur aflað sér, en líti svo á að maður sé enn ungur og efnilegur. Að fólk horfi fram á veginn og skoði hvernig það geti bætt um betur,“ sagði Ásta. „Mér finnst ég ekkert vera á leiðinni niður, ég er ennþá á leiðinni upp,“ bætti hún við.

Aðspurð hvort einhver afmælisdagur sé henni minnisstæðari en annar, segir Ásta alla afmælisdaga sína hafa verið frábæra. „Mér finnst líka alveg ofboðslega stutt síðan ég var 25 ára, þrítug og fertug. Manni finnst þetta líða svo hratt,“ sagði hún. Ásta man þó sérstaklega eftir tólf ára afmælisdegi sínum og nefnir að hann sé miklu heldur tímamótadagur

en fimmtugsafmælið. „Þá var svona lítið á mann eins og maður væri aðeins farinn að fullorðnast. Ég man að ég fór um kvöldið með pabba og mömmu á Byssurnar í Navarone. Það var í fyrsta skipti sem ég fór á mynd sem var bönnuð innan tólf ára. Þá var maður ekki lengur bara í krakka-myndunum,“ sagði hún.

Ásta segist hafa óskaplega gaman af því að hópa fólk í kringum sig af ýmsum tilefnum og ætlar því að halda heljarinnar veislu í kvöld. „Ég stóð frammi fyrir því núna að ákveða hvað ég ætti að gera, láta mig hverfa eða fagna þessu. Ég ákvað að fagna bara, og slæ upp balli fyrir fjölskyldu, vini, kunningja og vinnufélaga í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi í kvöld,“ sagði hún að lokum.

sunna@frettabladid.is



Víð viljum þakka öllum þeim sem með bænnum, blómum, gjöfum, fallettum orðum, fadmlögum, kertalogum, samúðarkveðjum, ýmiss konar hjálp eða á annan hátt hafa sýnt minningu Ágústs sonar okkar virðingu.

Pakkir frá okkar dýpstu hjartarótum. Þið eruð okkar hetjur. Guð blessi ykkur.

Auróra G. Friðriksdóttir Bjarni Sighvatsson.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafadur og afi,

Steingrímur Jónsson

flugvirki,

sem lést 4. janúar sl. verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 16. janúar kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningasjóð Grundar.

Molly Jónsson
Jón Steingrímsson Guðrún Ólafsdóttir
Skorri Steingrímsson og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafadur, afi og langafi,

Ársæll Guðsteinsson

ravvirki, Dalvegi 16c Kópavogi,

lést á líknardeild Landakotspítala þriðjudaginn 9. janúar.

Pálína K. Pálsdóttir
Sigurður Ársællsson Anna Dóra Guðmundsdóttir
Vilborg Ósk Ársælsdóttir Finnþogi G. Kristinsson
Páll H. Ársællsson
Guðrún H. Ársælsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sölvína Herdís Jónsdóttir

Lyngholti, Ólafsfirði, síðar Dvalarheimilinu Ási, Hveragerði,

verður jarðsunninn frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 13. janúar kl. 13.30.

Kristján Reykdal
Guðfinna Ólöf Friðriksdóttir Gunnar Ágústsson
Margrét Friðriksdóttir Einar Gestsson
Hildur Friðriksdóttir Gylfi Ólafsson
Jón Sveinn Friðriksson Jóna Gunnarsdóttir
Auður Regina Friðriksdóttir Sævar Anton Hafsteinsson
Eygló Friðriksdóttir, ömmubörn og langömmubörn.

MAX

LágMAXverð

Vaxtalausar VÖRUR



42 tommur

Philips 42PF5421

- 42" LCD breiðtjaldsónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital Crystal Clear og Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Ljósmyndari og Active Control
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni

18.999 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

227.988 kr.

KitchenAid 5KSM150PSEW

- 300W hrærivél
- Hraðastillingar 1-10
- Þeytari, hrærari og hnoðari
- 4.8 lítra skál með handfangi
- Hveitibraut

3.049 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

37.788 kr.



Fujitsu Siemens Scales P

- Borðtölva
- Pd805 kubbasett
- Dual Core 2,66GHz örgjörvi
- 512 ddr2 533 minni
- 160Gb 7200 sn diskur
- DVD multi brennari
- Windows XP home sp2

4.149 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

49.788 kr.

SONY DSCW50

- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta upplausn
- 2,5" LCD skjár
- Carl Zeiss linsa
- 3x Optical og 6x Digital zoom
- Hreyfimyndataka
- 32MB minni innbyggt

2.399 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

28.788 kr.



Nokia E50

- Nettur farsími í nýju E-línunni
- Biðtími allt að 230 klst.
- 262,144 skjálitir
- Skjástærð 240 x 320 dílar
- Micro-SD rauf (allt að 2GB)
- Taltími allt að 7 klst.
- Með myndavél
- Þyngd 104 gr
- 70MB minni

2.499 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

29.988 kr.



Bauknecht WAK8460

- 1400 snúninga þvottavél
- Stafrænt kerfisval
- Rafeindastýrð
- Dynamic Intelligence - skynjar óhreinindi í vatni
- Þvott hæfni A, Orkunýting A+ og Vinduhæfni B

5.999 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

71.988 kr.



Bauknecht TRKK6620

- Tvíátta barkalaus þurrkari
- Tekur 5kg
- 2 hitastig
- Kaldur blástur
- Krumpuvörn
- Orkunýting C
- Rakaskynjari

5.399 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

64.788 kr.



Siemens SE24E234

- Uppþvottavél
- Einföl en vönduð
- Fjögur kerfi
- Þvott hæfni A
- Þurrk hæfni A
- Orkunýting A

4.999 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

59.988 kr.



Elna ELNA3210

- Saumavél með 18 sporgerðir
- Sjálfvirkur nálaþræðari
- Super Overlock ofl

2.449 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

29.388 kr.

Nýtt korta-tímabil

Við erum beint á móti IKEA

Allir Friends þættirnir DVD - Seríur 1 - 10



1.999 kr.

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

23.988 kr.



OPNUNARTÍMI: Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 12-18.

MAX / Kaupþúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

NÝTT Á GRAS.IS



ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!

NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANN!

Vodafone live!

Fréttir og þróttir Leikir Skemmtun

STUÐ MILLI STRÍÐA Forvitni í poka

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR HEFUR MEIRI ÁHUGA Á FLESTU ÖÐRU EN EINKALÍFI ANNARS FÓLKS



Þegar ég var lítil langaði mig til þess að vita allt og vonaði að einn daginn kæmi að því. Núna er ég hins vegar, mér til mikilla vonbrigða, ekki komin lengra en það að ég veit það eitt að ég veit ekki neitt, eins og Sókrates sagði.

Löngunin til þess að vita sem mest um heiminn sem við lifum í og umhverfi okkar er eðlileg og heilbrigð og þar sem algert áhugaleysi er ekki gott er forvitni ákjósanleg svo framarlega sem hún beinist í réttan farveg. Forvitni getur hins vegar bæði verið jákvæð og... ja,

ekki eins jákvæð, því misjafnt er hvaða þáttum umhverfisins við höfum áhuga á.

Á meðan sumir hafa mestan áhuga á einkalífi nágranna sinna og fína og fræga fólksins, brýst forvitni annarra út sem hreinn þekkingarþorsti og löngun til þess að fræðast um önnur menningarsamfélög, nýjar hugmyndir og óþekktar stærðir.

Ég á ömmu í litlum bæ úti á landi sem veit allt í heiminum. Þá meina ég bókstaflega allt í heiminum því hún er endalaus uppspretta alls konar fróðleiks. Það skiptir engu máli hvort mig vantar upplýsingar um gengi íslenskra unglingahljóm-sveita á erlendri grundu eða útskýringar á ástandinu í Miðausturlönd-

um því allt veit hún og getur miðlað af þekkingu sinni til okkar barnabarnanna. Með því að hafa áhuga á því að vita meira, lesa allt sem hún kemst í og fylgjast með fjölmiðlum hefur hún tileinkað sér yfirgripsmikla þekkingu á öllum sviðum mannlífsins. Það eina sem hún veit ekkert um er hvað er að gerast í næstu húsum við hana, sem skiptir líka engu máli.

Mig langar ennþá til þess að verða svona einhvern daginn og ætla því að halda áfram að vera forvitin um lífið, framtíðina og umhverfi mitt í stærra samhengi. Mér er hins vegar alveg sama af hverju eitthvert par úti í bæ ákvað að slíta samvistum, enda kemur mér það ekki við frekar en öðrum.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Notaðir bílar. Físlétt kaup - engin útborgun.
 Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
 Aðeins í dag. Komdu strax.

Engin útborgun

Lægra verð. Lægri afborgun.*
 Aðeins 38 bílar. Í dag.
 Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Nýttu þér
 tilboðin
 Tökum notaðan
 uppí notaðan

Engin útborgun - afborgun
 undir 22.000 kr. á mánuði



Citroën C3 SX 1.4 beinsk. skrd. 09/2003 ek. 40.000 km.
 Verð 1.030.000 kr. Tilboðsverð 930.000 kr. Engin útborgun.
 16.573 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. ZS-027.



VW Golf Comfortline 1.6 beinsk. skrd. 02/2002 ek. 53.000 km.
 Verð 1.020.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
 17.538 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. DX-430.



Mazda Premacy 1,8 beinsk. skrd. 01/2001 ek. 81.000 km.
 Verð 920.000 kr. Tilboðsverð 790.000 kr. Engin útborgun.
 17.706 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. MH-401.



Toyota Yaris Sol VTI 1,3 beinsk. skrd. 08/2004 ek. 31.000 km.
 Verð 1.320.000 kr. Tilboðsverð 1.220.000 kr. Engin útborgun.
 21.542 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TH-558.

Engin útborgun - afborgun
 22.000 - 30.000 kr. á mánuði



Ford Focus Trend 1,6 sjálfsk. skrd. 08/2004 ek. 45.000 km.
 Verð 1.650.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun.
 22.457 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RH-753.



Citroën Picasso Exclusive 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek. 35.000 km.
 Verð 1.690.000 kr. Tilboðsverð 1.420.000 kr. Engin útborgun.
 24.278 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. AO-623.



Renault Megane II Salon 1,6 beinsk. skrd. 12/2004 ek. 29.000 km.
 Verð 1.710.000 kr. Tilboðsverð 1.390.000 kr. Engin útborgun.
 24.443 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MZ-218.



Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 02/2003 ek. 69.000 km.
 Verð 1.760.000 kr. Tilboðsverð 1.620.000 kr. Engin útborgun.
 28.431 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MR-690.

Engin útborgun - afborgun
 30.000 - 45.000 kr. á mánuði



Opel Vectra-C 2,2 sjálfsk. skrd. 06/2005 ek. 34.000 km.
 Verð 2.300.000 kr. Tilboðsverð 2.090.000 kr. Engin útborgun.
 31.389 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. LN-890.



Volvo S40 SE-Edition 2,0 sjálfsk. skrd. 11/2003 ek. 49.000 km.
 Verð 1.840.000 kr. Tilboðsverð 1.690.000 kr. Engin útborgun.
 33.055 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RX-600.



Citroën Picasso Exclusive 2,0 sjálfsk. skrd. 09/2005 ek. 17.000 km.
 Verð 2.040.000 kr. Tilboðsverð 1.890.000 kr. Engin útborgun.
 33.221 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OT-921.



Ford F150 Supercap 5,4 sjálfsk. skrd. 12/2003 ek. 74.000 km.
 Verð 2.620.000 kr. Tilboðsverð 2.390.000 kr. Engin útborgun.
 35.855 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TR-768.

Engin útborgun - afborgun
 yfir 45.000 kr. á mánuði



Volvo V70 2,0 sjálfsk. skrd. 01/2004 ek. 52.000 km.
 Verð 2.890.000 kr. Tilboðsverð 2.690.000 kr. Engin útborgun.
 47.167 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TV-571.



Ford Expedition E. Bauer 5,4 sjálfsk. skrd. 12/2002 ek. 101.000 km.
 Verð 3.190.000 kr. Tilboðsverð 2.690.000 kr. Engin útborgun.
 50.653 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. NN-872.



Ford Explorer XLT 4,0 sjálfsk. skrd. 05/2004 ek. 48.000 km.
 Verð 3.320.000 kr. Tilboðsverð 2.890.000 kr. Engin útborgun.
 52.396 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. LR-872.



Ford Expedition E. Bauer 5,4 sjálfsk. skrd. 12/2004 ek. 62.000 km.
 Verð 4.490.000 kr. Tilboðsverð 3.690.000 kr. Engin útborgun.
 56.094 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PP-179.

Þig vantar bíl. Komdu núna.
 Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
 Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér
 frekari upplýsinga
www.brimborg.is

brimborg
 Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfrýrtækis.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

**Kl. 17.00**

Dórunn Hjartardóttir opnar sýningu í Anima galleríi Ingólfsstræti 8. Á sýningunni verða verk sem Dórunn hefur unnið í vetur í Reykjavík og Róm, en hún dvaldi vetrarpart í Rómabústaðnum. Sýningin, sem er sjötta einkasýning Dórunnar, stendur til 27. janúar.

menning

menning@frettabladid.is

Best í heimi í Iðnó

Rauði þráðurinn hefur auglýst að tekna verði upp sýningar í Iðnó frá og með næsta laugardegi á spunaverkinu *Best í heimi* sem María Reyndal setti upp fyrir jóla við gríðargóðar undirtektir. Var uppselt á allar sýningar fyrir jól og eru nú fyrirhugaðar fimm aukasýningar til loka janúar. *Best í heimi* byggir sem kunnugt er á mynd Íslands og tali manna og hvernig við tökum á móti nýbúum. Verkið er leikið af listamönnum af erlendu bergi brotnu og grandskoðar bullið kringum einföldustu gerð þjóðrembu í samfélagi okkar og vitund.

- pbb



BEST Í HEIMI Hópurinn sem að sýningunni stendur er kominn í gang á ný.

> Ekki missa af...

sýningunni **Uncertain States of America** sem nú stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur**, Hafnarhúsi. Vonarstjórnur bandarískrar samtímalistar sýna list sína.

Íslenski klassík í Borgarleikhúsinu. Leikritið **Dagur vonar** er sýnt á Stóra sviðinu í leikstjórn **Hilmis Snæs Guðnasonar**.

Ljósmyndasýningu **Sissúar** í Skotinu, **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** í Grófarhúsi. Forvitnileg sýning um menjar tímans.

Steinunn í Flórída

Steinunn Þórarinsdóttir á verk á listaverkamessunni í Palm Beach 3 Contemporary Art Fair í Flórída. Um níutíu gallerí sýna þar og er Samuel Osborne galleríið í Mayfair þar á meðal sen það höndlar alla jafna með verk Steinunnar. Osborne höndlar með marga fleiri merka listamenn að staðaldri en í hópnum sem þeir selja eru meðal annarra Henry Moore, David Hockney, Lucien Freud, Jim Dine, Miró, Picasso, Warhol, Anna Maria Pacheco, Sean Henry, Frank Stella og Sophie Ryder.

Eitt af verkum Steinunnar er staðsett við aðalinngang sýningarinnar ásamt verki eftir Lynn Chadwick. Lynn Chadwick, sem er nýlátinn, var einn af þekktustu myndhöggvurum Breta á 20. öldinni og hefur Osborne talsvert af verkum hennar til sölu. Alþjóðlega listamessan í Palm Beach er nú haldin í tíunda sinn en hún hófst í gær og lýkur 16. janúar. Hægt er að sjá valin verk frá sýningunni á www.osbornesamuel.com.

- pbb



MYNDLIST Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari.

Mannamyndir á söfnum

Drjár stórsýningar hafa verið uppi í London á þessu hausti: Mannamyndasýningu Þjóðverjans Hans Holbein (1497/98-1543) lauk í Tate-safninu síðasta sunnudag. Þar gat að líta frægustu mannamyndir þyska málarans: Thomas More, Jane Seymour, eru þar á meðal en Holbein gerði margar fleiri myndir af mektarmönnum á valdatíma Hinriks áttunda í Bretlandi, enda vann hann við hirðina sem málari og stílisti.

Sýningar á mannamyndum spænska málarans Velázquez (1599-1660) verður uppi á National Gallery til 21. janúar. Hann var ættaður frá Sevilla en vann mest við hirð Filipusar fjórða. Hann var mikill meistari sjónblekkinga sem síðar öllu bæði raunseismálurum og impressjónistum heilabrotum. Myndirnar á National eru nær helmingur varðveittra verka hans og eru fengin að láni frá Prado-safninu. Verður bið á því að þær ferðist mikið eftir að þeim er skilad sökum kostnaðar. Þetta er því einstakt tækifæri sem gefst til að sjá þær.

Í lok þriðju viku lýkur einnig mannamyndasýningu Davids Hockney á National Portrait Gallery. Þó að Hockney teljist óvirk til kynslóðar bresku popparanna

hefur hann frá fyrstu tíð verið óhemju afkastamikill mannamyndamálari, bæði með olíu, pastel, penslum og lit. Að ógleymdum ljósmyndum sem hann hefur notað mikið í seinni tíð. Hög hönd hans dregur fram aðstæður og persónur af mikilli list.

Samfara þessum þremur sýningum mannamynda eru söfnin með útgáfur sem auðveldlega má nálgast í vefbúðum þeim tengdum. Mannamyndir hafa á tímum ljósmyndarinnar verið víkjandi iðn, því sumir vilja ekki kenna þá iðkun til lista. Hér hafa þó verið óhemju afkastamiklir portrettmálarar, Örlygur Sigurðsson, Sigurður Sigurðsson og Baltasar. Ýmis merki eru uppi að víða um lönd sé mannmyndin aftur í uppsveiflu og hafa menn kennt um aldri og velsæld millistéttar og nýríkum efristéttum. Enn hafa ekki komið fram hér á landi málara sem einbeita sér að portretti en X-kynslóðin, krúttin og upparnir, svo ekki sé talað um 68-kynslóðina, eru nægilega einstaklingsinnuð og sjálfupptekin til að taka slíkri túlkun persónuleika fagnandi – finnst á málari. Enn hefur ekki verið hóað í einhverskonar yfirlit mannamynda hér á landi af stóru söfnunum.

- pbb



MYNDLIST Clark-hjónin og kötturinn Percy eftir David Hockney er meðal þeirra verka sem nú eru uppi í National Portrait Gallery í London.



BYGGINGARLIST Frá uppsetningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær.

Byggingarlist í ráðhúsinu

Það er ekki á hverjum degi sem almenningi gefst kostur á að sjá sæmilegt yfirlit um íslenska byggingarlist en nú gefst slíkt tækifæri: Sýning um byggingarlist á Íslandi á síðustu árum verður uppi í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík frá föstudeginum 12. til 28. janúar. Á sýningunni er sýnd byggingarlist á Íslandi frá 1992 til þessa dags.

Sýningin nefnist 50+12 og er samnorraent verkefni, sem var framlag Arkitektaskólans í Árósum til Menningarviku borgarinnar í september 2006. Arkitektafélag Íslands og Listaháskóli Íslands stöðu að sýningunni af Íslands hálfu en nokkuð var í hana lagt: Styrktaraðilar eru Norræni Menningarsjóðurinn, Minningarsjóður Guðjóns Samúelssonar, Menningarsjóður Íslandsbanka og Sjóvá-Almennra og Ráðhús Reykjavíkur. Sýningin 50+12 er sjálfstætt framhald af sýningu um byggingarlist á Íslandi, sem haldin var í tilefni af 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins fyrir tólf árum. Á þeirri sýningu voru

sýnd verk, sem náðu yfir alla sögu byggingarlistar á Íslandi fram til ársins 1994. Tildrög hennar voru nokkuð óvenjuleg: hingað hafði þá komið reglulega hópur nemenda í arkitektúr frá Árósum með kennara sínum, Paul Nedgaard Jensen. Hóparnir lögðust í mælingar á íslenskum húsum fornum og skilad aði það útgefni efni sem farið hefur lágt en er grundvallarverk í íslenski byggingarsögu: Þverá og Örafí 1 og 2.

Hvers vegna skyldi danskur kennari í arkitektúr leita til Íslands eftir mælingaverkefnum: hér er óplægður akur – rannsóknir á íslenski húsagerðarlist eru skammt á veg komnar, víddir eru hér aðrar og viðfangsefni gerólík því sem finna má í Danmörku. Svo er Paul frá Skagen en þar er birta og land gerólíkt flestum stöðum í Danaveldi – hann fann hér á landi eitthvað sem var keimlíkt sínum fornu slóðum, festi ástfóstri við landið og fornan húsakost hér.

Hugmynd kom svo upp vegna þessara tengsla að gera sýningu um íslenskan arkitektúr fyrir menningarvikuna árlegu í Árósum, en þegar menn tóku að líta til verksins var einsýnt að hún þyrfti að sækja lengra aftur í tímann og úr varð sýning sem gerði grein fyrir eldri húsagerð. Hún kom upp

1994 en barst ekki hingað fyrr en 1996. Samfara henni kom út lítið rit eftir Þorstein Gunnarsson, Hjörleif Stefánsson og Pétur Ármannsson á þremur tungumálum. Það er nú orðið fágætt.

Sýningin nú er beint framhald. Þar eru 25 verk skoðuð, tvö þeirra skara tímamótin milli sýninganna. Landslagsmyndir ljósmyndarans Aage Lund Jensen móta umgjörð sýningarinnar. Sjón er sögu ríkari og því er best að vísa áhugasömum í Ráðhúsið. Opnunaráttíð er í dag kl. 16. Sýningin stendur til 28. janúar og er opin kl. 8-19 virka daga og kl. 12 til 18 um helgar.

Samstarf við Árósamenn hefur dregið dilk á eftir sér: enn koma hingað hópar til mælinga frá Árósum. Nú eru það gömlu kirkjurnar sem þeir mæla og leggja því sitt til hinnar miklu ritraðar um kirkjur á Íslandi. Guðmundur Gunnarsson arkitekt hefur fylgst með þessu starfi öllu og segir hann tillegg Árósamanna ómetanlegt í skráningu gagna fyrir íslenska byggingarsögu sem er hreint ekki lítill hluti menningarsögu okkar en ekki nema að litlu leyti rannsókuð og skráð og því flestum hulin – þó að hún blasi við. Sýningin í Ráðhúsinu er holl áminning um það.

- pbb

Bók um Mikines hrósað

Bók Nesútgáfunnar um færeyska málara Samal Joensen-Mikines sem Aðalsteinn Ingólfsson er aðalhöfundurinn að fær framúrskarandi umsögn hjá Peter Michael Hornung í Politiken um helgina. Ein glæsilegasta útgáfa ársins segir gagnrýnandinn og hrósar aðstandendum útgáfunnar fyrir metnað í öllum frágangi verksins.

Nesútgáfan sendi bókina frá sér í árslok og hefur hún hlotið litla athygli hér á landi. Kynningareintöku hefur enda ekki verið



dreift á fjölmiðla. Gagnrýnandinn viðurkennir fúslega að færeyski málari hafi átt litla von um að komast að hásetum evrópskrar málalistar verandi frá Færeyjum. Hann rekur umfjöllun Aðalsteins og hvernig innri andstæður málara urðu til þess að hrekja hann lengra í myrkur ókunnugleika og vanmats á sterkri listrænni gáfu hans, sem og áfengissýki hans og lyfjaneysla og síðan samúð hans með fasismanum.

Tíbrártónleikar á nýju ári

Árlegir nýárstónleikar Tíbrártónleikaraðarinnar verða haldnir í Salnum á morgun, laugardag. Þetta er fjórða árið í röð sem Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar fagnar nýju ári með glæsilegum Vínartónleikum í Salnum.

Ad þessu sinni hefur þetta einvalalið hljóðfæraleikara fengið til liðs við sig hjónin Hönnu Dóru Sturludóttur, sópran, og Lothar Odinius, tenór, og gefst tónlistarunnendum nú einstakt tækifæri til að heyra í þessum frábæru söngfuglum frá Berlín. Munu þau koma víða við í óperettuheiminum ásamt hljómsveitinni.

Salonhljómsveit Sigurðar Ingva er skipuð átta tónlistarmönnum úr fremstu röð, fiðlaranum snjalla Sigrúnu Eðvaldsdóttur, sem leikur einleik og er jafnframt konsertmeisteri hljómsveitarinnar, Pálinu Árnadóttur fiðluleikara, Bryndísi Höllu Gylfadóttur sellóleikara, Hávarði Tryggvasyni kontrabassaleikara, Martial Nardeau flautuleikara, Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara, Péttri Grétarsyni



SÖNGFUGLARNIR HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR OG LOTHAR ODINIUS Koma fram ásamt Salonsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar í Salnum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

slagverksleikara og klarínettu-leikaranum og hljómsveitarstjóranum Sigurði Ingva Snorrasyni. Á efnisskránni eru að vanda ljúfustu söngvar, svellandi valsar, spriklandi polkar og önnur

gleðitónlist úr gnægtabrunni Vínartónlistarinnar. Enn eru nokkur sæti laus en vakin er sérstök athygli á því að undanfarin ár hafa færri komist að en vildu. Tónleikarnir hefjast kl. 16.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR
9 10 11 12 13 14 15

Föstudagur

OPNANIR

12.00 Ljósmyndasýningin **Með tyggjó og túberað há** verður opnuð í **Þjóðminjasafninu**. Um þessar mundir rifjar Þjóðminjasafnið upp stemningu sjöunda áratugarins eins og hún birtist í myndum tölubráðranna **Ingimundar** og **Kristjáns Magnússona**.

SKEMMTANIR

23.00 Hljómsveit **Geirmundar Valtýssonar** skemmtir á **Kringlukránni**.

SÝNINGAR

09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en **Listvinafélag** kirkjunnar stendur fyrir henni.

10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**, sýna 45 vonarstjórnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Sýningarstjórar eru **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birmbaum**. Sýningin stendur til 21. janúar.

11.00 Sýningin **Frelsun litarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá **Musée des beaux-arts** í **Bordeaux** í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fugle, Astri Lúihn, Sigrun Gunnarsdóttir, Torbjörn Olsen, Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í Hafnarborg. Listamennirnir á sýningunni Einsýna List eru að mörgu leyti ólíkir en þau eiga það sameiginlegt að vera óhrædd við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.

13.00 Myndlístmennirnir **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.

14.00 Myndlístmennirnir **Hekla Dögg Jónsdóttir, Daniel Björnsson, Sírra Sigrún Sigurðardóttir** og **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** taka þátt í jóla-sýningu Kling & bang gallerís sem nefnist Ljósaskípti. Sýningin stendur til 28. janúar.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

12.00 Galleríið **Art Iceland.com** stendur fyrir smámynda-sýningu í húsakynnum sínum á **Skólavörðustíg 1a**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

GERÐUBERG

www.gerduberg.is

Ljóðlist og þýðingar í brennidepli um næstu helgi!

Sólin hefur enn ekki sungið sitt síðasta Ritþing Ingibjargar Haraldsdóttur Laugardaginn 20. janúar kl. 13:30 – 16:00

Frá Kölska til kynlifs - Málþing um þýðingar Í samstarfi við Jón á Bægisá - Tímarit þýðenda og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur Sunnudaginn 21. janúar kl. 13:30 – 16:00

Vissir þú að... í Gerðubergi er góð aðstoða fyrir ráðstefnur námskeið, fundi og móttökur Sjá nánari upplýsingar á www.gerduberg.is

Þetta vilja börnin sjá!. Brot af því besta og Hugarheimar. Næst síðasta sýningarhelgi! Sýningarnar eru opnar virka daga frá kl. 11-17 og um helgar frá kl. 13 - 16

Gerðuberg • sími 575 7700

Uppselt var á allar sýningar fyrir jóll!
5 aukasýningar í janúar

„Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri – ekki missa af Best í heimi“ TMM.S.A.

BEST Í HEIMI

„Meinfyndið sprell og eftirminnileg ádeila í frábærri sýningu“ KHH.FrbL

Sýnt í lönd

13. jan. laugardagur
19. jan. föstudagur
20. jan. laugardagur
26. jan. föstudagur
28. jan. sunnudagur

Miðasölusími lönd 562-9700
www.midii.is
www.idno.is

Geirmundur Valtýsson í kvöld

Fjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatsedill á leikfúlskvöldum

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumssýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 Landsvirkjun
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþorsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

Brilljantin kynnr POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)
Verkið er aðeins sýnt í viku. Frumsýning Sun 14. jan kl. 20 / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

Children Of Loki kynnr 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
Frumssýning Fös 26 jan kl. 20 / Lau 27 jan kl. 20 / Fös 2 feb kl. 20 / Lau 3 feb kl. 20

AUSTURBÆR
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími: 551 4700 / www.midi.is

Bakkynjur

Þjóðleikhúsið

Stóra sviðið kl. 20:00

STÖRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
Lau. 13/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 4/2 kl. 14:00, sun. 11/2 kl. 14:00.

BAKKYNJUR eftir Eirvíðs.
7. sýn. í kvöld fös. 12/1 örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1 nokkur sæti laus, fös. 19/1, fös. 26/1. - Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýningarnar 11., 12. og 18. janúar. Enginn aðgangseyrir.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Í dag, fös. 12/1 kl. 16:30 nokkur sæti laus, lau. 13/1 uppselt, þri. 16/1 kl. 20:00 uppselt, mið. 17/1 kl. 14:30 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, mið. 24/1 kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið 7/2 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

Kassinn kl. 20:00

SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Frumssýning fös. 19/1 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti laus.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 13/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 uppselt, sun. 14/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 örfá sæti laus og kl. 14:00 uppselt, lau. 20/1 kl. 11:00 nokkur sæti laus, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 uppselt, sun. 21/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 27/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 3. sýning Rauð kort Sun 21/1 kl. 20 4. sýning Græn kort Fös 26/1 kl. 20 5. sýning Blá kort Sun 28/1 kl. 20	Í kvöld kl. 20 UPPSELT Fim 18/1 kl. 20 UPPSELT Sun 21/1 kl. 20 Fös 26/1 kl. 20 Lau 3/2 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?	Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.
Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20 Fim 25/1 kl. 20 Fös 2/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20	AMADEUS
	Sun 14/1 kl. 20 Lau 20/1 kl. 20 Síðustu sýningar
SAN FRANCISCO BALLETTINN	FOOTLOOSE
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.	Fim 18/1 kl. 20 Lau 27/1 kl. 20 Síðustu sýningar
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800	Fim 17/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 14
MEIN KAMPF	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 14/1 kl. 20 AUKASÝNING Lau 20/1 kl. 20 AUKASÝNING Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING Síðustu sýningar	Sun 14/1 kl. 14 Sun 21/1 kl. 14 Sun 28/1 kl. 14
	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
	Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20 Fim 25/1 kl. 20 Síðustu sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



LADDI

Í SPILARANUM

Chris Garneau - Music for Tourists
Laddi - Hver er sinnar kæfu smiður
Annuals - Be He Me
Gruff Rhys - Candylion
The Good, The Bad & The Queen - The Good,
The Bad & The Queen



THE GOOD, THE BAD & THE QUEEN

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Kennir aðdáendum að spila lög sín

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, eða Mugison eins og hann er jafnan kallaður, hefur bryddað upp á skemmtilegri nýjung á heimasíðu sinni, Mugison.com. Þar hefur kappinn tekið upp gítarkennslu fyrir aðdáendur sína. Mugison skrifar að aðdáendur hans óski oft eftir upplýsingum um hvaða grip hann noti í hverju lagi og hann hafi ákveðið að bæta úr skorti á þessum upplýsingum.

„Ég er svo glataður í nöfnum á þessum gripum ... þannig að ég ætla að taka upp nokkur vídeó með þeim lögum sem þið eruð að biðja um,“ skrifar Mugison sem þegar hefur sett inn myndband af sér að spila lagið 2 Birds. Leiðbeiningar með því eru á ensku því það



var danskur aðdáandi sem bað tónlistarmanninn um það lag.

Mugison er hins vegar boðinn og búinn að setja inn myndbönd með leiðbeiningum á íslensku fyrir hérlanda aðdáendur. Hægt er að senda honum tölvupóst á netfangið mugison@gmail.com.

GÓÐUR VIÐ AÐDÁENDURNA Mugison hefur sett kennslumyndbönd á vefsíðu sína þar sem hægt er að læra að spila lög hans.




> Plata vikunnar

Jarvis Cocker - Jarvis

★★★

„Hann tók sinn tíma, en fyrsta sólóplata Jarvis Cocker veldur engum vonbrigðum. Heldur í Pulp-hefðina og kryddar sæmilegar poppsmíðar með afbrigðis textum.“

BÖS



TÓNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

Nýtt ár, nýjar stjörnur

Fjölmíðlar eru mjög vanafastir þegar það kemur að listaumfjöllun í kringum áramót. Síðustu dagar ársins fara í það að velja það sem þótti skara fram úr á árinu sem er að kveðja og fyrstu dagarnir eftir áramótin eru notaðir til þess að spá í það hvaða nýliðar séu líklegir til að slá í gegn á nýju ári. Þetta er mjög áberandi í tónlistarheiminum, sérstaklega í Bretlandi þar sem fjölmíðlar eru ólátir við að kynna til sögunnar nýja listamenn sem eiga eftir að bjarga tónlistarlífinu og sigra heiminn. Þó að það sé misjafnt hvað mikið af þessu gengur eftir og helmingurinn af þeim sem tilnefndir eru séu einfaldlega þau nöfn sem kynningarfulltrúar plötufyrirtækjanna sjá sér hag í að hlada lofi á hverjum tíma þá er samt alltaf gaman að skoða þessar tilnefningar. Nema hvað!

Og hvaða listamenn eru svo taldir líklegastir til að meikaða á árinu 2007? Sú hljómveit sem mest er látið með í Bretlandi er skosk og heitir The View. Hún kemur frá fátæku úthverfi Dundee-borgar og er helsta vonarstjarna plötufyrirtækisins 1965 Records sem James Endecott, maðurinn sem uppgötvaði The Strokes og The Libertines, stofnaði. Oasis og Primal Scream eru á meðal aðdáenda. NME setti hana á forsíðu nýliðatölublaðsins síns og Guardian veðjar líka á hana. Og tónlistin? Hressst og ungæðislegt rokk, en frekar hefðbundið samt. Fyrsta platan, Hats off to the Buskers, kemur út 22. janúar.

Önnur nöfn sem oft eru nefnd eru m.a. Noisettes („svar Breta við Yeah Yeah Yeahs“), Jamie T (strákur frá Wimbeldon sem blandar saman rappi og popplagasmíðum, – textarnir minna á The Streets), The Twang (fimmennningar frá Birmingham, „hinir nýju Stone Roses“), Mika (hann er fæddur í Beirut og minnr á Scissor Sisters), Sadie Ama (breskt r&b undur), Just Jack („í sama flokki og The Streets og Lily Allen“) og Airwaves og Íslandsvinirnir í Klaxons sem blanda saman gítarrokki, elektró og danstónlist. Fyrsta stóra platan þeirra, Myths of the Near Future, kemur út í febrúar...



ÍSLANDSVINIR Klaxons eru á meðal heitustu nýliða ársins 2007.

Aldrei of seint fyrir Noruh

Bandaríska tónlistarkonan Norah Jones gefur út sína þriðju sólóplötu 29. janúar næstkomandi. Platan nefnist Not Too Late og hefur að geyma þrettán glæný lög.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Thinking About You, kom út seint á síðasta ári og hefur fallið vel í kramið. Lagið er rólegt með blúsdum djasskeim eins og Noruh er von og vísa; bæði afslappandi og fallgett.

Nýja platan er sögð hennar persónulegasta til þessa og voru lögín samin annaðhvort af Noruh Jones einni eða með aðstoð bassa-leikarans Lee Alexander. Tóku þau jafnframt plötuna upp í sameiningu í heimahljóðveri þeirra.

Dóttir Ravi Shankar

Norah Jones fæddist í New Yorkborg 30. mars árið 1979 en ólst upp í Texas frá fjögurra ára aldri hjá móður sinni. Faðir hennar er indverski tónlistarmaðurinn Ravi Shankar, sem meðal annars starfaði með Bítunum á sínum tíma og þá aðallega George Harrison.

Hlustaði á Billie Holliday

Norah hlustaði mikið á Billie Holliday og Bill Evans á sínum yngri árum en fór ekki að hafa áhuga á að spila djass fyrr en í menntaskóla. Fljótlega fór hún að fá verðlaun fyrir frammistöðu sína og hóf að læra djasspíanóléik í framhaldinu. Í staðinn fyrir að ljúka háskólagráðu í píanóleiknum ákvað hún að einbeita sér að lagasmíðum.

Ekki bara snoppufríð

Norah gerði plötusamning við djassfyrirtækið Blue Note Records snemma á árinu 2001 og fór í kjölfarið að vinna að sinni fyrstu plötu, Come Away With Me.

Platan kom út snemma árs 2002 og sló umsvifalaust í gegn. Auk fallegrar tónlistarinnar vakti Norah athygli fyrir feður sína og fyrir að vera dóttir Ravi Shankar. Töldu margir hana einungis vera enn einn snoppufríða tónlistarmanninn sem ætti að eftir að hverfa í gleyskunnar dá.

Almenningur var ekki á sama máli og hefur platan selst í átján



NORAH JONES Bandaríska tónlistarkonan Norah Jones er að gefa út sína þriðju sólóplötu.

milljónum eintaka úti um allan heim. Vann Jones jafnframt átta Grammy-verðlaun fyrir plötuna.

Meiri kántríáhrif

Árið 2004 gaf Jones út sína aðra sólóplötu, Feels Like Home, þar sem hún blandaði enn á ný saman blús og djassi, auk þess sem kántríáhrifin voru meira áberandi en áður. Platan fékk góðar viðtökur eins og sú fyrri.

Little Willies

Árið áður byrjaði Norah að spila með hljómveitinni The Little Willies, sem lék lög eftir þekktu bandaríska sveitasöngvara á borð við Hank Williams og Willie Nelson. Sveitin fékk góðar viðtökur og fljótlega fóru Norah og félag-

ar að semja eigin lög. Má útkomuna finna á plötunni Little Willies sem kom út á síðasta ári. Á sama tíma var Jones í óða önn að semja lög á næstu sólóplötu sína sem brátt lítur dagsins ljós og margir hafa beið spenntir eftir.

Prófar leiklistina

Auk þess að gefa út sína þriðju sólóplötu mun Norah Jones sjást á hvíta tjaldinu í fyrsta sinn í kvikmyndinni My Blueberry Nights. Þar fer hún með eitt aðalhlutverkanna á móti þekktum nöfnum á borð við Jude Law, Natalie Portman og Tim Roth. Verður gaman að sjá hvort leiklistin sé eitthvað sem hún muni einbeita sér í auknum mæli að í framtíðinni. freyr@frettabladid.is

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi. Uppl. í s. 550-5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Nafn komið á nýja plötu

Næsta plata bresku hljómveitarinnar Kaiser Chiefs mun heita Yours Truly, Angry Mob og er hún væntanleg 26. febrúar.

Hún mun fylgja eftir plötunni Employment sem kom út 2005 og hefur selst í tæplega tveimur milljónum eintaka í Bretlandi. Innihélt hún meðal annars lögín Oh My God, I Predict a Riot og Everyday I Love You Less and Less.

Fyrsta smáskífulag nýju plötunnar nefnist Ruby og kemur það út 19. febrúar. Kaiser Chiefs mun síðan fara í tónleikaferð um Bretland í febrúar og mars til að fylgja plötunni eftir.



KAISER CHIEFS Hljómveitin Kaiser Chiefs gefur í næsta mánuði út plötuna Yours Truly, Angry Mob.

Ætlar ekki að gefast upp

Tónlistarmaðurinn og annar af meirihlutaeigendum húsnæðis Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar, Danny Pollock, jatar að allt líti út fyrir að efnaðir menn ætli sér að kaupa húsnæðið, eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær.

„Við eigum ekki annarra kosta völ en að taka tilboðinu með þeim fyrirvara að það náist samstarfs-samningur við Reykjavíkurborg um rekstur Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar,“ segir Danny. „TDM er í sinni skuldásúpu og við erum að vinna með borginni í þessum málum. Það tekur sinn tíma að vinna í svona málum með sveitarfélögum og ríkinu en tíminn er bara á þrotum. Eins og staðan er í dag verðum við að selja ef við náum samningi við borgina.“

Danny á meiri hluta húsnæðisins ásamt Jóni Sævari Þorbergssyni. Hann segist ekki fá mikinn pening í vasann verði af sölunni, en tilboðið frá Lindberg hf. hljóðar upp á 170 milljónir. „Nei, nei, það eru einhverjir smáaurar eftir þegar maður er búinn að borga skuldarnar. Húsið er dýrt og það hafa farið margar

milljónir í að endurfjármagna það. Við það hefur skuldabyrðin aukist. En maður losnar undan þessari persónu-

DANNY POLLOCK
Danny vonast til að rekstur Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar haldi áfram.



legu ábyrgð. Einstaklingur á ekki að eiga svona tómstundarhúsnæði,“ segir hann.

Danny segir að fjöldi hljóm-sveita sem æfa í TDM muni fara á götuna náist ekki samningar við borgina og bætir því við að í raun sé þörf fyrir tvöfalt stærra húsnæði til að anna eftirspurninni. Hann segist ekki ætla að leggja árar í bát þótt samningarnir náist ekki. „Þetta er grundvallaratriði fyrir tónlistarmeninguna. Ég er ekki maður sem gefst upp. Baráttan heldur bara áfram.“

Þess má geta að baráttutónleikar til stuðnings Tónlistarþróunarmiðstöðinni verða haldnir á morgun þar sem fjöldi hljóm-sveita mun koma fram.

> Lög vikunnar

The Fratellis - Chelsea Dagger
Drykkjusöngur af bestu gerð.



Avril Lavigne - Keep Holding On
Litla hjólabrettastelpan snýr aftur.



Eminem/50 Cent/Lloyd Banks - You Don't Know
Þrír góðir saman.

Siggi Laufdal - Í frelsarans nafni
Sonur trúbadorsins á Omega fer á kostum.



The Bicycles - Australia
Yndislegt popprokk frá Kanada.



RÍKUR Robbie Williams rakar inn seðlunum þrátt fyrir að tónlist hans sé umdeild. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Græðir á tá og fingri

Robbie Williams græddi vel á síðasta ári. Alls rakaði breski hjartaknúsarinn inn rétt tæpum milljarði íslenskra króna sem verður að teljast ansi gott. Velta fyrir tækis Robbie, The In Good Company Co Ltd, var 2,4 milljarðar króna en árið áður var veltan tveir milljarðar. Þetta þýðir að meðallaun söngvarans voru yfir 20 milljónum króna á viku.

Þessar tölur eru sérstaklega áhugaverðar í ljósi þess að nýjasta plata Robbie Williams, Rudebox, fékk blendnar viðtökur í Bretlandi. Þar fór Robbie nokkuð óhefðbundnar leiðir og var sakaður um að valda aðdáendum sínum vonbrigðum.



PETER, BJORN & JOHN Tónleikum sænsku sveitarinnar hefur verið frestað til 31. mars.

Tónleikum frestað

Tónleikum sænsku hljóm-sveitarinnar Peter, Bjorn & John, sem áttu að fara fram hér á landi 27. janúar, hefur verið frestað til 31. mars vegna óviðráðanlegra orsaka.

Að því er kemur fram í tilkynningu tónleikahaldara er ekki um að kenna áhugaleysi fyrir tónleikumum því nánast sé uppselt á þá. Hægt er að fá miðana endurgreidda til 15. janúar en annars gildir sami miði á tónleikana. Miðasala mun halda áfram með breyttri dagsetningu.

ÚTSALA

Allt að 70% afsláttur

Úrval ljósa á frábæru verði!

-30%

-30%

-30%

-50%

Næurljós, 3 í pk.

-70%

-50%

-30%

-30%

-50%

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opíð virka daga frá kl. 9-18 og laugardaga frá kl.11-16

REYKJAVÍKURNÆTUR: HARPA PÉTURSDÓTTIR ÆTLAR AÐ LÁTA BÓLUSETJA SIG FYRIR LEIÐINDUM**Mörsugur til mæðu**

Það er alltaf eins, alveg sama hversu marga janúar- og febrúarmánuði ég lifi þá eru þeir alltaf sístu mánuðir ársins. Það er frekar sorglegt að hugsa til þess að árið byrji á leiðinlegustu mánuðunum en þó má gleðjast yfir því að árið verður bara betra eftir því sem á líður. Það er bara svo mikið spennufall eftir jól og áramót.

Á Íslandi eru þessar hátíðir hæpaðar svo svakalega upp að flestir eru við það að tapa geðheilsunni og peningunum í leiðinni. Svo þegar öll herlegheitin eru yfirstaðin verður niðurtrippið átakanlegt. Ofan á þetta bætist svo auðvitað myrkrið og stuttir dagar. Saman er þetta banvænn kokkteill. En það þýðir vist ekki að einblína á vandann. Það er alltaf betri kostur að reyna að finna lausn á vandamálinu.

Sem skammtímalausn myndi ég leggja til einhverja breytingu á hversdagsbreytingu. Bara lítillæga, til dæmis að hverfa eitthvert á brott í smá

tíma, þó ekki væri nema upp í sumó eina helgi; halda matarboð eða smá teiti fyrir það fólk í kringum mann sem fær mann til að brosa. Það er kannski svolítið eigingjarnar að hugsa þannig en það er nokkuð öruggt að það myndi virka jákvætt á alla hina gestina. Við finnum vist flest öll fyrir þunga á þessum mánuðum.

Langtímalausnin gæti verið að fá sér kærasta, eða breyta bara afmælisdegi sambandsins eða hjónabandsins svo hann komi upp á janúar- eða febrúardag. Að hugsa fyrir því í apríl/maí að búa til barn svo það komi í heiminn á þessum tíma. Nota þennan árstíma til að flytja. Það heldur manni svo sannarlega við efnið. Nú og svo væri

sennilega besta lausnin að tjúna aðeins niður geðveikina um jólin svo spennufallið verði ekki jafn mikið.

Ég sá að minnsta kosti við vandamálinu og ætla að skella mér til Ítalíu á skíði í viku. Það er aldrei að vita nema það hressi aðeins og gefi manni smá vítamínsprautu í kroppinn fyrir komandi tíma. Ég segi ítarlega frá þeirri ferð í næstu viku þar sem þetta er alveg nýtt fyrir mér. Ég hef svo sem skoðað og upplifað Ítalíu í bæði hita og kulda, í suðri og norðri en aldrei ofan frá. Þetta verður því nýr vinkill fyrir mig. Svo er bara vonandi að ég fljúgi ekki fram fyrir mig, lendi á skíðaskónum hjá manningum í lyfturöðinni og brjóti á mér nefið eins og systir mín gerði svo smekklega. Það eru reyndar ágætis líkur á því þar sem ég er hreint afburðaslappur skíðamaður!

**Söngleikjafár á fjölunum á næstunni**

Fimm íslenskir söngleikjafár eru væntanlegir á fjalirnar í vor og haust og má því með sanni segja að söngleikjafár ríði nú yfir landið.

SÖNGLEIKJA-HÖFUNDUR Leg, eftir Hugleik Dagsson, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í febrúar.

Abbababb, byggt á samnefndri plötu Dr. Gunna, ríður á vaðið, en það verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu í byrjun febrúar. Dr. Gunni er potturinn og pannan í uppsetningunni: hann skrifaði verkið ásamt Felix Bergssyni, samdi fleiri lög í sýninguna og tekur þátt í tónlistarflutningum. Sigurjóni Kjartansson mun einnig bregða fyrir í

Í LEIKHÚSIÐ Jón Atli úr Hairdoctor leggur tónlistarstjóranum Halli lið í Gretti.

hlutverki herra Rökk, figúru sem þekkt er af barnaplötunni góðu.

Þjóðleikhúsið frumsýnir Leg eftir Hugleik Dagsson í febrúar. Davíð Þór Jónsson og hljómsveitin Flís standa fyrir tónlistinni í verkinu, sem fjallar um ástir og örlög óléttu unglingsstúlkunnar Kötú. Með hlutverk Kötú fer Dóra Jóhannsdóttir, en með henni á sviðinu verða meðal annars Atli Rafn Sigurðarson, Halldóra Geirharðsdóttir, Kjartan Guðjónsson og Elma Lís Gunnarsdóttir.

Ástir og örlög eru einnig í brennidepli í söngleiknum Ást eftir Gísla Örn Garðarsson og Víking Kristjánsson, sem fjallar um tvo eldri borgara á elliheimili. Víking-

SÖNGLEIKJAKÓNGUR Rúnar Freyr Gíslason hefur leikið í ófáum söngleikjum og leikstýrir nú Gretti í Borgarleikhúsinu.

LEIKSTÝRIR ÁST Gísli Örn leikstýrir söngleik um eldri borgara, sem hann og Víkingur Kristjánsson sömdu saman.

ur fer með hlutverk í sýningunni, sem Gísli Örn leikstýrir, en aðalhlutverkin eru í öruggum höndum þeirra Kristbjargar Kjeld og Magnúsar Ólafssonar. Magnús kemur þannig í stað Ragna Bjarna, sem upphaflega var orðaður við hlutverkið. Þeir Vesturportsbræður velja tónlistina ásamt Pálma Sigurhjártarsyni, en þar verða nýleg íslensk og erlend lög áberandi. Kór eldri borgara tekur jafnframt þátt í sýningunni, sem stefnt er á að frumsýna í Borgarleikhúsinu um miðjan febrúar.

Rúnar Freyr Gíslason leikstýrir Gretti eftir Ólaf Hauk Símonarson,

POTTURINN OG PANNAN Dr. Gunni skrifaði Abbababb ásamt Felix Bergssyni, samdi fleiri lög og tekur þátt í flutningi á þeim.

Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson undir sama þaki. Söngleikurinn fjallar um átök ungmennisins Grettis við frægð og frama og sjónvarpsdrauginn Glám. Halldóra Gylfason fer með hlutverk Grettis en tónlistarstjóri er Hallur Ingólfsson. Halli til fulltingis eru þeir Jón Atli Helgason úr Hairdoctor og Elís Pétursson og Þorbjörn Sigurðsson úr hljómsveitinni Jeff Who? Frumsýningardagurinn er 23. mars næstkomandi en æfingar hefjast í næstu viku.

Sokkabandið, sem samanstendur af leikkonunum Elmu Lísu Gunnarsdóttur og Arndísi Hrönn Egilsdóttur, vinnur að söngleiknum Hér og nú, sem er byggður á glanstímaritum og fólkinu sem þrýðir síður þeirra. Hjálmar Hjálmarsson leggur þeim stúlkum lið, en Baggalútur mun sjá um texta og tónlist. Að sögn Elmu Lísu mun leikhópurinn, sem enn er óákveðinn, og Baggalútur semja handritið saman, en vinna við söngleikinn er á frumstigi. Sokkabandið áformar frumsýningu í haust en enn er óvist á hvaða fjalir verkið kemst.

SÖNGLEIKJAÁR Elma Lís vinnur að söngleiknum Hér og nú ásamt Arndísi Hrönn Egilsdóttur og Hjálmar Hjálmarssyni, en hún leikur jafnframt í Legi.

**Ungaðslegar stundir**

með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars

Leyfðu okkur að koma þér og elskunni þinni á óvart þegar við leikum okkur í eldhúsinu og töfrum fram ferska og framandi fiski- fugla- og kjötrétti með ungaðslegum eftirréttum.

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330



ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI Barrymore og Moretti á góðri stund.

Barrymore á lausu

Drew Barrymore hefur sagt skilið við kærasta sinn til nokkurra ára, trymbilinn Fabrizio Moretti úr hljómsveitinni The Strokes. Ekki er langt um liðið síðan Barrymore ræddi um ást sína á Moretti í blaðaviðtali en vinir leikkonunnar segja að þau hafi smám saman rekið í sundur. „Drew fannst tímaþætt að þau tækju sér hlé frá hvort öðru.“

Sögusagnir þess efnis að parið ætti í erfiðleikum fóru á kreik í febrúar 2005 þegar Barrymore mætti ekki í brúðkaup söngvara The Strokes. Nokkrum mánuðum síðar sást parið rifast fyrir opnum tjöldum. Vinir parsins fyrrverandi segja að Barrymore sé of veraldarvæn fyrir Moriotti og hann kunnir ekki að meta vini hennar í Hollywood.

BT ÚTMINGARSALA BT

40" LCD VEGGSJÓNVARP

MEDION

MD30202
40" Medion LCD veggisjónvarp
Upplausn: 1366x768 HD ready

HD ready - Fyrir framtíðina

HDMI tengi - Tryggir stafræn gæði

8ms svartími - Fyrir sportið

176° áhorfsvinkill

Sleep timer (tímarofi)

Barnalæsing á tökkum - Fyrir öryggið

MEDION

40"

26.400.-
verðlækkun

15.799.-

~~215.988.-~~

7.102
*Tölvu- og tækjalán 36 mán.

15.799
*Vaxtalaust 12 mán.

189.588
Staðgreitt

UPPTÖKUTÆKI

Panasonic

DMREH65
Panasonic upptökutæki með hörðum diskum og DVD
Tæki sem einfaldar líf þitt – taktu upp án þess að finna tóma spólu
Þásaðu fréttirnar ef síminn hringir (TimeSlip)

5.499.-

~~77.988.-~~



250 GB

5.499
* Vaxtalaust 12 mán.

65.988
Staðgreitt

UPPTÖKUTÆKI

SONY

RDRHX722
Sony upptökutæki með hörðum diskum og DVD
Tæki sem einfaldar líf þitt – taktu upp án þess að finna tóma spólu
Þásaðu fréttirnar ef síminn hringir (TimeSlip)

160 GB



3.999.-

~~47.988.-~~

3.999
* Vaxtalaust 12 mán.

47.988
Staðgreitt

MYNDVARPI

15.999.-

~~239.988.-~~



50"

SONY

KDFE50A11
Sony 50"
3xLCD myndvarpi
50" sjónvarp!

15.999
* Vaxtalaust 12 mán.

191.988
Staðgreitt

TÖKUVÉL

4.999.-

~~67.988.-~~



Panasonic

VDRD250B
Panasonic DVD tökuvél
Vönduð 3. flögu vél
Leica Dicomar linsa

4.999
* Vaxtalaust 12 mán.

59.988
Staðgreitt

HEIMABIÓ

DAV-DZ410
Sony heimabíókerfi
EISA verðlauna
S-Master magnari
850W

SONY

4.999.-

~~65.988.-~~

4.999
* Vaxtalaust 12 mán.

59.988
Staðgreitt

HÁTALARI

999.-

~~3.999.-~~



Soundbug Breytir öllum flötum í hátalara
Smeltu Soundbug á gluggann í herberginu og breyttu honum í
hátalara fyrir mp3 spilarann þinn

FERÐASPILARI

FYRIR ÞJAPPAD VÍDEÓ OG TÓNLIST

MEDION

MD81238
2,5" LCD skjár 262.000 litir
512MB innbyggt minni
SD/MMC kortarauf
Bein upptaka frá t.d. Tökuvél yfir
á MPEG4
Spilar MP3 & WMA
Innbyggt útlarp
USB tengi



9.999.-

~~29.999.-~~

BÍLASPILARI

14.999.-

~~16.999.-~~

Panasonic

CQ1303
Panasonic bílgeislasplari
4x45W
MP3/WMA afspilun
Tengi að framan fyrir td. MP3 spilarann (iPod)

16.999.-

Nýtt í bíó

MEISTARAVERK EFTIR MEL GIBSON
APOCALYPTO

★ ★ ★ ★ ★
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON - FRETTLAÐIÐ

★ ★ ★ ★ ★
SIGVALDI - SVAZI - KÁLDALÓNS
DAGSKRÁRTÖÐI
FM957 / MORGUNPÁTTURINN ZÜBER

ENGIN FÆR FLÚID ÖRLÖG SÍN

16 LUXUS

★ ★ ★ ★
S.V. MBL

★ ★ ★ ★
H.J. MBL

SPRON 10

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

APOCALYPTO	kí. 5, 8 og 10.55	B.I. 16 ÁRA
SÝND Í LUXUS	kí. 5, 8 og 10.55	
THE BLACK DAHLIA	kí. 8 og 10.35	B.I. 16 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kí. 3.40 og 8	B.I. 7 ÁRA
KÖLD SLÖÐ	kí. 5.45, 8 og 10.15	B.I. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOÖRNIR	ÍSL. TAL	kí. 3.40
ERAGON	kí. 3.40 og 5.50	B.I. 10 ÁRA
CASINO ROYALE	kí. 10.15	B.I. 14 ÁRA
MÝRIN	kí. 5.50	B.I. 12 ÁRA

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á **mid.is**

JOSH HARTNETT SCARLETT JOHANSSON
LAMBORN ECKHART and HELENY SWANK

the Black Dahlia

FRÁ LEIKSTJÓRA SCARFACE OG THE UNTOUCHABLES
BYGGÐ Á SÖGU EFTIR HÖFUNÐ L.A. CONFIDENTIAL

16

FRÉTTAÐIÐ

SPRON 14

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

APOCALYPTO	kí. 6 og 9	B.I. 16 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kí. 5.50, 8 og 10.10	B.I. 7 ÁRA
CASINO ROYALE	kí. 6 og 9	B.I. 14 ÁRA
MÝRIN	kí. 5.50 og 8	B.I. 12 ÁRA
BORAT	kí. 10.15	B.I. 12 ÁRA

Toppmyndin á Íslandi í dag!

KÖLD SLÖÐ

VIV TOPPÍS
★ ★ ★ ★ ★
Gagnrýni, þagglunnið

FRÉTTAÐIÐ

20% afsláttur fyrir alla viðskiptavini Kaupþings
ef gætt er með korti frá Kaupþingi

FRÉTTAÐIÐ

græna ljósið

ATH: Ekkert hlé á myndum Græna ljóssins.

Borgarbíó SÍMI 462 3500

APOCALYPTO	kí. 8 og 10.40	B.I. 16 ÁRA
KÖLD SLÖÐ	kí. 6 og 8	B.I. 12 ÁRA
TENACIOUS D	kí. 10	B.I. 12 ÁRA
ERAGON	kí. 6	B.I. 10 ÁRA

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

the Black Dahlia

BYGGÐ Á SÖGU EFTIR HÖFUNÐ L.A. CONFIDENTIAL
MYND EFTIR BRIAN DE PALMA,
LEIKSTJÓRA SCARFACE
OG THE UNTOUCHABLES

16

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.30 b.i. 16

ARTÚR OG MÍNIMOÖRNIR

FRÁ LEIKSTJÓRA MIDDAGS
EFTIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

10

Sýnd kl. 4 ÍSL. TAL

www.laugarasbio.is

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

GEGGJUD GRÍNMYND

Employee of the Month

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10.10

JACK BLACK • KYLE GASS

TENACIOUS D

THE PICK OF DESERT

GEGGJUD TÓNLIST

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10.10 b.i. 12

MIDASALA ÖPNAR KL. 3.30



ÓMAR OG STEVE Þáttastjórnendurnir Ómar og Steve Sampling þeyta skifum í kvöld.

Orð eins árs

Haldið verður upp á eins árs afmæli hip hop-þáttarins Orð á Barnum í kvöld. Fyrsti árslisti þáttarins, sem er á dagskrá Flass 104,5, var fluttur á síðasta þætti og samanstóð hann af 25 bestu plötum ársins 2006 og 34 bestu lögnum.

Þáttastjórnendurnir Ómar og Steve Sampling munu stjórna málum í kvöld ásamt sérvöldum röppurum sem munu verma hljóðnemann. Þeir eru: Arkir, Thundercats, Kájoð og Kíló.

Húsið verður opið klukkan 21 og er aðgangseyrir enginn.



MANIC STREET PREACHERS Ný plata með sveitinni er væntanleg í vor.

Tvö lög frumflutt

Hljómsveitin Manic Street Preachers frumflutti nýverið tvö lög á tónleikum í Manchester. Sveitin hefur ekkert starfað síðan þeir James Dean Bradfield og Nicky Wire hófu sólóferil en ætla nú að reyna fyrir sér á nýjan leik eftir tveggja ára hlé. Platan Send Away the Tigers er væntanleg í vor og lofa þeir félagar góðri endurkomu þar sem ferskleikinn verður í fyrirrími.

Jackson gerir ekki Hobbit

Deilurnar milli Peters Jackson og kvikmyndafyrirtækisins New Line Cinema hafa blossað upp að nýju eftir ummæli forstjóra fyrirtækisins í sjónvarpsþætti.

„Jackson gerir ekki Hobbitann, ekki á meðan ég ræð ríkjum,“ sagði Bob Shaye, forstjóri New Line Cinema, í samtali við kvikmyndapáttinn Sci-Fi. Shaye vandaði nýsjálenska leikstjóranum ekki kveðjurnar í sjónvarps-



BOB SHAYE Vandaði leikstjóranum ekki kveðjurnar og sakaði hann um græðgi og yfirgang.

þættinum og sakaði leikstjóranum um græðgi og yfirgang. „Hann fékk mörg hundruð milljarða í greiðslur frá okkur og með réttu,“ sagði Shaye. „En svo snýr hann bara baki við okkur og vill ekki ræða málin heldur fer bara í mál og neitar að hefja samningaviðræður án þess að fyrir- tækið láti undan kröfum hans,“ bætti Shaye við og sagðist aldrei ætla að vinna með Jackson á ný. „Af hverju ætti ég að vilja það? Hann gerir aldrei kvikmynd hjá New Line Cinema aftur, ekki svo lengi sem ég er hér,“ lýsti Bob Shaye yfir.

Jackson er í málaferlum út af greiðslum vegna Hringadróttinssögu við New Line Cinema en hann hafði lýst yfir miklum áhuga á að gera kvikmynd byggða á Hobbitanum eftir J.R.R. Tolkien. New Line

Cinema á kvikmyndaréttinn en hún segir frá því hvernig Bilbó Baggi komst yfir hringinn og varðveitti hann í nokkur ár. Lengi vel leit út fyrir að þessi draumur Jacksons yrði ekki að veruleika þar sem New Line Cinema hafði lýst því yfir að Jackson kæmi ekki nálægt verkefninu vegna málaferlanna. Aðdáendur leikstjórans tóku sig í kjölfarið saman og mótmæltu þessari ákvörðun harðlega á vefsíðum sem lauk með því að Jackson og New Line Cinema sömdu vopnahlé en það hefur nú augljóslega verið rofið.

Peter Jackson brást strax við ummælunum og sagði í samtali við kvikmynda- tímaritið Variety að honum þætti miður að málið væri orðið persónulegt.

-fgg



BRITNEY SPEARS Söngkonan fór í róm- antíska siglingu með Isaac Cohen um síðustu helgi.

Á hraðbáti með Cohen

Söngkonan Britney Spears er sögð eiga í ástarsambandi við fyrirsæt- una og leikarann Isaac Cohen. Sáust þau sigla saman í hraðbáti undan ströndum Kaliforníu um síðustu helgi og létu þau vel hvort að öðru.

Cohen, sem er 25 ára, þykir ákaflega líkur fyrrum eiginmanni hennar, Kevin Federline, og þykir meira að segja klæða sig eins og hann. „Hann er góðhjartaður og á góða fjölskyldu sem ól hann vel upp. Hann er sannur herramaður,“ sagði umboðsmaður Cohen. Bætti hann því við að Cohen væri ekki með Britney til að fá athygli.

Garðar Thór bjartasta vonin í Bretlandi

Breska tímaritið Classic FM Magazine gerir ferli stórsöngvarans Garðars Thórs Cortes góð skil í febrúarhefti sínu og segir hann vera björtustu vonina í óperu-



ÁNÆGDUR UMBOÐS- MAÐUR Einar Bárðarson segist ekki hafa getað bedið um betri byrjun á árinu.

heiminum um þessar mundir, eða „Hot Property“. Classic FM Magazine er eitt vinsælasta tímaritið um sigilda tónlist í Bretlandi og selst í þúsundum eintaka. Í greininni má sjá að blaðið bindur miklar vonir við disk Garðars sem kemur út í febrúar og segir hann vera ómissandi í safnið. Skemmtilegan mola er að finna neðst á síðunni en þar er greint frá því að systir besta vinar Garðars sé besta vinkona söngkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur. „Ísland er lítið land,“ er útskýringin á þessum skrifum.

Einar Bárðarson, umboðsmaður Garðars, segir þetta vera stórkostlega byrjun á árinu og hann

hefði varla getað bedið um neitt betra en fyrsta sólóplata Garðars kemur út í byrjun febrúar. Hann vildi hins vegar lítið segja um yfirvofandi tilboð frá Universal sem Fréttablaðið hefur þegar sagt frá. „Það er fundur hjá okkur seint í næstu viku en hann er bara einn af mörgum,“ sagði Einar.

Garðar er nýkominn til landsins eftir langa útiveru í Bretlandi en hann hefur verið á tónleikaferð með Katherine Jenkins um gjörvallt Bretland og sungið fyrir fullu húsi.

-fgg

BJARTASTA VONIN Ferli Garðars eru gerð góð skil og miklar vonir bundnar við diskinn sem kemur út í byrjun febrúar.



HUGHJACKMAN CHRISTIANBALE
SCARLETTJOHANSSON MICHAELCAINE

EKKI MISSA AF ÞESSARI!

FRÁ LEIKSTJÓRA BATMAN BEGINS OG MEMENTO
THE PRESTIGE

MÖGNUM OG TÖFRANDI SPENNA SEM HELDUR ÞÉR Í HELJARGREIÐUM

Will Ferrell, Maggie Gyllenhaal, Dustin Hoffman, Queen Latifah, Emma Thompson

★★★ A.O. SIKKUS

Stranger than Fiction

FRÁBÆRLEGA FYNDIN OG SNÍÐUG GAMANMYND...

Children of men 16

★★★★ ES. FBL

FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★★ BAGGALATÚRS

KÖLD SLÓÐ

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ

GEGGJUÐ GRÍNMYND

Employee of the Month

FRÁ FRAMLEIÐENDUM WEDDING CRASHERS

Mynd eftir Óskarsverðlaunahafanum Clint Eastwood.

Flags of our Fathers

★★★★ P.J. FBL

WANGERMEYER ER HAFIÐ!

HAPPY FEET

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ

the Holiday

★★★★ KVIKMYNDIR.JS

DEJAVU

Háskólabíó			Háskólabíó		
THE PRESTIGE	kl. 6 - 9 - 10:20	Bl. 12	FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:30 - 8	Bl. 16
THE CHILDREN OF MEN	kl. 8 - 10:30	Bl. 16	DÉJÁ VU	kl. 10:40	Bl. 12
THE HOLIDAY	kl. 5:30 - 8	Bl. 7	THE DEPARTED	kl. 10:30	Bl. 16
KÖLD SLÓÐ	kl. 5:50 - 8	Bl. 16			

SAMBIÓIN / ÁLFABAKKA			SAMBIÓIN / KRINGLUNNI			SAMBIÓIN / KEFLAVÍK			SAMBIÓIN / AKUREYRI		
THE PRESTIGE	kl. 5:30 - 8 - 10:40	Bl. 12	THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:40 - 8 - 10:30	Bl. 16	THE PRESTIGE	kl. 8 - 10:30	Bl. 12	THE PRESTIGE	kl. 8 - 10:20	Bl. 12
THE PRESTIGE VIP	kl. 3:20 - 8 - 10:40		FRÁIR FÆTUR M/-Ísl.tal.	kl. 3:20 - 5:40	Leyfð	STRANGER THAN FICTION	kl. 8:10 - 10:30	Leyfð	HAPPY FEET m/Ísl.tal.	kl. 6	Leyfð
EMPLOYEE OF THE MONTH	kl. 5:40 - 8:10 - 10:40	Leyfð	HAPPY FEET M/-Ersk.tal.	kl. 3:20	Leyfð	FRÁIR FÆTUR M/-Ísl.tal.	kl. 3:40 - 5:50	Leyfð	EMPLOYEE OF THE MONTH	kl. 5:50 - 8	Bl. 12
STRANGER THAN FICTION	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30	Leyfð	SKOLAD Í BURTU M/-Ísl.tal.	kl. 3:20	Leyfð	HAPPY FEET M/-Ersk.tal.	kl. 3:40 - 5:50 - 10	DIGITAL	FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:40	Bl. 16
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:40	Bl. 16	ÓBYGGDIRNAR M/-Ísl.tal.	kl. 3:20	Leyfð	SKOLAD Í BURTU M/-Ísl.tal.	kl. 3:50	DIGITAL	THE CHILDREN OF MEN	kl. 8 - 10:20	Bl. 16
						DÉJÁ VU	kl. 10:30	DIGITAL			

www.SAMBio.is ☎ 575 8900

Skráðu þig á SAMbio.is

Regnskógahasar

Það er heldur betur sláttur á Mel Gibson í Apocalpto sem á ýmislegt sameiginlegt með fyrri leikstjórnarverkefnum hans, Braveheart og The Passion of the Christ. Helsti snertiflöturinn er grafískt ofbeldið sem hann veltir sér upp úr af miklum áhuga og list.



Þíslarsaga Krists var í meira lagi óþægileg á að horfa en þar tók Gibson sér góðan tíma í yfirgengilegar misþyrmingar frelsarans en fyrir utan viðbjóðinn vakti það uppátæki Gibsons að láta persónur myndarinnar tala útdauð tungumál verulega athygli.

KVIKMYNDIR

Apocalpto

Leikstjóri: Mel Gibson
Aðalhlutverk: Rudy Youngblood, Dalia Hernandez, Jonathan Brewer, Morris Birdyellowhead

★★★★

Apocalpto er ekta hasarmynd í glæsilegri umgjörð sögulegra atburða sem falla í skugga dæmigerðrar hetjusögu eftir Hollywood-uppskrifinni. Þetta kemur þó hvergi niður á spennunni sem er keyrð í botn og krydduð óþægilega vel útfærðu ofbeldi.

spennuvaldur þar til ungi maðurinn rís loks upp sem fullveðja veiðimaður. Verðugur arftaki hörkutólsins föður síns sem verður nánast ofurmannlegur í átökunum við þá sem ógna honum og fjölskyldu hans.

Hér mætast Tinnabókinn Fangarnir í Sólhöfinu og fyrsta Rambómýndin í hörkuspennandi uppgjöri einstaklingsins við ofurefli andstæðinganna. Gibson kann þessa formúlu upp á sína tíu fingur. Eiginlega of vel þar sem sagan er ansi hreint fyrirsjáanleg og kemur hvergi á óvart þar sem Gibson fer í öllum smáatriðum eftir handbók Hollywoodsins.

Afgreiðsla hans er hins vegar með slíkum ágætum og slíkur kraftur í keyrslunni að það gefst ekki ráðrúm til þess að láta þetta trufla sig. Þar fyrir utan er hasarformúlan jafn lífseig og raun ber vitni vegna þess að innst inni viljum við hafa þetta svona. Maður stynur því nánast af vellíðan og feginleik eftir að fjandinn verður laus á geggjúðum endasprenningum og myndin verður að klassísku hefndardrama með tilheyrandi karlagrobbi og testósteroni.

Gibson var legið á hálsi fyrir að fara máturega vel með sögulegar staðreyndir í Braveheart. Svipaðar gagnrýnisráddir eru byrjaðar að hljóma í kringum Apocalpto og hafi Gibson, öðrum þræði, hugsað sér að kafa ofan í Majamenninguna og skýra fall hennar þá ristir það ekki djúpt og er frekar mislukkað. En hverjum er svo sem ekki sama þegar á móti kemur annar eins hasarpakki?

Ungi veiðimaðurinn Pardusloppa býr ásamt þungaðri eigin konu sinni og ungu syni sínum í friðsömu veiðimannabörpi í miðjum regnskógi Mexíkó. Áhyggjulaust líf hans hrynur til grunna þegar herskáir Majar ráðast á þorpið, slátra fjölda íbúa og hneppa alla fullfríska karlmenn í varðhald sem mun enda með þrældómi eða mannförnum.

Pardusloppa sleppur ekki frekar en aðrir og er dreginn burt frá eigin konunni sem skilin er eftir í bráðri lífshættu. Ástin heldur lífinu í okkar manni í gegnum skelfilegar mannaunir og hann leggur ofurkapp á að sleppa áður en það verður um seina að bjarga litlu fjölskyldunni.

Ástarsagan er ósköp falleg og dæmigerð en svinvirkar sem

Þórarinn Þórarinnsson

Gísli Örn kynntur í Evrópu

Velgengni kvikmyndarinnar Barna heldur áfram og nú er ljóst að evrópski kvikmyndaiðnaðurinn bindur miklar vonir við leikarann Gísla Örn Garðarsson.



GÍSLI ÖRN Er ein af risandi stjórnunum í evrópski kvikmyndagerð.

Gísli Örn Garðarsson verður fulltrúi Íslands í Shooting Stars-vefnum sem haldið er á vegum European Film Promotion. Leikarinn fer því á kvikmyndahátíðina í Berlín þar sem verkefninu verður ýtt úr vör og verk hans verða kynnt. Gísli tekur við keflinu af Birni Hlyni Haraldssyni sem gegndi þessu hlutverki í fyrri og segir leikarinn að þetta sé kærkomið tækifæri til að gefa vinnunni smá frí.

„Skella sér í gleðskap og hafa gaman af,“ segir Gísli og hlær en hann þótti fara hamförum í hlutverki handrukkrans í kvikmyndinni Börn. „Þetta er líka ágætt að því leyttinu að ég er einn af framleiðendum Foreldra og fer því með báðar myndirnar út,“ bætir leikarinn við.



Gísli segist vera ánægður með að geta haldið áfram að kynna Börn því nú stýttist í frumsýningu Foreldra en hún verður 19. janúar. „Fínt að geta lengt aðeins í þessu

samfara því að kynna næstu verkefni,“ segir Gísli.

Börn var nýlega valin ein af tíu bestu myndum Evrópu af kvikmyndavefnum europeanfilms.net og er í pottinum þegar tilnefningar til Óskarsverðlauna verða tilkynntar 24. janúar. „Þau eru ansi fjarlægur draumur enda í kringum 200 myndir sem berjast um hituna,“ segir Gísli. „Að fá slíka tilnefningu yrði svona svipað og að vinna í Lottóinu á laugardaginn,“ segir Gísli.

HANDRUKKARINN
Gísli þykir fara hamförum í hlutverki handrukkrans í Börnum.

Ítölsk-íslensk veisla í kvöld

Ítölsk-íslensk raftónlistarveisla verður haldin í Stúdentakjallaranum í kvöld. Fram koma Evil Madness, Fabrizio Modonese Palumbo og Paul Beauchamp.

Fabrizio er meðlimur í hljómveitinni Larsen, og hefur unnið með tónlistarmönnum á borð við Jarboe, songkonu Swans, Michael Gira, Xiu Xiu, Current 93, Matmos, Deathprod, John Duncan og fleirum.

Paul Beauchamp er meðlimur í Blind Cave Salamander ásamt Fabrizio og hefur einnig unnið með Steve Mackey úr Stooges, Psychic TV, Bastard Noise, Kaminsky og fleirum.

„Það er ekki oft sem við fáum svona ferskar ráddir í raftónlistargeiranum og það er frábært að fá þá hingað,“ segir Jóhann

Jóhannsson, meðlimur Evil Madness, um þá Fabrizio og Beauchamp.

Á meðal fleiri meðlima Ewil Madness má nefna Sigtrygg Berg Sigmarsson og Helga Þórssson úr Stilluppsteypu, Dj Musician og Curver. Fyrsta plata sveitarinnar, Demon Jukebox, kom út í fyrri og fékk hún góða dóma hjá gagnrýndum bæði hér heima og erlendis. „Þetta eru í rauninni þriðju tónleikarnir okkar,“ segir Jóhann. „Við spilðum fyrst í Nýlistasafninu og síðan á Airwaves. Við höfum alltaf spilað nýtt efni á hverjum tónleikum og ég gæti trúað að það yrði raunin. Auðvitað munum við líka spila einhverja smelli af plötunni okkar.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22.00. - fb



JÓHANN JÓHANNSSON Jóhann verður í eldlinunni með Evil Madness í Stúdentakjallaranum í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

> Jafet ákveður sig í dag

Jafet Ólafsson, fyrrum framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar hf., mun tilkynna í dag hvort hann býður sig fram til formanns KSÍ. Jafet staðfesti við Fréttablaðið í gær að hann væri alvarlega að íhuga framboð. Framboðsfrestur rennur út þann 27. janúar, aðeins einn maður hefur þegar boðið sig fram og það er Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ.



sport
sport@frettabladid.is

HELGI VALUR DANÍELSSON: Á LEIÐ Í UPPSKURÐ Í FEBRÚAR OG VERÐUR FRÁ PAR TIL Í APRÍL

Fer líklega ekki frá Öster úr þessu

Árbæingnum Helga Vali Daníelssyni verður ekki að ósk sinni að fá að yfirgefa sænska 1. deildarliðið Öster. Liðið féll úr úrvalsdeildinni í haust og tilkynnti Helgi Valur forráðamönnum liðsins að hann hefði ekki mikinn áhuga að leika með liðinu í 1. deildinni.

„Ég er ekki vongóður um að fara til annars liðs upp úr þessu,“ sagði Helgi Valur sem er aftur kominn til Svíþjóðar eftir jólafrí. „Fórráðamenn liðsins hafa sagt að þeir ætli að halda öllum leikmönnum hjá liðinu og ætla að láta mig efnu þann þriggja ára samning sem ég gerði fyrir síðasta tímabili.“ Hann segir að þrátt fyrir allt lítið honum ágætlega á baráttuna sem er fram undan. „Við erum nú komnir með nýjan þjálfara og mikið af nýju fólki í stjórn og innra starfi félagsins. Fyrst það er ekkert annað í stöð-

unni get ég vel sætt mig við það að spila í 1. deildinni.“

Hann gegndi lykilmótum á miðjunni hjá Öster í fyrri og þrátt fyrir að hafa verið plagaður af nárameiðslum allt tímabilið spilaði hann þegar hann gat staðið í lappirnar á annað borð.

„Ég æfði lítið, kannski einu sinni í viku, og var fyrirleitt slæmur eftir leikina. Ég fer þó í aðgerð í febrúar sem vonandi mun laga þetta vandamál og verð ég af þeim sökum frá í tvo mánuði.“

Ég verð vonandi orðinn klár fyrir 15. apríl en þá hefst tímabilið.“

Hann mun því ekki gefa kost á sér í íslenska landsliðið sem mætir því

spanska í undankeppni EM 2008 í lok mars.

Hann missti einnig af leikjum gegn Svíum og Dönum í haust eftir að hafa meiðst í baki gegn Lettum ytra.

Helgi Valur kveðst ánægður hjá Öster þrátt fyrir fallið í haust. „Hér er fínt að búa og mér líður vel. Mér fannst reyndar að við værum með það gott lið að við ættum að geta haldið okkur uppi en það verður engu að síður erfitt að komast strax aftur upp. Það verður hörð samkeppni um

efstu sætin.“

spanska í undankeppni EM 2008 í lok mars.



7 DAGAR Í HM Í ÞÝSKALANDI



UNDIR PRESSU Ulrik Wilbek, þjálfari danska landsliðsins, segir sigur á Frökkum kalla á enn meiri pressu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Undirbúningsleikir fyrir HM:

Danir unnu Frakka

HANDBOLTI Danmörk vann Frakkland, 28-25, í fyrri æfingaleik þjóðanna fyrir HM í handbolta sem hefst í lok næstu viku. Frakkar eru með Íslandi í riðli en íslenska liðið gerði 28-28 jafntepli á móti danska liðinu um síðustu helgi. Danir voru tveimur mörkum yfir í hálfleik, 15-13 en staðan var 22-22 þegar 10 mínútur voru til leiksloka. Dönsku markverðirnir Kasper Hvidt og Peter Henriksson vorðu vel í leiknum, Hvidt kom inn og varði tvö víti í röð í seinni hálfleik og Heniksen varði úr mörgum dauðafæri á lokasprettinum. Hinn íslensk ættaði Hans Lindberg var markahæstur Dana með 5 mörk en þeir Lars Christiansen og Lars Møller Madsen skoruðu báðir 4 mörk. Nicola Karabatic var markahæstur Frakka með 9 mörk.

„Nú trúa örugglega allir að við verðum að halda okkur á jörðinni. Að vinna evrópumeistarara Frakka var kannski það versta sem gat gerst,“ sagði Ulrik Wilbek, þjálfari danska liðsins í léttum tón eftir leik.

- óóó

Ég er bara einn af strákunum

Alexander Petersson kom til Íslands í ævintýraleit átján ára gamall. Það var fyrir átta árum og í dag er hann einn lykilmanna íslenska landsliðsins í handbolta sem hefur leik á HM í Þýskalandi eftir rúma viku.

HANDBOLTI Nú þegar óðum styttist í HM í Þýskalandi fer handboltsál íslensku þjóðarinnar sístækkandi. Fram undan er heimsmeistarakeppnin í Þýskalandi, mekka handboltans í dag. Þar spila flestir bestu leikmenn heims og þar vilja flestir aðrir komast að. Einn þeirra sem hafa skapað sér nafn í bestu deildarkeppni heimsins er Alexander Petersson en hann gegnir einnig lykilmótum í íslenska landsliðinu.

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari fór ekki í grafögur með hrifningu sína á frammistöðu Alex, eins og hann er kallaður, í æfingamótinu í Danmörku um liðna helgi. „Vélmennið var á fullri keyrslu,“ sagði hann og vísaði þar með til óbilandi baráttuanda Alex og gífurlegrar þrautseigju. Mörgum er enn í fersku minni þegar hann kjálkabrotnaði snemma leiks gegn Rússlandi á EM í Sviss í janúar í fyrri. Hann kláraði leikinn og Ísland vann afar langbráðan sigur á rússneska birninum á stórmóti.

„Ég man að ég fékk stóran mann á mig og næstu tíu sekúndurnar var ég mjög ringlaður og vissi ekki hvar ég var staddur. Eftir það gerði ég ekki mikið í sókn en tók áfram á mönnum í vörninni. Ég var minntur ítrekað á meiðslin þegar ég reyndi að halda mönnum af öllum kröftum og beit þar með á kjálkann eins og maður gerir,“ sagði Alex við Fréttablaðið í gær.

ALEXANDER PETERSSON

Fæddur:	2. júlí 1980
Hæð:	186 sm
Þyngd:	90 kg
Leikstaða:	Hægra horn/Hægri skytta

FERILLINN:

TV Grosswallstadt

2006-07 15 leikir/67 mörk (4,5)

2005-06 28 leikir/139 mörk (4,9)

HSG Dusseldorf

2004-05 32 leikir/154 mörk (4,8)

2003-04 2. deild

Grótta/KR

2002-03 26 leikir/160 mörk (6,2)

2001-02 22 leikir/158 mörk (7,2)

2000-01 22 leikir/129 mörk (5,9)

1999-00 2. deild

1998-99 22 leikir/54 mörk (2,5)

LANDSLIÐSFERILL

Leikir: 39 (9 á stórmótum)

Mörk: 143 (30 á stórmótum)

Meðalskor: 3,7 (3,3 á stórmótum)

Ár eftir ár

2005 23 leikir/84 mörk (3,7)

2006 13 leikir/43 mörk (3,3)

2007 3 leikir/16 mörk (5,3)

„Það voru gríðarlega mikil vonbrigði að hafa ekki náð að klára mótið. Ég reyndi að fá lækninn til að gera bara eitthvað til að koma mér í lag en hann sagði mér að ég þyrfti að fara í uppskurð strax.“

Ísland tapaði í kjölfarið fyrir Króatíu og Noregi, missti af sæti í undanúrslitum og lenti í sjöunda sæti mótsins.

Tveimur mánuðum síðar var Alex aftur kominn á fullt en í haust hafa önnur meiðsla tekið sig upp. Hann sleit liðband í ökkla og hefur ekki jafnað sig að fullu.

„Ég get kannski lítið æft en ég vonast til að spila alla leiki. Ég er 90% viss um að ég haldist góður í Þýskalandi.“

„Vélmennið“ er 26 ára gamall, á íslenska unnustu og ungan son. Hann spilaði fyrst fyrir Íslands hönd á HM í Túnis fyrir tveimur árum og er þetta því þriðja stórmót hans sem er fram undan.

Hann segir að sér hafi þótt skrýtið að koma inn í íslenska landsliðið, umkringdur „öllum þessum stjörnum“ eins og hann segir sjálfur og bætur við að hann hafi ætíð lítið mikið upp til Ólafa Stefánssonar, núverandi fyrirliða.

Eftir fimm ára veru hjá Gróttu/KR var Alex búinn að vekja mikla athygli á sér og höfðu margir það á orði við hann að hann ætti að fá íslenskan ríkisborgararétt og spila með landsliðinu. Það yrði gott fyrir hans feril. „Já, af hverju ekki?“ sagði hann bara. „Í dag finn ég fyrir þjóðarstolti þegar ég stand í röð með landsliðinu og hlýði á þjóðsönginn. Ég hugsa um kærustuna og strákinn minn, horfi á fánann og veit að ég er heima. Ég geri mér grein fyrir því að mín tilfinning sé ekki endilega eins sterk og hjá hinum strákunum en nægilega sterk engu að síður.“

Fjölskylda hans í Lettlandi fylgist einnig vel með. „Þau hafa séð marga leiki með landsliðinu og styðja mig dyggilega og eru stolt af mér. Mér líður líka sjálfum vel í landsliðinu enda hefði ég aldrei getað náð eins langt með því lettenska.“

Fjölskylda hans í Lettlandi fylgist einnig vel með. „Þau hafa séð marga leiki með landsliðinu og styðja mig dyggilega og eru stolt af mér. Mér líður líka sjálfum vel í landsliðinu enda hefði ég aldrei getað náð eins langt með því lettenska.“



ALEXANDER PETERSSON Gegnir lykilmótum með íslenska landsliðinu í handbolta.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Aðspurður segir hann að hann líti ekki lengur á landsliðsfélaga sína sem „stjörnur“. Þess þó síður liður honum sjálfum eins og stjörnu.

„Ég var smeykur í upphafi en ekki lengur. Það eru allir á sama stalli í landsliðinu, hvort sem þeir eru reyndir eða ekki,“ sagði hann og segist ekki finna fyrir aukinni pressu vegna mikilvægi

síns í liðinu. „Ég er ánægður með að spila stórt hlutverk í liðinu en mér finnst ég vera venjulegur leikmaður, eins og allir aðrir í liðinu. Ég er ekki ómissandi en eftir að við misstum Einar Hólmgærrsson í meiðslum er ljóst að ekki má bera meira út af. En það er bara Óli sem er algjörlega ómissandi.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Stjörnuleikur KKÍ karla í körfubolta fer fram í DHL-höllinni á laugardag:

Fimm leikmenn gefa ekki kost á sér

KÖRFUBOLTI Fimm leikmenn voru valdir í Stjörnuleik KKÍ sem fer fram í DHL-höllinni á laugardaginn. Þetta eru þeir Friðrik Stefánsson, Hlynur Bæringsson og Brenton Birmingham sem voru valdir í íslenska liðið og þeir Darrel Flake og Jovan Zdravevski sem voru valdir í erlenda liðið. Fjölmíðlar völdu byrjunarliðin.

Hjá íslenska liðinu byrja Magnús Þór Gunnarsson (Keflavík), Páll Axel Vilbergsson (Grindavík), Sigurður Þorvaldsson (Snæfell), Hörður Axel Vilhjálmsson (Fjölnir) og Hreggviður Magnússon (ÍR). Benedikt



GÓÐUR Hreggviður Magnússon hefur verið í stuði með ÍR.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Guðmundsson þjálfar íslenska liðið og hann bætti við þeim Axel Kárasyni (Skallagrími), Pálma Frey Sigurgeirssyni (KR), Fannari Helgasyni (ÍR), Jóhanni

Ólafssyni (Njarðvík), Pétri Má Sigurðssyni (Skallagrími), Brynjari Þór Björnssyni (KR) og Agli Jónassyni (Njarðvík).

Hjá erlenda liðinu byrja Jeb Ivey (Njarðvík), Steven Thomas (Grindavík), Damon Bailey (Þór Þorlákshöfn), George Byrd (Hamri /Selfoss) og Nemanja Sovic (Fjölni). Einar Árni Jóhannsson þjálfar erlenda liðið og hann bætti við Lamar Karim (Tindastóli), Kevin Sowell (Þór Akureyri), Rob Hodgson (Þór Þorlákshöfn), Roni Leimu (Haukum), Justin Shouse (Snæfelli), Kareem Johnson (Fjölni) og Nate Brown (ÍR).

- óóó



Foreldrar

Íþróttaskóli Hauka, leikjaskóli barnanna, hefst á morgun laugardag, kl. 9.30

„Lengi býr að fyrstu gerð“



SPILA AFTUR SAMAN Helena Sverrisdóttir úr Haukum og Ingibjörg Skúladóttir úr Breiðablíki spila saman í Stjörnuleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þjálfarar í Stjörnuleik kvenna:

Trúir sínum liðum

KÖRFUBOLTI Ágúst S. Björgvinsson og Jón Halldór Eðvaldsson voru trúir sínum stelpum þegar þeir kusu í lið fyrir Stjörnuleik kvenna. Ágúst valdi fimm Haukastelpur í sitt lið og Jón Halldór valdi fimm Keflavíkurstelpur í sitt lið.

Leikurinn hefst klukkan 14 í DHL-höllinni á laugardaginn.

LIÐ ÁGÚSTS:

Helena Sverrisdóttir	Haukum
Pálína Gunnlaugsdóttir	Haukum
Krístún Sigurjónsdóttir	Haukum
Unnur Tara Jónsdóttir	Haukum
Sigrún Sjöfn Sæmundsdóttir	Haukum
Tamara Bowie	Grindavík
Íris Sverrisdóttir	Grindavík
Telma Fjalarsdóttir	Breiðablik
Ingibjörg Skúladóttir	Breiðablik
María Ben Erlingsdóttir	Keflavík
Latrece Bagley	Keflavík
Helga Jónasdóttir	ÍS

LIÐ JÓNS HALLDÓRS:

TaKesha Watson	Keflavík
Bryndís Guðmundsdóttir	Keflavík
Birna Valgarðsdóttir	Keflavík
Svava Ósk Stefánsdóttir	Keflavík
Margrét Kara Sturludóttir	Keflavík
Hildur Sigurðardóttir	Grindavík
Ingibjörg Jakobsdóttir	Grindavík
Jovana Lilja Stefánsdóttir	Grindavík
Lovisa Guðmundsdóttir	ÍS
Þórunn Bjarnadóttir	ÍS
Ifeoma Okonkwo	Haukum
Ragnheiður Theodórsdóttir	Breiðab.

Margir urðu hissa þegar David Beckham ákvað framtíð sína í gær:

Beckham til Bandaríkjana

FÓTBOLTI David Beckham gaf það út í gær að hann myndi hætta að leika með Real Madrid næsta sumar og mun hann í kjölfarið halda til Bandaríkjana þar sem hann hefur gert fimm ára samning við LA Galaxy. Beckham græðir vel á vistaskiptunum en samningur hans við Galaxy er metinn á 128 milljónir dollara sem gerir rúma 9 milljarða íslenskra króna.

„Real Madrid bað mig um að taka ákvörðun um framtíð mína í þessari viku. Hvort ég ætlaði að vera áfram hjá þeim næstu tvö árin eða fara annað. Eftir að hafa rætt möguleikana í stöðunni við fjölskyldu mína og ráðgjafa hef ég ákveðið að taka tilboði LA Galaxy og mun ég byrja að spila með þeim í ágúst,“ segir í yfirlýsingu sem Beckham gaf frá sér í gær.

„Ég vil þakka stuðningsmönnum og fólkinu í Madrid sem hefur látið mér og fjölskyldu minni líða vel hér og það er ekki síst út af þessu fólki að ákvörðunin var mjög erfið. Ég hef notið tímans á Spáni svo um munar og ég er þakklátur félaginu fyrir að gefa mér tækifæri til að spila með þessu frábæra félagi og fyrir þessa stórkostlegu stuðningsmenn. Ég er stoltur af því að hafa leikið með tveim stærstu félögum heims og ég bið spenntur eftir áskoruninni sem felst í því að gera stærstu íþrótt heims enn stærri í landi þar sem fólk hefur einlægán áhuga á íþróttum. Ég mun gefa allt sem ég á fyrir Real Madrid út þetta tímabil og ég trúir því að Fabio Capello geri liðið sigursælt



Á LEIÐ TIL HOLLYWOOD David Beckham og fjölskylda hefur ákveðið að flytja til Los Angeles næsta sumar en Beckham mun spila með LA Galaxy næstu fimm árin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

eins og það á skilið,“ segir enn fremur í yfirlýsingu Beckhams.

Dan Courtemanche, talsmaður bandarísku atvinnumannadeildarinnar, MLS, staðfesti að fulltrúar Beckhams væru búnir að ræða við Galaxy í þó nokkurn tíma.

„AEG og fólk frá LA Galaxy hefur verið að ræða við fulltrúa Beckhams. Beckham er í samstarfi við AEG, sem á LA Galaxy,

með knattspyrnskólann sinn. Viðræður hófust í þessum mánuði eins og löglegt er samkvæmt reglum FIFA,“ sagði Courtemanche.

AEG er eitt áhrifamesta fyrirtækið í bandaríska boltanum en fyrirtækið á LA Galaxy, Chicago Fire sem og Houston Dynamo. Fyrirtækið átti einnig DC United en seldi það fyrir í vikunni.

- hbg

Knattspyrnustjórinn José Mourinho segist ekki ráða neinu hjá Chelsea:

José fær ekki að kaupa nýja menn

FÓTBOLTI Það gengur ekkert hjá Englandsmeysturum Chelsea og til að bæta gráu ofan á svart þá fær knattspyrnustjórinn José Mourinho enga peninga til þess að styrkja liðið. Það var Mourinho sjálfur sem kom fram og sagði að hann hefði ekki fengið leyfi til þess að kaupa nýja leikmenn til Chelsea í janúar.

„Ég vil ekki gefa upp ástæður af hverju ég fæ ekki fjármagn til þess að kaupa nýja leikmenn því það er innanbúðamál. Það er enginn að koma til Chelsea og ef það kemur enginn þá fer heldur enginn leikmaður frá Chelsea. Ég get ekki misst neinn leikmann því við glíum við manneklun vegna meiðsla. Það er ekki mín ákvörðun að kaupa ekki

nýja menn því þetta er ekki mitt félag – ég er bara knattspyrnustjórinn,“ sagði Mourinho eftir 1-1 jafntefli við 2. deildarlið Wycombe í enska deildarbikarnum. Þessar fréttir þykja benda til þess að framtíð Portúgalans á Stamford Bridge gæti verið farin að stytta í annan endann. „Staða mín er ekki mikilvæg. Það sem er mikilvægt er Chelsea og liðið er í góðri stöðu. Við erum næstum því komnir í úrslit deildarbikarsins, erum í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar, komnir inn í 4. umferð bikarsins og erum í 2. sæti í deildinni. Ég er ekki mikilvægur, það er liðið mitt sem skiptir öllu máli og þannig hefur verið það verið allan minn feril,“ sagði Mourinho enn fremur.

Slæm en dýr kaup Chelsea á mönnum eins og Andriy Shevchenko og Michael Ballack í sumar hjálpa Mourinho ekkert í baráttunni fyrir fé í leikmannakaup. Framtíð José Mourinho hefur einnig verið milli tannanna á fólki, ekki síst þegar heyrðist af ósætti hans og Roman Abramovich, eiganda Chelsea.

Það hefur verið sagt og skrifað að takist Portúgalanum ekki að vinna Meistaradeildina í vor þá muni Roman skipta um mann í brúnni og nafn Guus Hiddink hefur verið nefnt í því sambandi. Chelsea hefur nú gert fjögur jafntefli í röð og hefur ekki unnið leik síðan á Þorláksmessu.

- 66j



3191 VARIÐ SKOT Dikembe Mutombo gefur ekkert eftir á fimmtugsaldrinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Dikembe Mutombo:

Í fullu fjöri 41 árs gamall

KÖRFUBOLTI Dikembe Mutombo verður 41 árs í sumar og hefur heldur betur gengið í endurnýjun lífdaga í NBA-deildinni í vetur. Þetta er fimmtánda tímabil þessa 218 cm og 118 kg miðherja frá Saír og eftir að hafa látið lítið fara fyrir sér undanfarnin ár hefur hann stokkið inn í sviðsljósið á síðustu vikum.

Mutombo hefur verið vara- maður Kínverjans Yao Ming hjá Houston Rockets undanfarin þrjú tímabil en þegar Yao Ming meiddist í síðasta mánuði þurftu Houston-menn að treysta á gamla karlinn og hann hefur ekki brugðist.

Mutombo var aðeins ryðgaður í byrjun en í síðustu átta leikjum hefur hann tekið 14,3 fráköst, skorað 5,0 stig og varið 2,0 skot að meðaltali. Í þeim síðasta, 102-77, sigri á Lakers var þessi fyrri besti varnarmaður deildarinnar með 5 varin skot og 19 fráköst.

Mutombo komst um leið upp í 2. sætið yfir flest varin skot í deildinni frá upphafi. Hann fór upp fyrir Kareem Abdul-Jabbar en vantar 639 varin skot til þess að ná Hakeem Olajuwon. Best af öllu fyrir Mutombo er að Houston-liðið hefur unnið sjö af þessum átta leikjum og það lítur út fyrir að þeir sakni Kínverjans frábæra ekkert allt of mikið. - 66j



UTAN VALLAR HENRY BIRGIR GUNNARSSON SEGIR SÍNA SKOÐUN

Formaður á flóttu

Það hefur verið áhugavert að fylgjast með framgöngu, og framkomu, formanns KSÍ, Eggerts Magnússonar síðustu vikur. Brátt lýkur 19 ára valdatíð Eggerts og verður ekki sagt að útganga formannsins sé glæsileg.

Það verður ekki tekið af Eggerti að hann hefur gert margt gott fyrir íslenska knattspyrnu og fjárhagsstaða KSÍ, sem og nýr og glæsilegur Laugardalsvöllur, ber vitni um. Einnig hefur öll umgjörð í kringum efstu deildir karla og kvenna batnað til mikilla muna sem er vel.

Hjá því verður þó ekki litið að eldar geysa víða og mikilvægir hópar innan hreyfingarinnar hafa borið skarðan hlut frá borði á þessu mesta velmegunarskeiði knattspyrnusambandsins. Það logar allt í illdeilum milli KSÍ og dómara landsins sem hafa svo sannarlega setið eftir á meðan launformannsins hafa hækkað eðlilega samhlíða launaþróun í landinu að því er gjaldkeri sambandsins segir.

Lítilsvirðing við konurnar

Skemmt er síðan að minnast þeirrar skammarlegu upphæðar sem KSÍ skaffar landsliðskonum Íslands meðan þær eru í verkefnum með landsliðinu. Um það mál hefur Eggert neitað að ræða með öllu og hann hefur gert sér lítið fyrir og skellt á þá

blaðamenn sem hafa verið svo „frekir“ að spyrja hann út í málið. Eru það eðlilegir stjórnarhættir?

Verðlaunaðir með boltum

Svo má ekki gleyma grasrótinni og litlu liðunum sem telja sig oft vera hlunnfarna í samskiptum við KSÍ. Má taka sem dæmi að KSÍ lét ekki krónu rakna af hendi til Snartar á Kópaskeri, sem hafði fengið hvatningarverðlaun sambandsins og fékk nokkra bolta að launum, þegar forráðamenn félagsins leituðu á náðir sambandsins með einhvern styrk svo þeir gætu keypt sér mörk sem er grundvöllurinn fyrir því að hægt sé að leika knattspyrnu.

Ekki króna kom frá KSÍ en einn leikmaður liðsins lét húðflúra mörk á sig í sjónvarpsþætti í skiptum fyrir alvöru mörk. Það var þessum einstaklingi að þakka, en ekki KSÍ, að knattspyrna var enn leikinn í því ágæta bæjarfélagi.

Nánustu samstarfsmenn ákveða launin

Fjármál sambandsins hafa oftast en ekki verið á milli tannanna á fólki og það vekur óeitanlega upp spurningar þegar í ljós kemur að það séu nánustu samstarfsmenn formannsins sem ákveði laun hans og að einungis mjög þröngur hópur – sjö manns

– viti nákvæmlega hvernig fjármálum KSÍ sé háttað.

Það vekur einnig athygli að formaðurinn sitji fundina þegar launin eru ákveðin – hann bregður sér frá rétt á meðan launatalan er ákveðin – og ekki er síður áhugavert að launin séu horfin af áætlunum og ársreikningi. Eru þetta eðlilegir stjórnarhættir? Hvað eru sömu einstaklingar að skaffa sér í dagpeninga og risnu þegar þeir ferðast á vegum sambandsins?

Það veit aðeins þessi þröngi hópur og hreyfingin verður áfram í myrkri með fjármálin verði engar breytingar á stjórn sambandsins því aðgengi að slíkum upplýsingum, og eflaust fleiri áhugaverðum, er takmarkað við þennan litla hóp.

Til að toppa allt saman er formaðurinn hættur að sækja fundi stjórnar KSÍ en á síðasta fundi tók hann þátt í gegnum síma og nú eru stjórnarmenn KSÍ sendir út

til London svo hægt sé að taka einn fund. Einkennilegt að formaðurinn geti ekki komið til Íslands í einn dag til að sinna starfinu sínu sem hann fær víst greitt fyrir.

Sýna valdhröka

Þetta nýjasta útspil er í takti við framkomu formannsins, og reyndar framkvæmdastjórans líka, undanfarin vikur. Þar er farið undan í flæmingi í erfiðum málum og fyrirsprungnum blaðamanna sem „dirfast“ að spyrja erfiðra spurninga er svarað með dónaskap og hroka sem einkennir menn sem hafa setið of lengi við völd.

Hvernig væri að þessir ágætu herrar gerðu einu sinni hreint fyrir sínum dyrum í stað þess að flýja án útskýringa og hreyta ónotum í þá sem spyrja? Eins og staðan er í dag þá er afar lítil reisn yfir útgöngu Eggerts Magnússonar sem virðist flúinn af landi brott og frá eldunum sem loga glatt í kringum KSÍ þessa dagana.



Undanúrslit bikarkeppni KKÍ: Endurtekning frá 2001?

KÖRFUBOLTI Það var dregið í undanúrslit Lýsingarbikarkeppni karla og kvenna í körfubolta í fyrrakvöld og það má segja að drátturinn sé endurtekning frá árinu 2001 en það ár komust einmitt karlaíð Hamars og ÍR óvænt í bikarúrslitaleikinn eftir útsigra í Keflavík og Grindavík.

ÍR-ingar mæta nú aftur til Grindavíkur en að þessu sinni fá leikmenn Hamars/Selfoss heima-leik gegn Keflavík. Keflavík og Grindavík mættust í úrslitaleiknum í fyrra. Í kvennaflokkki mætast Grindavík og Haukar í Grindavík og Keflavík tekur á móti Hamar alveg eins og hjá körlunum en þessi leikur fer hins vegar fram á Sunnubrautinni í Keflavík. - 66j

EM U19 kvenna á Íslandi: Sjö vellir hýsa keppnina

FÓTBOLTI KSÍ hefur gefið út á hvaða völlum verður leikið í úrslitakeppni EM U19 kvenna sem fram fer hér á landi í júlí næstkomandi. Leikið verður á sjö völlum, Akranesvelli, Grindavík-urvelli, Hlíðarenda, Kópavogsvelli, KR-velli, Laugardalsvelli og Víkingsvelli.

Annar hluti undankeppinnar fer fram í apríl næstkomandi en 24 lið í sex riðlum keppa þar um sjö laus sæti þar sem sigurvegari hvers riðils og liðið með bestan árangur í 2. sæti komast í úrslitakeppnina á Íslandi. Það verður dregið í riðla úrslitakeppnina í lok maí og verða tveir leikir sýndir beint á sjónvarpsstöðinni Eurosport. - 66j

Er ekki að bjóða mig fram vegna launanna

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, segist ekki vera að bjóða sig fram til formanns KSÍ vegna launanna. Hann segir að staða formanns KSÍ sé fullt starf og að verkefnið sé óþrjótandi fyrir tilvonandi formann.

FÓTBOLTI Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá ríkir leynd vegna launamála formanns KSÍ. Einnig kom fram í blaði gærdagsins að það væru nánustu samstarfsmenn formannsins sem ákveðdu laun hans og það á fundi sem Eggert Magnússon, formaður KSÍ, situr en hann stígur fram á gang á meðan gengið er frá launamálum hans. Einungis sex einstaklingar vita hvað formaður KSÍ hefur í laun og aðeins sjö einstaklingum er kunnugt um hvernig fjármálum sambandsins er nákvæmlega háttað.

Einn þeirra er framkvæmdastjóri KSÍ og formannsframbjóðandinn, Geir Þorsteinsson. Fréttablaðið spurði Geir að því hvort hann væri að bjóða sig fram vegna launanna.

„Ég býð mig fram til þess að vera starfandi formaður í knattspyrnuhreyfingunni. Ég mun ekki ákveða launin og er ekki að bjóða mig fram vegna launanna.“ sagði Geir en orðrómur hefur verið uppi um að hann ætli að leggja niður starf framkvæmdastjóra og þess í stað ætli hann sér að vera starfandi stjórnarformaður.

Geir segir þann orðróm ekki vera réttan. „Ég mun ekki leggja niður framkvæmdastjórastöðuna enda á að vera framkvæmdastjóri samkvæmt lögum sambandsins og ég mun ekki leggja fram neinar breytingatillögur um slíkt. Ég er



GEIR ÞORSTEINSSON Formannsefni KSÍ segir næg verkefni biða væntanlegs formanns KSÍ og að staðan sé fullt starf. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

ekki að fara að breyta stjórnkerfi sambandsins.“

Margir hafa ekki talið stöðu formanns KSÍ ekki vera fullt starf hingað til en Geir er því ekki sammála og segir auðvelt mál að gera formannsstarfið að fullu starfi.

„Ég er reiðubúinn að starfa af fullum krafti og ætla mér að gera það náí ég kjöri. Ef mér endist dagurinn til þá er þetta fullt starf. Ég held að það sé nóg starf dag og nótt að vera formaður KSÍ. Það byggist annars á hverjum og einum hversu mikið hann gefur af

sér í starfið. Það eru nóg tækifæri til að hafa óþrjótandi verkefni við að vinna að framgangi knattspyrnunnar.“ sagði Geir sem er að gefa frá sér gott starf sem er þar að auki vel launað.

„Það er rétt. Ég hef sinnt því starfi lengi og varð að glíma við þessa ákvörðun sem ég tók. Ég ætlaði ekki að vera eilífur í þessu starfi og það er ljóst að ég verð ekki framkvæmdastjóri KSÍ sama hvort ég náí kjöri eður ei.“ segir Geir Þorsteinsson.

henry@frettabladid.is

Algarve Cup 2007:

Geta best náð 7. sæti á mótinu

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið tekur þátt í Algarve Cup í mars næstkomandi og er í riðli með Ítalíu, Portúgal og Írlandi. Ísland tók sæti Wales.

Mótið er tvískipt, liðin í A- og B-riðli keppa um sex efstu sætin en tvö efstu liðin í riðli Íslands mæta neðstu liðunum í A-ö og B-riðli til að skera út um hvaða lið endar í 7. til 11. sætinu í mótinu. Íslenska landsliðið getur því best náð 7. sætinu á þessu móti sem fer nú fram í 14. sinn.

Ísland hefur tvískipt áður tekið þátt í þessu móti en það voru árin 1996 (6. sæti) og 1997 (7. sæti).

Leikirnir verða fyrsta verkefni Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar og Guðna Kjartanssonar með íslenska kvennalandsliðið -66j

Frjálsar íþróttir:

Skólaþraut hefst í febrúar

FRJÁLSAR Frjálsíþróttasambandið ætlar að virkja fimmtu og sjöttu bekkinga í skólum landsins og stendur fyrir Skólaþraut FRÍ í fyrsta sinn. Þrautin mun fara fram frá 1. febrúar til 1. maí og verður öllum grunnskólum í landinu boðið að taka þátt í henni.

Keppnisgreinar verða 120 metra spretthlaup, hástökk og kúluvarp. Íþróttakennarar skólanna geta framkvæmt þrautina í þremur leikfimitímum og og stuðst verður við unglingatöflur FRÍ við útreikninga stigakeppninnar. Átta efstu einstaklingum í hvorum aldersflokki af hvoru kyni verður síðan boðið á lokamót sem verður haldið um miðjan maí. - 66j

MÍN SKOÐUN
MEÐ VALTÝ BIRNI

ALLA VIRKA DAGA Á
X-INU 977 FRÁ 12-14.

X
977
ENGINN VIDEÓDUR



HAMINGJAN Á ENDA Jason Kidd hefur sótt um skilnað frá eiginkonu sinni, Joumana, eftir tíu ára hjónaband sem var enginn dans á rósum að því er hann segir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Jason Kidd stendur í erfiðu skilnaðarmáli:

Segir eiginkonuna hafa lamið sig í mörg ár

KÖRFUBOLTI Ein skærasta stjarna NBA-deildarinnar, Jason Kidd, leikmaður New Jersey Nets, hefur sótt um skilnað frá eiginkonu sinni til síðustu tíu ára. Málið hefur vakið mikla athygli vestra enda sakar Kidd eiginkonu sína um áralanga misnotkun, líkamlega sem andlega. Kidd sótti um skilnað degi eftir að hann fór fram á tímabundið nálgunarbann á eiginkonuna.

Í skilnaðarumsókninni er nákvæm lýsing á hegðun eiginkonu hans, Joumana Kidd, og henni lýst sem sjúklega afbrýðisamri. Í umsókninni kemur fram að Joumana hafi notað átta ára son þeirra til að laumast inn í

klefa Nets og stela síma Jasons. Joumana fór síðan í gegnum símaskrána og sms eiginnansins og eftir það skildi hún soninn eftir og fékk sér sæti inni í sal þar sem Jason var að keppa með Nets í NBA-deildinni. Þaðan jón hún fúkryðum yfir eiginnmann sinn meðan á leik stóð.

Jason heldur því einnig fram að hún hafi kúlt, sparkað og fleygt heimilismunum í sig eftir því sem hún versnaði með árunum. Jason heldur því einnig fram að hún hafi falið staðsetningarbúnað í bíl hans og tölvu. Þau hjónin eiga þrjú börn, átta ára son og fjögurra ára tvíbura.

- hbj

515 6100 | SYN.IS | VODAFONE



FERSK UPPLIFUN

LAUGARDAG KL. 20:50
ESPANYOL
BARCELONA
SPÆNSKI BOLTINN

BARÁTTAN UM

BORCINA

LAUGURDAG

18:50 Valencia - Levante
20:50 Espanyol - Barcelona

SUNNUDAG

15:50 Sevilla - Mallorca
17:50 Celta Vigo - Atletico
19:50 Real Madrid - Real Zaragoza



SYN
besta sætið

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30

X-Factor (8:20)

X-Factor er sönghæfileika-keppni þar sem keppendur eru á öllum aldri, allt frá sextán ára og upp úr. Einstaklingar og hópar taka þátt í keppninni og reyna að sannfæra dómara Einar Bárðarson, Elly og Pál Óskar um að þeir eigi erindi í sjálfa úrslitakeppnina sem fram fer í Smáralindinni. Í þætti kvöldsins skýrist endanlega hvaða tólf atriði komast í úrslit. Dómaramir fá það erfiða verkefni í þættinum að senda heim sex síðustu atriðin áður en sjálf úrslitakeppnin hefst í Vetrargarðinum en hún hefst 26. janúar.



VIÐ MÆLUM MEÐ AMERICAN DAD Á SIRKUS 19.30

Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa meðal annars kaldhæðin geimvera og þýskumælendi fiskur. Beittur húmor og mikið glens.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir	06.50 Bæn	07.00 Fréttir	07.05 Morgunvaktin	09.00 Fréttir	16.13 Hlaupanótan
09.05 Óskastundin	09.50 Morgunleikfimi	10.00 Fréttir	10.03 Veðurfregnir	10.13 Sagnaslóð	17.00 Fréttir
11.00 Fréttir	11.03 Samfélagið í nærmynd	11.20 Hádegisfréttir	12.45 Veðurfregnir	13.00 Vít og breitt	17.03 Viðsjá
14.00 Fréttir	14.03 Útvarpssaga: Slóð fiðildanna (9:23)	14.30 Miðdegistónar	15.00 Fréttir	15.03 Flakk	18.00 Kvöldfréttir
16.10 Veðurfregnir	16.13 Hlaupanótan	16.15 Hlaupanótan	16.20 Hlaupanótan	16.25 Hlaupanótan	18.25 Spegillinn

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7** X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

- 17:45** Presidents Cup 2007 - Official
- 18:10** Gillette Sportpakinn
- 18:40** X-Games 2006 - þáttur 7 Sjöundi þátturinn um X-Games-leikana árið 2006 sem haldnir voru í Los Angeles. Frábær tilbrif hafa sést í þessum þáttum í vetur og sem dæmi má nefna hafa áhorfendur fengið að sjá tvöfalt heljarstökk á vélhjól.
- 19:35** Spænski boltinn - upphitun
- 20:00** Ameríski fótboltinn Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum.
- 20:30** Pro bull riding Nautareid er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir.
- 21:30** World Supercross GP 2005-06 Súperkross er æsispennandi keppni á mótorcrosshjólum sem fram fer í íþróttahöllum á brautum með stórum stökkpöllum.
- 00:00** NBA deildin (Phoenix - Cleveland) Bein útsending frá leik Phoenix Suns og Cleveland Cavaliers í NBA körfuboltanum. Phoenix er eitt skemmtilegasta liðið í deildinni um þessar mundir og spilar mjög hraðan körfuknattleik þar sem mikið er skorað.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00** Nýjar eignir - Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
- 21.00** Einbýlishús - Ertu að leita að einbýlishúsi - þú finnur það hér!
- 22.00** Fjölbýli og hæðir - Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00** Nýjar eignir e.
- 0.00** SMS eignir - Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð.

DR 1

- 6.00** Den lille prinsesse **6.10** SKRÁL **6.30** Gnotterne **7.00** Gurli Gris **7.05** Thomas og Tim **7.15** Charlie & Lola **7.30** Hammerslag i Dubai **8.30** Chefredaktørens klub **9.10** Nationen **9.30** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor **10.00** Guldgraverne i Grønland **10.30** Kender du typen **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Grøn glæde **12.00** Rabatten **12.25** Aftenshowet **13.00** Aftenshowet **13.20** Film for Folket - hundrede år med Nordisk Film **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Becoming **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Fra Barbie til Babe **16.30** Hunni*show **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Vejret på DR1 **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA Award 007 **20.00** TV Avisen **20.30** Open Range **22.45** Chill Factor **0.25** Boogie Listen

NRK1

- 8.30** Klasse 9a **9.00** Siste nytt **9.05** Schrødingers katt **9.30** Tallenes historie **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** V-cup alpint: Utfør superkombinasjon, menn **12.00** Siste nytt **12.05** V-cup skiskyting: Sprint, kvinner **13.00** Siste nytt **13.30** V-cup alpint: Slalåm superkombinasjon, menn **14.00** Siste nytt **14.05** EM skøyter 2007: 500 og 5000 m menn **15.00** Siste nytt **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** NRKs sportsfredag **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Franklin **17.10** Mekke-Mikkel **17.25** Pingvinen Jasper **17.30** Lure Lucy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Poliagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Seks fot under **23.05** Pet Shop Boys: Et liv med pop **23.55** Alfred Hitchcock presenterer

SVT 1

- 6.00** Gomorron Sverige **11.00** Rapport **11.05** Kungen av Antarktis **11.55** Inför Svenska Idrottsgalan 2007 **12.05** Skidskytte: Ruhpolding **14.00** På spåret **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Norska kungafamiljen 2006 **17.00** Højdarna **17.25** Budfirman Bums **17.30** Pelikanmannen **18.00** Fredagsrøy **18.30** Rapport **19.00** Revykungen **20.00** Lewis **21.35** Fredsprisconserten **22.35** Rapport **22.45** Kulturnyheterna **22.55** Mandomsprovet **0.40** Sändningar från SVT4



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða í annað sinn 22. febrúar nk.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk sem á skilið að fá hraustlegt klapp á bakið og er þess verðugt að fá slík verðlaun.

Allir koma til greina, allt frá óþekktum einstaklingum til félagasamtaka eða þjóðþekktara karla og kvenna sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum til fyrirmyndar.

Samfélagsverðlaunin verða veitt í sex flokkum:

1. Hvunn dagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2. Uppfræðari ársins

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað framúr og látið gott af sér leiða.

3. Framlag til æskulýðsmála

Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

4. Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

5. Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem hefur helgað líf sitt baráttu fyrir betra samfélagi.

6. Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningum með því að fara inn á visir.is, með tölvupósti á netfangið

samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða bréfléiðis merkt **Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð**

24, 105 Reykjavík. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út **23. janúar**. Dómnefnd mun taka allar innsendar tillögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir og verðlaun afhent við hátíðlega athöfn **22. febrúar**.



SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

HRÓSID ...



... fær hin niútu og sex ára Ólöf Sigurrós Ólafsdóttir, sem lætur aldurinn ekki aftra sér og syngur af lífi og sál á söngvökum Félags eldri borgara.

Skiptar skoðanir um Middleton á Íslandi

Breska konungsfjölskyldan hefur verið í kastljósinu undanfarna daga, sér í lagi Vilhjálmu og kærasta hans, Kate Middleton, og gera fjölmiðlar því skóna að trúlofun sé handan við hornið. Middleton hefur þegar unnið hug og hjörtu bresku þjóðarinnar en á Íslandi eru skoðanir skiptar meðal aðdá-



MIDDLETON Þykir vel þegin andlitslyfting fyrir konungsfjölskylduna.

enda aðalsfélks. „Við erum hæstánægð með hana, hún er frábær,“ segir Eyrún Ingadóttir, kammerjómfrú Hins konunglega fjelags. „Hún minnir um margt á Díönu heitna prinsessu, móður Vilhjálms, er alþýðleg og prúð og á bygglega eftir að reynast konungsfjölskyldunni vel eftir hremmingar síðustu ára.“

Hildur Helga Sigurðardóttir blaðamaður er hins vegar ekki jafn hrifin af Middleton. „Hún virðist gjörneydd öllum persónuleika út á við en hann á kannski eftir að koma í ljós þegar konungsfjölskyldan hefur niðst á henni í nokkur ár.“



HILDUR HELGA Þykir Middleton gjörneydd persónuleika.

Engu að síður telur Hildur hana vel þegna andlitslyftingu fyrir konungsfjölskylduna, sem þurfi á fersku blóði að halda umfram blátt. „Það er ekki mikið um fram-bærilegar prinsessur nú til dags auk þess sem það er bara hollt fyrir þessa fjölskyldu að giftast út fyrir eigin raðir. Þau geta verið Díönu ævinlega þakklát að prinsarnir eru myndarlegir og börnin eiga sjálfsgagt bara eftir að fríkka með aðstoð Middleton.“

Hildur vonar þó að Middleton reynist ekki jafn saklaus og trúgögn og Díana var lengi framan af og hafi bein í nefinu. „Og vonandi hefur konungsfjölskyldan lært eitthvað af reynslunni. Ef hún heldur rétt á spilunum gæti þessi stúlka reynst þeim afar dýrmæt.“ -bs

EYRÚN INGA-DÓTTIR Er hæstánægð með Middleton og þykir hún minna á Díönu.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT:

2 eldhúsahald 6 hvað 8 þangað til 9 hljóma 11 samtök 12 leyfir 14 rífa 16 grískur bókstafur 17 lágvær niður 18 kúgun 20 guð 21 steintegund.

LÓÐRÉTT:

1 ofneysla 3 tveir eins 4 krappur 5 flýti 7 heimsálfa 10 fæða 13 suss 15 hástétt 16 ot 19 gangþófi.

LAUSN:

LÁRÉTT: 2 ausa, 6 ha, 8 uns, 9 óma, 11 aa, 12 telur, 14 raspá, 16 pl, 17 súð, 18 oki, 20 ra, 21 tálk.
LÓÐRÉTT: 1 óhöf, 3 nu, 4 snarpu, 5 asa, 7 amerka, 10 ala, 13 uss, 15 aðal, 16 pól, 19 ll.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Søren Gade
- 2 Cantat-3
- 3 Magna Ýr Hjálmtýsdóttir og Róbert Dan Sigurðsson

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



MAGNI Var neitað um vegabréfsáritun til Bandaríkjanna en vonast til að málið skýrist í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

MAGNI ÁSGEIRSSON: NEITAD UM VEGABRÉFSÁRITUN TIL BANDARÍKJANNA

Aðdáendur hóta aðgerðum gegn yfirvöldum

Magna Ásgeirssyni hefur verið neitað um vegabréfsáritun til Bandaríkjanna en hann er bókaður í tónleikaferð þar með Rock Star: Supernova. Söngvarinn vildi lítið tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. „Það varð eitthvað smá klúður í umsókninni en fólk í Los Angeles er að vinna í þessu og reynir allt hvað það getur gert,“ sagði Magni. Hann taldi góðar líkur á því að greitt yrði úr flækjunni í dag og hann gæti því haldið utan sem fyrst.

Magni er sem kunnugt er bókaður í tónleikaferð með hljómsveitinni Rock Star: Supernova og Húsbandinu en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum eru allar líkur á því að hann taki stöðu gítarleikara í síðarnefndu hljómsveitinni.

Magni greindi fyrst frá þessu á aðdáendasíðu sinni, magni-ficent.



ROCK STAR: SUPERNOVA Magni er bókaður á sex vikna tónleikaferð með hljómsveitinni um Bandaríkin.

com, og sagði að líf hans væri nógu flókið um þessar mundir þótt ekki bættist ofan á að honum hefði verið neitað um vegabréfsáritun. „Ég hef ekki hugmynd um hvers vegna,“ skrifar Magni sem augljóslega tekur þessu mjög persónulega. „Kannski er ég ekki nógu sérstakur sem listamaður,“ bætir hann við. „Þetta er móðgun við mig sem listamann og ég ætla

ekki að taka þessu þegjandi og hljóðalaust,“ bætir hann við.

Ekki stóð á viðbrögðum aðdáenda hans sem voru margir hverjir undrandi á þessari ákvörðun bandarískra yfirvalda og eru hneykslaðir yfir framkomunni í garð söngvarans. Margir hinna bandarísku gesta segjast skammast sín fyrir stjórnvöld sín og bjóðast til að ræða málin við þingmenn fulltrúadeildarinnar eða sendiherrann. „Hringdu í Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra og láttu hana redda þessu,“ skrifar notandinn goodonyou. „Hún þarf á atkvæðum þínum að halda,“ bætir hann við. Notandinn Ida segist hafa sent bréf til Valgerðar og bíðlar til annarra að gera slíkt hið sama til að þrýsta á vegabréfsáritunin verði veitt sem fyrst því annars verði gripið til stórtækra aðgerða.

freyrgigia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu hafa þeir **Daniel Ágúst Haraldsson** og **Krummi** í Mínum bundist tryggðarböndum og hefur sveitin nú bæði verið skírð og fengið liðsauka. Hljóm-sveitin hefur verið nefnd Esjan og hafa þeir **Frosti Jón Runólfsson** og Halldór,



hljómborðsleikari úr jaðarsveitinni The End, gengið til liðs við þá. Daniel og Krummi ætla að koma víða fram í Reykjavík á næstu dögum en hyggjast svo leggjast í vikning á fjarlægum slóðum.

Eitt af partium ársins verður haldið annað kvöld þegar Glitnir býður lykilstarfsmönnum sínum og stórum viðskiptavinum til galadansleiks í nýju Laugardalshöllinni. Þetta er annað árið í röð sem dansleikur sem þessi er haldinn, en hann þótti heppnast afar vel í fyrra. Yfirskrift ballsins er Stefnumót við stjórnurnar. Alls 600 manns er boðið að þessu sinni og ríkir mikil eftirvænting eftir því hvaða skemmtiatriði verða í boði. Í fyrra lét forstjór-anum **Bjarna Ármannssyni** sig ekki muna um að stíga dans föngulega dömu sem skemmti á ballinu við mikinn fögnuð viðstaddra. Nú spyrja flestir sig hverju Bjarni tekur upp á annað kvöld.

- fgg/hdm



Piparsveinn í fjárhagskröggum

„Það fór eiginlega allt illa sem gat farið illa meðan á þessu Bacheolor-dæmi stóð,“ segir piparsveinninn víðfrægi, Steingrímur Randver Eyjólfsson. Í Lögbirtingablaðinu kemur fram að bú Steingríms verði tekið til gjaldþrotaskipta hinn 19. mars. Steingrímur segir



hins vegar að hann sé búinn að redda málunum fyrir horn en viðurkennir að raunveruleikabátturinn hafi farið ansi illa með hann. „Ég

JENNY Fangaði hjarta Steingríms í þáttunum en sambandið hélt ekki.

ætla ekki að skella skuldinni á þáttinn sjálfan heldur eru þetta svona óbeinar afleiðingar af honum,“ segir hann.

Steingrímur hefur látið lítið fyrir sér fara síðan farið vegna þáttarins gekk yfir og segist einfaldlega hafa verið að vinna eins og skepna til að greiða niður skuldir. „Ég hef eiginlega bara verið að vinna og borga,“ segir hann.

Steingrímur er í málaferlum vegna útistandandi skulda sem hann á inni hjá aðilum úti í bæ og segir að þetta sé leiðindamál. „Ég er duglegur strákur og á eftir að ná mér upp úr þessu,“ segir Steingrímur. „Ég vissi að þetta stefndi í óefni þegar við byrjuðum að taka upp þáttinn og ég lét þau vita af því. Ég var hins vegar samningsbundinn þættinum og var hótad háum skaðabótgreiðslum ef ég hætti við. Ég átti því í fá hús að vanda,“ útskýrir Steingrímur sem segist hafa verið ein taugahruga

þegar endalok þáttarins nálg- uðust enda vissi hann þá að fjármálin heima fyrir voru á rangri leið. Hann horfir hins vegar björtum augum til framtíðar og segist fullviss um að nú geti hlutirnir bara batnað. - fgg

STEINGRÍMUR Segir gjaldþrotið vera óbeinar afleiðingar af þátttöku sinni í Bachelor.



SÚR HVALUR
SÚRT RENGI
HARÐFISKUR

FISKBÚÐIN
HAFBERG

Gnóðavogi 44, s. 588 8686. Opíð alla laugardaga 11-14

Nýtt í bíó

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!

MEISTARAVERK EFTIR
MEL GIBSON

A P O C A L Y P T O



GOLDEN GLOBE
TILNEFNING
BESTA ERLENDA MYND ÁRSINS



HÖRKU REGNSKÓGAHASAR SEM GIBSON AFGREIÐIR MEÐ FÍTONSKRAFTI. ÞETTA ER ALLUR ÞAKKINN, ÁSTIR, DRAMATÍK, RUDDALEGT OFBELDI OG SPENNA SEM RÍGHELDUR FRÁ UPPHAFI TIL ENDA.

ÞÓRARINN ÞÓRARINNSSON - FRÉTTABLAÐIÐ



MJÖG VÆGT TIL ORÐA TEKID "FRÁBÆR MYND". MÖGNUM SPENNA OG MAÐUR NÆR HELDUR BETUR AD LIFA SIG INN Í MYNDINA FRÁ FYRSTU MÍNÚTU.

SIGVALDI "SVALI" KALDALÓNS
DAGSKRÁRSTJÓRI FM957/MORGUNÞÁTTURINN ZÚBER

**ENGIN FÆR FLÚIÐ ÖRLÖG SÍN
FRUMSÝND Í DAG!**

 **BÍÓ.IS**

 **REGNBOGINN**

 **SMÁRRA BÍÓ**

 **Borgarbíó**

 **midi.is**

**BAKÞANKAR**
ÞORBJÖRG S.
GUNNLAUGSDÓTTIR

10. dagur

Þegar þetta er skrifað er ég á tíunda degi áramótaheitis. Hafi reynslan kennt mér eitthvað er það að kúrar virka ekki. Í ár er það því lífsstílsbreyting sem að er stefnt. Það er góður byr í seglunum og 620 grömm farin. Eftir standa 6.380. Skemmtilegasti þáttur nýja lífsstílsins er einmitt að stíga á vigtina og fylgjast með grömmunum fjúka. Mikilvægt er að eiga vigt sem mælir þyngd nákvæmlega. Silki-náttkjöll getur skipt sköpum.

STÆRSTI ókostur nýja lífsstílsins er sennilega sá að maður er allt að því óvinnufær. Blóðruna þarf að tæma títt vegna vatnsþambs upp á nokkra lítra per dag. Hæfilegum metnaði fylgir líka vigtun reglulega yfir daginn. Sömuleiðis þarf að vigta og mæla hvern bita nákvæmlega til að sannreyna að brauðsneiðin vegi 30 grömm og að áleggjið, sem er að eigin vali, vigti 25. Þetta er þó smávægilegt gjald fyrir nýjan lífsstíl.

HELSTA klögumál mitt í fyrri megrunum hefur tengst því að þurfa að borða minna. En í nýja lífsstílnum ku árangurinn felast í því að borða sig grannan. Kúrin er sagður skila tonni á móti því tonni sem fólk bætir venjulega á sig í öðrum kúrum. Á nýju ári hef ég af áfergju lesið viðtöl við fólk sem hefur náð undraverðum árangri með því einu að breyta öllum lifnaðarháttum og misst tugi kílóa fyrir vikið. Áhugasöm hef ég skoðað myndir af hvunnudagshetjum á slitnu stofugólfinu heima hjá sér, gjarnan vopnað vídeospólu með Ágústu Johnson.

LEIÐIRNAR í baráttunni við aukakílóin eru margar. Ég man eftir fínunum frúm á Scarsdale Medical, 14 daga dietkúrnum, auk hefðbundinna sítrónukúra, mjólkurduftskúra og kolvetniskúra. Nýstárlegri leiðir eru kaffi/sígókúrin og vodkákúrin. Frumlegast fannst mér þó að lesa frétt um norskan mann sem ætlar að borða sig nógu feitan til að komast í magaminnkunaraðgerð.

ÁÐUR fyrr fór ég að huga að áramótaheitinu í desember og taldi kaloríurnar á jólahlaðborðum. Um miðjan janúar var ég sprungin í samfloti við meirihluta þjóðarinnar. Í mars var heitið gleymt og hið ljúfa líf tók við þangað til í desember að áhyggjurnar helltust yfir mann. Aldrei meir. Nú er nýtt líf hafið og að ári verða 6.380 grömm-in farin.

NÆSTA áramótaheit verður svo sennilega að bæta samband við fjölskyldu og vini sem óhjákvæmlega fer í súginn með nýju lífi svangrar og viðskotailrar konu.

www.volkswagen.is

Golf-áhugamenn ATHUGIÐ!



Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

Golf Trendline kostar aðeins 1.998.000 kr.

Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið



Gefðu
dýrmætasta
efni í heimi

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is